



NU SKIN®  
DISCOVER THE BEST YOU™

Stefnur og starfsreglur

Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka (EMEA)

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	ii
Chapter 1. Samstarfsreikningur þinn fyrir vörumerki .....	1
1 Að verða samstarfsaðili vörumerkis .....	1
1.1 Umsókn um að verða samstarfsaðili vörumerkis .....	1
1.2 Einn einstaklingur á hvern samstarfssamning vörumerkis.....	3
1.3 Aldursmörk.....	3
1.4 Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði.....	3
1.5 Búseta.....	3
1.6 Fyrri samstarfsaðilar vörumerkis.....	4
1.7 Makar og sambúðarfólk.....	4
1.8 Samþykkt samstarfssamnings vörumerkis þíns .....	5
1.9 Skattkennitala .....	5
1.10 Rekstrarfélög .....	5
1.11 Breytt um rekstrarfélag.....	6
1.12 Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði.....	6
2 Upplýsingar um einkahagi.....	6
3 Viðhald samstarfsreiknings vörumerkis þíns .....	7
3.1 Að halda samstarfssamningi vörumerkis og fyrirtækisskráningunni í gildi .....	7
3.2 Bæta við nýjum þátttakanda .....	7
3.3 Samstarfsreikningur vörumerkis hafinn undir nýjum stuðningsaðila.....	8
3.4 Einn samstarfssamningur vörumerkis á einstakling .....	8
3.5 Yfirtaka hagsmuna og samruni samstarfsreikning vörumerkis .....	8
4 Flutningur og lok samstarfsreiknings vörumerkis þíns.....	9
4.1 Flutningur samstarfsreikninga vörumerkis.....	9
4.2 Framsal við andlát.....	9
4.3 Skilnaður.....	10
4.4 Heimild til riftunar .....	11
Chapter 2. Umsjón reksturs þíns.....	12
1 Viðskiptasiðferði.....	12
1.1 Siðferðisreglur Direct Selling Association.....	12
1.2 Tilgangur rekstursins.....	12
1.3 Almenn siðferði.....	13
1.4 Niðurlægning óheimil.....	13

1.5	Áreitni.....	14
1.6	Ekkert samband við viðskiptamenn eða meðlimi vísindaráðgjafaráðs .....	14
1.7	Viðhald orðspors fyrirtækisins.....	14
1.8	Athugun gagna .....	14
2	Farið að lögum .....	15
2.1	Gegn spillingu .....	15
2.2	Friðhelgi og gagnavernd .....	15
3	Sjálfstæður verktaki.....	16
3.1	Samstarfsaðilar vörumerkis eru sjálfstæðir verktakar.....	16
3.2	Skattar .....	17
3.3	Ekki heimild til aðgerða fyrir hönd fyrirtækisins.....	17
3.4	Óheimilt að nefna sem vinnuveitanda .....	17
4	Pöntun vöru og þjónustu.....	18
4.1	Pöntun.....	18
4.2	Afsal eignar.....	18
4.3	Birgðahald og 80 prósent reglan .....	18
4.4	Aðferðir við pöntun .....	18
4.5	Veiting inneignar.....	18
4.6	Verðbreytingar .....	19
4.7	Pantanir fyrir annan samstarfsaðila vörumerkis.....	19
4.8	Greiðslur án nægrar innistæðu .....	19
4.9	Notkun greiðslukorta annars einstaklings.....	19
4.10	Automatic Delivery Rewards Program (sjálfvirkt afgreiðsluferfi) .....	19
4.11	Smásala vöru.....	20
5	Vöruskipti og vöruskil.....	21
5.1	Endurgreiðslureglur .....	21
5.2	Vöruskiptareglur fyrir vörur sem keyptar voru beint frá fyrirtækinu .....	22
5.3	Starfshættir fyrir endurgreiðslu eða skipti .....	23
6	Sala til neytenda og vöruskil neytenda .....	23
6.1	Sala til viðskiptavina .....	23
6.2	Engin heildsala vöru.....	23
6.3	Kvittanir fyrir sölu í smásölu.....	24
6.4	Endurgreiðslutrygging, endurgreiðsla til viðskiptavina og skipti fyrir smásöluviðskiptavini þína.....	24
7	Söluárangurskerfi.....	25

7.1	Söluárangurskerfi.....	25
7.2	Undanþágur frá söluárangurskerfinu.....	26
7.3	Engar greiðslur fyrir stuðningsaðild.....	26
7.4	Tekjur ekki tryggðar.....	26
7.5	Fölsun söluárangurskerfisins.....	26
7.6	Bónusgreiðslur.....	27
7.7	Áskilin sala - smásala sannreynd.....	28
7.8	Tímasetning.....	28
7.9	Endurgreiðslur bónusa.....	28
7.10	Greiðsluleiðréttingar.....	29
8	Ábyrgð á vörugöllum, kröfur og tryggingar.....	29
8.1	Trygging.....	29
8.2	Skilyrði fyrir tryggingum.....	30
8.3	Trygging fyrir bótum af þinni hálfu.....	30
9	Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði.....	30
10	Tenging annarra samtaka við fyrirtækið.....	30
Chapter 3. Auglýsingar.....		31
1	Stuðningsefni og notkun vörumerkis.....	31
1.1	Notkun stuðningsefnis.....	31
1.2	Notkun vörumerkja og höfundarréttur.....	31
2	Vörukröfur.....	31
2.1	Almennar takmarkanir.....	31
2.2	Engar fullyrðingar um lækningar.....	32
2.3	Engar yfirlýsingar um vöruskráningu eða samþykkt yfirvalda landsins.....	32
2.4	Ljósmyndir fyrir og eftir.....	32
2.5	Breytingar á pakkningum vara.....	32
3	Tekjufullyrðingar.....	33
3.1	Engar villandi yfirlýsingar um tekjur.....	33
3.2	Heimildir til fullyrðinga um lífshætti og tekjur.....	33
4	Stuðningsefni sem formenn vörumerkis framleiða.....	34
4.1	Stuðningsefni formanna vörumerkis.....	34
4.2	Ekki stutt eða samþykkt af fyrirtækinu.....	34
4.3	Leyfissamningur fyrir stuðningsefni.....	34
4.4	Skráning stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis.....	35

4.5	Sala formanna vörumerkis - Tilgangur.....	35
4.6	Samtök samstarfsaðila vörumerkis.....	35
5	Fjölmiðlar - almennar auglýsingar.....	36
5.1	Kynningar sem nota fjölmiðla eru bannaðar.....	36
5.2	Fjölmiðlaviðtöl.....	36
5.3	Auglýsingar í símaskrá.....	36
5.4	Dreifing kynningarefnis.....	36
6	Smásöluverslanir, vörusýningar og sölumennska í þjónustuumhverfi.....	37
6.1	Smásöluverslanir.....	37
6.2	Söluþásar á vörusýningum.....	37
6.3	Þjónusturekstur.....	38
6.4	Réttur fyrirtækisins á endanlega ákvörðun.....	38
7	Internetið.....	39
7.1	Notkun Internetsins í rekstri samstarfsaðila vörumerkis.....	39
7.2	Heimilú netnotkun.....	39
7.3	Markaðssetningarsetur á Internetinu hjá formönnum vörumerkis.....	40
7.4	Viðbótartakmarkanir á notkun Internetsins.....	41
7.5	Internet mynd- og hljóðefni.....	42
7.6	Internetsala.....	42
7.7	Rusltölvupóstur.....	43
8	Vísbendingaþjónusta - engin þóknun fyrir ræðuhöld.....	43
8.1	Vísbendingarþjónusta (Lead generation service).....	43
8.2	Engin þóknun fyrir ræðuhöld - fundir.....	43
9	Engar hljóðritanir af uppkomum fyrirtækis eða starfsmönnum.....	44
Chapter 4. Stuðningur.....		45
1	Að verða stuðningsaðili.....	45
1.1	Kröfur.....	45
1.2	Uppsetning nýrra samstarfsaðila vörumerkis.....	45
1.3	Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði.....	45
1.4	Dreifing fyrirtækisvísbendinga.....	45
2	Skyldur stuðningsaðila.....	45
2.1	Þjálfun hóps.....	45
2.2	Línuskipti.....	46
2.3	Engin kaup eru nauðsynleg á vörum, stuðningsefni eða þjónustu.....	47

2.4	Réttar upplýsingar á fyrirtækisformi .....	47
2.5	Samskipti hópsins þíns við fyrirtækið.....	47
3	Alþjóðleg viðskipti.....	47
3.1	Alþjóðleg viðskipti.....	47
3.2	Fundir á samþykktum markaði með fundarmenn frá óopnuðum markaði .....	48
3.3	Alþjóðlegur stuðningssamningur.....	48
3.4	Meginland Kína.....	49
3.5	Algjört bann við for-markaðssetningu í tilteknum löndum.....	49
3.6	Viðurlög.....	49
3.7	Beiðni um heimild til þátttöku.....	50
3.8	Engar undanþágur .....	50
Chapter 5.	Takmörkunarákvæði.....	51
1	Eignarhald á sölukerfi.....	51
2	Takmörkunarákvæði.....	51
2.1	Engar beiðnir um framlög .....	51
2.2	Einkaréttur .....	52
2.3	Trúnaðarupplýsingar.....	53
2.4	Trúnaðarupplýsingar samstarfsreiknings vörumerkis.....	53
2.5	Niðurlæging óheimil.....	54
2.6	Viðurlög.....	54
2.7	Fullnustuhæfi.....	54
Chapter 6.	Fullnusta samnings.....	55
1	Samningurinn.....	55
2	Gjöðir þátttakenda í samstarfsreikningi vörumerkis.....	55
3	Starfsreglur um rannsókn, viðurlög og slit.....	55
3.1	Tilkynningar um meint brot.....	55
3.2	Tímamörk fyrir tilkynningar um brot .....	55
3.3	Jafnvægi réttar til friðhelgi einkalífs.....	56
3.4	Ferli.....	56
3.5	Áfrýjunarnefnd samstarfsaðila vörumerkis (Distributor Compliance Appeals Committee; CAC).....	57
3.6	Úrræði fyrirtækisins vegna brots á samningi.....	57
3.7	Umsvifalausar aðgerðir .....	58
3.8	Viðurlög.....	58
3.9	Uppsögn samningsins þíns.....	59

Chapter 7.	Gerðardómur .....	61
1	Hvað er skylda til gerðardóms.....	61
2	Gerðardómur er skylda og bindandi fyrir allar deilur .....	61
3	Skilgreining á deilu .....	61
4	Málamiðlun.....	62
5	Beiðni um gerðardóm.....	62
6	Gerðarferlið .....	62
6.1	Reglur um gerðardóm - staður .....	62
6.2	Uppgötvanir .....	63
6.3	Dagsetning gerðar.....	63
6.4	Tungumál.....	63
6.5	Engar hóplögsóknir.....	63
6.6	Leyfðir fundaraðilar.....	63
6.7	Kostnaður og gjöld gerðarmanns .....	63
6.8	Gerðin.....	63
6.9	Trúnaður .....	64
6.10	Framkvæmd gerðar - lögbann.....	64
6.11	Eftirstaða.....	64
7	Kröfur þriðju aðila.....	65
Chapter 8.	Almennir skilmálar.....	66
1	Almennir skilmálar.....	66
1.1	Breytingar samnings.....	66
1.2	Afsöl og undanþágur .....	66
1.3	Samþættur samningur .....	66
1.4	Sjálfstæði greina.....	67
1.5	Lögsagnarumdæmi/gildandi lög .....	67
1.6	Tilkynningar .....	67
1.7	Arftakar og kröfur .....	68
1.8	Kaflaheiti .....	68
1.9	Tilvísanir innan samnings.....	68
1.10	Fleirtala og kyn.....	68
1.11	Þýðingar.....	68
Viðbætur A	– Orðalisti skilgreindra hugtaka.....	69
Viðbætur B	– Stefna fyrir stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis.....	78

1	Stuðningsefni formanna vörumerkis.....	78
1.1	Reglufylgni með lögum, stefnum og starfsreglum.....	78
1.2	Útgefandi fundinn.....	78
1.3	Notkun á fyrirtækisframleiddu efni.....	78
2	Sala á stuðningsefni og þjónustu sem formenn vörumerkis framleiða .....	79
2.1	Skráning áskilin fyrir sölu.....	79
2.2	Einbeiting er á vörusölu.....	79
2.3	Engin kaup nauðsynleg - engin sala til væntanlegra samstarfsaðila vörumerkis.....	79
2.4	Skilareglur .....	80
2.5	Yfirlýsing um birtingu.....	80
2.6	Kvittun.....	80
2.7	Eftirfylgni og lög.....	81
2.8	Verðlag .....	81
2.9	Engin sölumennska á uppkomum fyrirtækja.....	82
2.10	Vefsetur .....	82
2.11	Fyrirtæki áskilur sér rétt - takmökunarákvæði.....	82
2.12	Gögn.....	82
3	Skráning stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis.....	83
3.1	Umsókn um skráningu.....	83
3.2	Viðbótargögn - réttur til endurskoðunar og breytinga.....	83
3.3	Umsóknargjöld.....	84
3.4	Tilkynning um skráningu.....	84
3.5	Endurnýjun skráningar - ógilding.....	84



# Chapter 1. Samstarfsreikningur þinn fyrir vörumerki

---

## 1 Að verða samstarfsaðili vörumerkis

### 1.1 Umsókn um að verða samstarfsaðili vörumerkis

(a) Lögin eru stundum breytileg á milli samþykktara markaða. Þú getur lent í því að frekari skilyrði eða önnur skilyrði þarf að uppfylla sem eru einstök fyrir markaðinn þar sem þú býrð. Með því að verða samstarfsaðili vörumerkis samþykkir þú að fara eftir öllum viðeigandi lögum<sup>1</sup>.

Eina skilyrðið fyrir að verða dreifingaraðili er að fylla út og undirrita dreifingarsamning á netinu<sup>2</sup>.

Þú þarft ekki að kaupa neinar vörur eða efni til að verða samstarfsaðili vörumerkis.

Vegna sameiginlegs ávinnings af starfsemi þinni, starfsemi fyrirtækisins og annarra samstarfsaðila vörumerkis þess, samþykkir þú að fylgja stefnum þessum og starfsreglum sem felast í samstarfssamningnum og eru hluti samningsins þíns, þegar þú leggur hann fram. Nema ef um annað sé getið í einhverju þessara skjala, er samstarfssamningurinn á milli þriggja aðila: þín, Nu Skin International Inc. („NSI”) og viðeigandi Nu Skin Local fyrirtækis.

(c) Nu Skin Local fyrirtæki er annað hvort starfandi í eða veitir stuðning við samþykktan markað í

---

<sup>1</sup> Samstarfsaðilar vörumerkis verða að ganga úr skugga um að fara að öllum viðeigandi lögum í löndunum sem þeir sinna viðskiptum. Eftirfarandi listi er ekki tæmandi.

**Austurríki:** Skv. austurrískum lögum (Kafli 339 Gewerbeordnung – „GewO”) verða Nu Skin samstarfsaðilar vörumerkis að útvega viðskiptaleyfi.

**Danmörk** Þú samþykkir að stunda engar óumbeðnar hringingar eða heimsækja mögulega viðskiptavinum og selja aðeins vörur frá varanlegum sölustað þínum (heimili þínu). Hins vegar máttu halda vörukynningar utan varanlegs sölustaðar þíns og dreifa pöntunarblöðum, sem viðskiptavinirnir geta komið til þín síðar á sölustaðnum.

**Frakkland:** Skv. stöðu VDI eru aðgerðir VDI eingöngu sala í heimahúsum og VDI fellur algerlega undir reglurnar um að ganga í hús, sem fram koma í greinum L.121-21 og síðan það sem segir í frönskum neytendalögum. Sú reglufylgni verður að koma fram í franska „VDI” samstarfsaðilasamkomulaginu fyrir vörumerki.

**Ítalía:** Í lögum nr. 173/05 er kveðið á um að bein sala/fjölstiga markaðsetning skuli fara fram hjá sérstökum sölumönnum í heimahúsum, svonefndum „Incaricati alle Vendite a Domicilio” (hér á eftir Incaricato/i). Incaricati eru aðilar sem kynna, með beinum eða óbeinum hætti, söfnun innkaupapantana fyrir hönd fyrirtækis sem sinnir beinni sölu (1. gr., bréf B, lög nr. 173/05). Incaricati er eingöngu heimilt að stunda starfsemi sína þegar Nu Skin hefur móttikið lögboðin „auðkenniskort” (svonefnd „tesserini di riconoscimento”) sem skulu, meðal annars, vera með myndum af þeim og vera uppfærð árlega. Þess er krafist að incaricati sýni „auðkenniskort” sín við sölustarfsemi sem þeir sinna gagnvart öllum neytendum.

<sup>2</sup> **Rússland og Úkraína:** Þegar skráningarferlinu á netinu er lokið verður að skila prentuðu afriti af samstarfssamningnum fyrir vörumerkið til Nu Skin Local til að Nu Skin geti skráð dreifingarreksturinn með gildum hætti.

Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku („EMEA“). Samþykktu löndin í EMEA og eru eftirfarandi:

Austurríki, Belgía, Tékkland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Ungverjaland, Ísland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Rússland, Slóvakía, Suður-Afríka, Spánn, Svíþjóð, Sviss, Tyrkland, Úkraína og Bretland.

Öll önnur lönd í EMEA eru óopnuð lönd. Óopnuð lönd eru frátekin einungis fyrir fyrirtækið.

Nu Skin Local fyrirtækin sem nefnd eru hér að neðan sjá um starfsemi í samþykktum löndum, skráð eftir nöfnum Nu Skin Local fyrirtækisins:

- Nu Skin Belgium N.V./S.A. – fyrir Belgíu, Lúxemborg, Portúgal, Sviss;
- Nu Skin France S.A.R.L. – ffyrir Frakkland (fyrirspurnir á belgísku skrifstofuna);
- Nu Skin Czech Republic s.r.o. – fyrir Tékkland (fyrirspurnir til ungversku skrifstofunnar);
- Nu Skin Germany GmbH – fyrir Austurríki og Þýskaland;
- Nu Skin Eastern Europe Kft. – fyrir Ungverjaland;
- Nu Skin Enterprises SRL – fyrir Rúmeníu (fyrirspurnir til ungversku skrifstofunnar);
- Nu Skin Íslandi ehf. – fyrir Ísland (fyrirspurnir til dönsku skrifstofunnar);
- Nu Skin Israel Inc. – fyrir Ísrael (fyrirspurnir til belgísku skrifstofunnar);
- Nu Skin Italy SRL – fyrir Ítalíu og Spán (fyrirspurnir til belgísku skrifstofunnar);
- Nu Skin Netherlands B.V. – fyrir Holland (fyrirspurnir til belgísku skrifstofunnar);
- Nu Skin Norway A/S – fyrir Noreg (fyrirspurnir til dönsku skrifstofunnar);
- Nu Skin Enterprises Poland Sp. Z.o.o. – fyrir Pólland (fyrirspurnir til ungversku skrifstofunnar);
- Nu Skin Enterprises RS LLC – fyrir Rússland;
- Nu Skin Scandinavia A/S – fyrir Danmörk, Finnland, Írland, Svíþjóð og Bretland;
- Nu Skin Slovakia s.r.o.- fyrir Slóvakíu (fyrirspurnir til ungversku skrifstofunnar);
- Nu Skin Enterprises South Africa (Pty) Ltd – fyrir Suður-Afríku;
- Nu Skin Enterprises Ukraine – fyrir Úkraínu (fyrirspurnir til rússnesku skrifstofunnar).

Ef þú þarft á aðstoð að halda við að leggja samninginn fram skaltu hafa samband við viðeigandi Nu Skin Local fyrirtæki.

## 1.2 Einn einstaklingur á hvern samstarfssamning vörumerkis

Aðeins einn einstaklingur getur sótt um dreifingu og lagt fram samstarfssamning vörumerkis til fyrirtækisins<sup>3</sup>. Ef viðkomandi einstaklingur vill bæta maka eða sambýlisaðila á samstarfssamning vörumerkis má bæta makanum eða sambýlisaðilanum á hann<sup>4</sup>. Ef fleiri en einn aðili vilja taka þátt í samstarfsreikningi vörumerkis, þurfa viðbótaraðilar að sækja um sem rekstrarfélag eins og fram kemur í hluta 1.10 í þessum 1. kafla.

## 1.3 Aldursmörk

Þú verður að vera a.m.k. 18 ára og hafa þá lagalegu stöðu að geta verið samstarfsaðili vörumerkis.

## 1.4 Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði

## 1.5 Búseta

Samstarfssamingur þinn fyrir vörumerki verður að vera lagður fram og dreifingarstarf þitt skal fara fram á þeim markaði þar sem þú hefur aðalbúsetu og þar sem þú hefur lagalegan rétt til að stunda viðskipti. Þú verður að stunda viðskipti þín á þeim sama markaði. Fyrirtækið áskilur sér rétt til að flytja samstarfssreikning vörumerkis þíns á markaðinn þar sem þú hefur átt að skrá samstarfssamning vörumerkis þíns skv. þessum hluta, án þess að það hafi áhrif á neinn annan bótarétt sem veittur er í stefnum þessum og starfsreglum. Fyrirtækið áskilur sér að auki rétt til þa hafna beiðni um flutning á samstarfsreikningi vörumerkis þíns ef það ákvarðar að þessi skilyrði séu ekki uppfyllt.

NSI getur farið fram á sönnun þess að þú hafir til þess bæra skráningu sem sjálfstæður verktaki til að greiða

---

<sup>3</sup> **Rússland og Úkraína:** Einnig er hægt að bæta „meðumsækjanda“ á samstarfssamning vörumerkis ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt. „Meðumsækjandi“ þýðir:

- a) Einstaklingur/athafnaaðili sem hefur heimild til að vinna f.h. samstarfsaðila vörumerkis í samstarfi hans við Nu Skin Enterprises RS LLC eða Nu Skin Enterprises Ukraine, eftir því hvort við á, þ.m.t. að panta vörurnar, að panta með „Automatic Delivery Reward“ kerfinu, og greiða fyrir og taka á móti pöntuðum vörum, eða
- b) einstaklingur sem hefur heimild til að kaupa vörurnar frá Nu Skin Local fyrirtækinu, aðeins til einkanota og ótengt hvers konar viðskiptum, eða
- c) einstaklingur, sem hefur búsetu í Rússlandi eða Úkraínu, og hefur heimild til að vinna f.h. samstarfsaðila vörumerkis í samstarfi hans við Nu Skin Local fyrirtækið, þ.m.t. að panta vörurnar, að panta skv. „Automatic Delivery Reward“ kerfinu og greiða fyrir og taka á móti pöntuðum vörum.

<sup>4</sup> **Frakkland:** Aðeins einn VDI á hvern reikning er heimilaður.

þér bónusgreiðslur<sup>5</sup>. Ef þú ert ófær um að sanna búseturétt eða lagalegan rétt til að stunda viðskipti á markaðnum sem þú sóttir um samstarfssamning vörumerkis, getur fyrirtækið ákveðið að samstarfssamningur þinn hafi verið ógildur frá upphafi. Þú getur aðeins sótt um að vera samstarfsaðili vörumerkis á samþykktum markaði.

## 1.6 Fyrri samstarfsaðilar vörumerkis

Ef þú hefur verið samstarfsaðili vörumerkis máttu aðeins sækja um að verða nýr samstarfsaðili vörumerkis undir fyrri stuðningsaðila ef þú uppfyllir skilyrðin í hluta 3.3 í þessum 1. kafla, um samninga undir nýjum stuðningsaðila.

## 1.7 Makar og sambúðarfólk

Ef makinn eða sambúðaraðili samstarfsaðila vörumerkis vill verða samstarfsaðili vörumerkis, mun þeim sama aðila verða bætt við samstarfssamning vörumerkis sem áður var gerður af hinum makanum eða sambúðaraðilanum<sup>6</sup>. Ef maki eða sambúðaraðili fyrrum samstarfsaðila vörumerkis vill verða samstarfsaðili vörumerkis, mun viðkomandi þá verða að sækja um að vera samstarfsaðili vörumerkis undir stuðningsaðila fyrri

<sup>5</sup> Í sumum löndum þarftu að vera skráð(ur) sem sjálfstæður verktaki, athafnamaður eða sem lögaðili í viðskiptum til að fá bónusgreiðslur.

**Frakkland:** Til þess að fá bónusgreiðslur verður þú að leggja fram upplýsingar um bankareikninga, kennitölu þína og skýrt afrit af heilsutryggingu þinni (carte vitale) eða afrit af nafnskírteini með kennitölu. Ef þú sækir um sem fyrirtæki eða verktaki verður þú að leggja fram SIRET númer þitt, virðisaukaskattsnúmer og afrit af K-BIS (ekki eldra en 3 mánaða).

**Ungverjaland:** Til þess að fá bónusgreiðslur þarf samstarfsaðili vörumerkis að vera skráður sem sjálfstæður atvinnurekandi eða fyrirtæki skv. ungerskum lögum.

**Pólland:** Nauðsynlegt er að útbúa umboð sem heimilar Nu Skin að leggja fram reikninga til sjálfs sín f.h. samstarfsaðila vörumerkis, til þess að hægt sé að fá bónusgreiðslur.

**Rúmenía:** Samstarfsaðilar vörumerkis verða að skrá sig sem sjálfstæða verktaka eða fyrirtæki til að fá bónusgreiðslur.

**Rússland:** Til þess að fá bónusgreiðslur þarf samstarfsaðili vörumerkis, skv. rússneskum lögum að vera skráður sem sjálfstæður atvinnurekandi eða lögaðili. Fyrirtækið þarf að fá að sjá leyfi til atvinnurekstrar, skattkenni og upplýsingar frá banka um millifærslu inn á reikning sjálfstæðs atvinnurekanda. Fyrirtækið þarf einnig tilvísunar á skráningarskírteini einkafyrirtækis, skattskráningarskírteini, heimildir og upplýsingar um bankareikning einkafyrirtækis.

**Slóvakía:** Nauðsynlegt er að útbúa umboð sem heimilar Nu Skin að leggja fram reikninga til sjálfs sín f.h. samstarfsaðila vörumerkis, til þess að hægt sé að fá bónusgreiðslur.

**Úkraína:** Til þess að fá bónusgreiðslur þarf samstarfsaðili vörumerkis að vera skráður sem sjálfstæður atvinnurekandi (aðili að einfölduðu skattkerfi), með heimild til að sinna viðeigandi starfsemi eða vera skráður sem lögaðili. Þú þarft einnig að fá allar heimildir til að sinna öllum þeim störfum sem getið er um í samkomulaginu. Fyrirtækið þarf einnig tilvísunar á skráningarskírteini einkafyrirtækis, skattskráningarskírteini, heimildir og upplýsingar um bankareikning einkafyrirtækis.

<sup>6</sup> **Frakkland:** Aðeins einn VDI á hvern reikning er heimilaður.

samstarfssamnings maka eða sambúðaraðila, nema að hið óvirka viðskiptatímabil viðeigandi samstarfsaðila vörumerkis sé orðið nógu langt, eins og fram kemur í hluta 3.3 í þessum 1. kafla.

## 1.8 Samþykkt samstarfssamnings vörumerkis þíns

Fyrirtækið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum um samstarfsreikning vörumerkis eins og því finnst henta, byggt á hlutlægum grunni en ekki mismunun. Þú verður samstarfsaðili vörumerkis eftir að fyrirtækið fer yfir og samþykkir samstarfssamning vörumerkis þíns. Ef um það er að ræða að fyrirtækið fái fleiri en einn samstarfssamning vörumerkis frá umsækjanda, skal fyrsti samstarfssamningur ákveða hver stuðningsaðili umsækjanda er.

## 1.9 Skattkennitala

Vera kann að þú þurfir að gefa fyrirtækinu skattkennitölu eða VSK-númer áður en þú getur mótttekið bónus eða þegar það er áskilið af öðrum orsökum af fyrirtækinu eða skv. staðbundnum lögum vegna skatta eða annarra hluta<sup>7</sup>. Þetta skilyrði kann einnig að eiga við um maka og sambúðafólk sem skrifa undir samstarfssamning vörumerkis. Í því tilfalli að þú skráir þig sem rekstrarfélag, þarftu hugsanlega einnig að leggja fram skattkennitölu fyrir rekstrarfélagið og fyrir hvern þátttakanda í því. Fyrirtækið getur einnig sett pantanir eða bónusgreiðslur í bið á reikningi þínum, þar til þú leggur fram skattkennitölu og hún hefur verið staðfest.

## 1.10 Rekstrarfélög

Rekstrarfélög geta sótt um að verða samstarfsaðili vörumerkis að því gefnu að lagt sé fram samstarfssamningur vörumerkis og samstarfsreikningur vörumerkis er rekinn á markaðnum þar sem rekstrarfélagið sinnir rekstri sínum<sup>8</sup>. Rekstrarfélagið verður að hafa nauðsynlega innviði til að stunda slík

---

<sup>7</sup> Skattkennitala er ekki áskilin í eftirfarandi samþykktum löndum: Austurríki, Belgíu, Danmörk, Finnlandi, Þýskalandi, Íslandi, Lúxemborg, Hollandi, Noregi, Portúgal, Sviss og Bretlandi.

**Frakkland:** Fyrirtækið áskilur að VDI þurfi að leggja fram kennitölur og SIRET fyrirtækjakenni.

**Ungverjaland:** Fyrirtækið áskilur að fá uppgengið skattkenni og PEN tölur eða skráningarnúmer rekstraraðila.

**Rússland:** Fyrirtækið þarf að fá að sjá leyfi til atvinnurekstrar, skattkenni og upplýsingar frá banka um millifærslu inn á reikning sjálfstæðs atvinnurekanda. Fyrirtækið þarfnast einnig tilvísunar á skráningarskírteini einkafyrirtækis, skattskráningarskírteini, heimildir og upplýsingar um bankareikning einkafyrirtækis.

**Svíþjóð:** Til þess að fá bónusgreiðslur þarf samstarfsaðili vörumerkis að leggja fram F-tax skírteini.

**Úkraína:** Fyrirtækið þarfnast tilvísunar á skráningarskírteini einkafyrirtækis, skattskráningarskírteini, heimildir og upplýsingar um bankareikning einkafyrirtækis.

<sup>8</sup> **Ítalía:** Eingöngu einstaklingar geta sótt um að verða samstarfsaðili vörumerkis.

viðskipti á þessum sama markaði. Fyrirtækið áskilur sér rétt til að flytja samstarfsreikning vörumerkis þíns á markaðinn þar sem upphaflega hefði átt að skrá samstarfssamning vörumerkis þínst skv. þessum hluta, án þess að það hafi áhrif á neinn annan bótarétt sem veittur er í þessum stefnum og starfsreglum. Fyrirtækið áskilur sér að auki rétt til að hafna beiðni um flutning á samstarfsreikningi vörumerkis þíns á markað þar sem það ákvarðar að þessi skilyrði séu ekki uppfyllt.

Til viðbótar gilda eftirfarandi skilyrði um rekstrarfélög:

(a) Aðalhluthafi félagsins verður að hafa aðsetur sitt og lagalega heimild til að stunda rekstur á markaðnum þar sem samstarfssamningur félagsins var samþykktur og verður hluthafinn að geta lagt sönnur á það. Ef félagið er ófært um að leggja fram sönnun um þetta að beiðni fyrirtækisins, getur fyrirtækið úrskurðað að samstarfssamningur vörumerkis sé ógildur frá upphafi. Þú ættir að gera þér grein fyrir því, að þótt þú hafir skráningu sem rekstrarfélag, veitir það þér ekki endilega lagalegan rétt til að stunda viðskipti.

(b) Bónusar verða greiddir í nafni rekstrarfélagsins. Fyrirtækið mun ekki verða ábyrgt gagnvart þér þótt rekstrarfélagið eða einhver þátttakandi þess láti hjá líða að standa skil á eða greiða einhvern hluta bónuss sem móttækinn hefur verið af félaginu fyrir marga þátttakendur þess eða ef um er að ræða ranga upphæð í úthlutun greiðslu, og

(c) Aðalhluthafi skal vera eini aðilinn sem hefur heimild til vera í forsvari fyrir félagið hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið getur reitt sig á og tekið ákvarðanir byggðar á upplýsingum sem aðalhluthafi félagsins leggur fram.

## 1.11 Breytt um rekstrarfélag

Ef þú vilt breyta formi samstarfsreiknings vörumerkis þíns þíns frá því að vera við einstakling til rekstrareiningar eða öfugt, getur þú gert það hvenær sem er. Þessi breyting er öllum viðeigandi lögum og reglum undirorpin og gæti falið í sér frágang og skil á gögnum um rekstrarfélag til fyrirtækisins. Fyrirtækið þarf að samþykka ef samstarfsreikningur vörumerkis er fluttur á milli aðila.

## 1.12 Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði

# 2 Upplýsingar um einkahagi

Fyrirtækið gerir sér grein fyrir og er vakandi fyrir áhyggjum þínum af því hvernig upplýsingum um þig er safnað, þær notaðar og þeim dreift sem afleiðing þess að þú gerist samstarfsaðili vörumerkis. Nu Skin virðir persónufriðhelgi þína og er ákveðið í að vernda friðhelgi samstarfsaðila vörumerkis sinna. Með því að skrifa

undir samstarfssamning vörumerki er þér kunnugt að upplýsingar þínar verða unnar af fyrirtækinu í samræmi við skilmálana í persónuverndarstefnu Nu Skin og kann þeim að vera breytt öðru hverju<sup>9</sup>. Með því að skrifa undir þetta samkomulag lýsir þú því hér með yfir að þér sé kunnugt um þessa persónuverndarstefnu og samþykkir skilmála hennar. Persónuverndarstefnuna má skoða á vefsetri fyrirtækisins á: [www.nuskin.com](http://www.nuskin.com).

## 3 Viðhald samstarfsreiknings vörumerkis þíns

### 3.1 Að halda samstarfssamningi vörumerkis og fyrirtækisskráningunni í gildi

(a) Sem samstarfsaðili vörumerkis er það skylda þín að halda upplýsingum um þig í samstarfssamningi vörumerkis eða fyrirtækisskráningunni réttum og nákvæmum. Þú verður að upplýsa fyrirtækið án tafar um hvers kyns breytingar sem hafa áhrif á áreiðanleika upplýsinga í þessum skjölum. Fyrirtækið gæti stöðvað samstarfsreikning vörumerkis eða lýst slíkan samstarfssamning ógildan frá upphafi ef að fyrirtækið telur að rangar eða ónákvæmar upplýsingar hafi verið veittar. Ef þú uppfærir ekki samstarfssamning vörumerkis þíns eða fyrirtækisskráningu án tafar, má vera að gripið verði til frýstingar reikninga eða annarra viðurlaga þ.m.t. riftunar.

(b) Þú verður að leggja fram breytt fyrirtækisskráningar-eyðublað til að breyta upplýsingum um samstarfsreikning vörumerkis þíns. Breytt fyrirtækisskráningareyðublað verður að vera undirritað af aðalhluthafa rekstrarfélagsins, nema þegar það er lagt fram til að breyta aðalhluthafa en þá verða allir hluthafar að undirrita fyrirtækisskráningareyðublaðið. Fyrirtækið gæti þegið greiðslu fyrir að uppfæra breytingar á fyrirtækisskráningareyðublaðinu sem ætti að tilkynna fyrirfram. Fyrirtækið gæti neitað að móttaka breytingar.

### 3.2 Bæta við nýjum þátttakanda

Þér er ekki heimilt að leyfa einstaklingi að taka þátt í neinum viðskiptum eða eiga hagsmuna að gæta verðandi samstarfsreikning vörumerkis þíns nema að reikningur þinn fari fram í gegnum rekstraraðila og að sá einstaklingur hafi sótt um að verða þátttakandi og að sú umsókn hafi verið samþykkt af fyrirtækinu. Fyrirtækið gæti hafnað öllum slíkum umsóknum ef því finnst henta, byggt á hlutlægum grunni en ekki mismunun. Ef fyrirtækið hafnar umsókninni hefur viðkomandi einstaklingur ekki heimild til að taka þátt í samstarfsreikningi vörumerkis.

---

<sup>9</sup> Allar breytingar á persónuverndarstefnunni verða gefnar út á Nu Skin vefsetrum og munu eiga við á þeim degi sem þær koma út.

### 3.3 Samstarfsreikningur vörumerkis hafinn undir nýjum stuðningsaðila

Ef þú ert fyrrum samstarfsaðili vörumerkis getur þú aðeins hafið nýjan samstarfsreikning vörumerkis undir nýjum stuðningsaðila ef þú hefur ekki stundað neinn rekstur (hvort sem um er að ræða þinn samstarfsreikning eða reikning annars einstaklings) í eftirfarandi óvirkt tímabil:

Tegund reiknings í 24 mánuði á undan síðustu viðskiptunum	Óvirkt tímabil
Ef þú hefur náð fulltrúaréttindum vörumerkis eða meiri réttindum	12 mánuðir
Samstarfsaðili vörumerkis eingöngu	6 mánuðir

Þegar fyrirtækið ákveður að óviðeigandi skipti á stuðningsaðila hafi átt sér stað eða gerð hafi verið tillaga um það, gæti samstarfsreikningur vörumerkis þess sem er annar í lengd samningstíma verið sameinaður samstarfsreikningi vörumerkis þess sem er lengstur í lengd samningstíma og gæti fyrirtækið þá gripið til aðgerða sem taldar eru upp í 6. kafla.

### 3.4 Einn samstarfssamningur vörumerkis á einstakling

Þér er ekki heimilt að eiga hagsmuna að gæta í fleiri en einum samstarfsreikningi vörumerkis nema eftir því sem hér segir: (i) hjónaband eða sambúð tveggja samstarfsaðila vörumerkis sem báðir höfðu samstarfsreikning vörumerkis fyrir hjónaband eða sambúð, (ii) ef samstarfsaðili vörumerkis sem fyrir er erfir annan samstarfsreikning vörumerkis eða (iii) ef fyrirkomulagið er á annan hátt samþykkt skriflega af fyrirtækinu.

### 3.5 Yfirtaka hagsmuna og samruni samstarfsreikning vörumerkis

(a) Yfirlit. Stundum óskar samstarfsaðili vörumerkis þess að mynda samstarf með öðrum samstarfsaðila vörumerkis og sameina tvo samstarfsreikninga vörumerkis eða taka yfir hagsmuni annars samstarfsreiknings vörumerkis. Nema það sem tekið er fram í þessum hluta 3.5, er myndun hlutafélags á milli samstarfsaðila vörumerkis, samruni samstarfsreikninga vörumerkis eða yfirtaka hagsmuna eins samstarfsaðila vörumerkis af öðrum samstarfsaðila sem átt hefur í hvers kyns viðskiptum, bönnuð.

(b) Yfirtaka hagsmuna. Nema hvað varðar þær aðstæður sem gætu verið samþykktar af fyrirtækinu ef því þykir henta, sem skal grundvalla á hlutlægum grunni en ekki mismunun, ef þú hefur tekið þátt í viðskiptum, máttu ekki, nokkurn tíma, taka yfir hagsmuni samstarfsreikning vörumerkis sem fyrir er, undir öðrum stuðningsaðila, (hvort sem er með kaupum, hlutaskiptum eða öðruvísi) nema (i) þú hafir hætt



samstarfsreikningi vörumerkis þíns og átt ekki í neinum viðskiptum í viðeigandi óvirkt tímabil sem lýst er í hluta 3.3 í þessum 1. kafla, og (ii) hagsmunir samstarfssamnings vörumerkis fyrir samstarfsreikninginn sem þú vilt eignast, hafi verið lagðir fram hjá fyrirtækinu eftir viðeigandi óvirkt tímabil fyrir viðskipti þín eins og lýst er hér (i) að ofan. Bönningin í undirkafla (b) leysir af hólmi ákvæði undirkafla (c) þessa hluta 3.5.

(c) Samruni. Fyrirtækið má ákveða, ef því þykir svo henta, byggt á hlutlægum grunni en ekki mismunun, að samþykkja sameiningu tveggja samstarfsreikninga vörumerkis í viðkomandi takmörkuðum tilfellum: (a) lóðrétta samruna við (i) næsta stuðningsmann fyrir ofan þig eða (ii) samstarfsaðila vörumerkis sem er á fyrstu hæð hjá þér, (b) lóðrétta samruna við annan samstarfsreikning vörumerkis, að því gefnu að (i) aðeins annar samstarfsaðilinn sé fulltrúi vörumerkis (representative) eða hærri og að hinn samstarfsreikningur vörumerkis sé ekki „fullgildur fulltrúi vörumerkis“, eða fulltrúi vörumerkis (eins og skilgreint er í sölubókunarkerfi), og (ii) báðir sölureikningar vörumerkis hafi sama upplínu-stuðningsaðila, og (c) allir aðrir samrunar, sem hlotið gætu samþykki fyrirtækisins, eru að geðþótta þess.

(d) Matsferli fyrirtækis og önnur skilyrði. Í öllum tilfellum sem hugsanlega fela í sér stofnun til samstarfs, samruna eða yfirtöku hagsmunatengsla, mun fyrirtækið, að eigin geðþótta, byggt á hlutlægum grunni en ekki mismunun, ákveða hvort samþykkja eigi umbeðið frávik frá stefnum þessum og starfsreglum. Meðan á matsferli fyrirtækisins stendur getur það sett aukin skilyrði sem það telur nauðsynleg, þ.m.t. tilkynningar til aðila sem ofar eru og/eða samþykki.

## 4 Flutningur og lok samstarfsreiknings vörumerkis þíns

### 4.1 Flutningur samstarfsreikninga vörumerkis

Þér er ekki heimilt að flytja samstarfsreikning vörumerkis þíns né nein réttindi sem hann innifelur, nema að þú hafir áður óskað eftir og fengið skriflegt leyfi fyrirtækisins, sem ekki mun að ástæðulausu verða hikað við að veita. Fyrirtækið mun ekki samþykkja neina flutninga ef það telur að flutningur sé ekki á rökum reistur og sé gerður til að forðast uppfyllingu þessara stefna og starfsreglna. Fyrirtækið mun ekki samþykkja framsal og framsalshafi mun ekki njóta neins réttar þar til flutningurinn hefur verið samþykktur af fyrirtækinu. Allar undanþágur sem fyrirtækið hefur veitt frá samningi til hagsbóta fyrir samstarfsreikning vörumerkis verða afnumdar við flutninginn, nema að um annað sé getið í skriflegu samkomulagi við fyrirtækið.

### 4.2 Framsal við andlát

(a) Einstaklingar. Samstarfsreikningur vörumerkis þíns stendur sem heild verðmætra réttinda þinna og hagsmuna af samningnum og erfist því sem slíkur skv. lögum og reglum lands þíns. Þess vegna getur

samstarfsreikningur vörumerkis þíns fallið erfingjum þínum í skaut, við fráfall þitt, eða öðrum arfþegum, hvort sem það er með eða án erfðaskrár eða með öðrum hætti. Flutningurinn verður samþykktur af fyrirtækinu þegar dómstilskipun eða viðeigandi lagaleg skjöl, sem fjalla um flutninginn til framsalshafa, er lögð fram hjá fyrirtækinu og að því gefnu að slíkur framsalshafi uppfylli öll skilyrðin sem sett eru fram í samningnum eða í viðkomandi gildandi lögum. Fyrirtækið hvetur þig til að gera viðeigandi ráðstafanir og ráðfæra þig við lögbókanda vegna flutnings samstarfsreiknings vörumerkis þíns.

(b) Þátttakandi í atvinnurekstri. Ef þú ert þátttakandi í atvinnurekstri munu hagsmunir þínir sem samstarfsaðili flytjast skv. lagagögnum rekstrarins, við andlát þitt, og viðeigandi laga sem fjalla um framsalið, að því gefnu að allir framsalsþegar séu hæfir til að eiga hluta í samstarfsreikningi vörumerkis skv. stefnum þessum og starfsreglum. Framsal hlutar þíns verður samþykktur af fyrirtækinu þegar dómstilskipun eða viðeigandi lagaleg skjöl sem fjalla um flutninginn til framsalshafa er sendur fyrirtækinu.

(c) Ef upp kemur að samstarfsreikningur vörumerkis sé tímabundinn án eiganda eða að bil myndist við eigandaskipti vegna erfðamála eða annarra lagamála, mun Blue Diamond eða hærra settir verða ábyrgir fyrir umsjón þessa samstarfsreikning vörumerkis, eins og venjulega á við í viðskiptum. Sem greiðslur fyrir þjónustu sína mun upplínu-Blue Diamond eiga rétt á þjónustugjaldi. Þjónustugjaldið verður innheimt í evrum<sup>10</sup> sem nemur 15 af hundraði af nettó bónusum samstarfsreiknings vörumerkis.

### 4.3 Skilnaður

Ef um skilnað er að ræða (hjá giftum mökum) eða sambúðarslit (hjá sambúðarfólki) mun fyrirtækið hvorki ákveða skiptingu né skipta samstarfsreikningi vörumerkis eða hóp. Almennt mun fyrirtækið ekki skipta bónusum eða öðrum verðlaunum. Fyrirtækið getur hins vegar, ef því svo sýnist, skipt upp bónusum, mismunandi eftir atvikum, á grundvelli einfaldrar prósentuskiptingar, í samræmi við dómsúrskurð eða skriflegt samkomulag beggja aðila. EF FYRIRTÆKIÐ SAMÞYKKIR AÐ SKIPTA BÓNUM Á EINFÖLDUM FÖSTUM PRÓSENTUGRUNNI, SKULU AÐILAR SAMSTARFSREIKNINGS VÖRUMERKIS SAMÞYKKJA AÐ ÞETTA SÉ ÁN ÁBYRGÐAR FYRIRTÆKISINS Á HVERS KONAR TJÓNI, TAPI, KOSTNAÐI, SKEMMDUM, DÓMUM EÐA ÚTGJÖLDUM, Þ.M.T. EÐLILEGUM MÁLSKOSTNAÐI SEM AFLEIÐINGU EÐA VEGNA HVERS KONAR GJÖRÐA EÐA VANRÆKSLU AF HÁLFU FYRIRTÆKISINS VIÐ SKIPTINGU BÓNUM, BEINT EÐA ÓBEINT. Fyrirtækið hefur rétt á að halda eftir bónusum komi upp ágreiningur meðal maka um samstarfsreikning vörumerkis. Fyrirtækið getur innheimt gjald frá samstarfsaðilum vörumerkis fyrir hvern mánuð sem það sinnir skiptingu bónusgreiðslna.

<sup>10</sup> Eða sem því nemur í viðeigandi gjaldmiðli.

#### 4.4 Heimild til riftunar

Þú mátt hætta samstarfsreikningi vörumerkis hvenær sem er án þess að nokkur kostnaður eða sektir hljóttist af. Vinsamlegast sjáið hluta 3.9 í 6. kafla með nákvæmari upplýsingum.

## Chapter 2. Umsjón reksturs þíns

---

### 1 Viðskiptasiðferði

#### 1.1 Siðferðisreglur Direct Selling Association

Fyrirtækið er meðlimur í alþjóðasamtökunum um beina sölu, European Direct Selling Association (SELDIA) og World Federation of Direct Selling Associations (WFDSA). Ásamt siðferðisviðmiðunum þessa hluta, verður þú að fara að siðferðisreglum sem gefnar eru út af staðbundnum- og alþjóðasamtökum SELDIA og WFDSA í þínum rekstri<sup>11</sup>. Þessar siðferðisreglur er að finna á [www.seldia.eu](http://www.seldia.eu), [www.wfdsa.org](http://www.wfdsa.org) og á skrifstofum þeirra.

#### 1.2 Tilgangur rekstursins

Megintilgangur reksturs þíns og fyrirtækisins er að selja hágæðavöru til viðskiptavina. Sem hluti af þessu ferli getur þú stutt aðra samstarfsaðila vörumerkis í viðskiptunum til að byggja upp söluhóp þinn. Samt sem áður er nýskráning samstarfsaðila vörumerkis ekki þitt helsta markmið, heldur er það ómissandi hluti af grundvallarskuldbindingu þinni að selja vörur og auka vörusölu til smásöluviðskiptavina hjá þínum hópi.

---

<sup>11</sup> Staðbundin samtök um beina sölu sem Nu Skin Local fyrirtæki eru meðlimir í:

- Nu Skin Belgium N.V./S.A. - er meðlimur í APVD, [www.apvd.be](http://www.apvd.be)
- Nu Skin Belgium N.V./S.A. - Luxembourg er meðlimur í AVD, [www.avd.lu](http://www.avd.lu)
- Nu Skin Czech Republic s.r.o - er meðlimur í AOP, [www.osobniprodej.cz](http://www.osobniprodej.cz)
- Nu Skin Eastern Europe Kft. - er meðlimur í Hungarian Direct Selling Association, [www.dsa.hu](http://www.dsa.hu)
- Nu Skin Enterprises Poland Sp.z.o.o - er meðlimur í PSSB, <http://pssb.pl/pssb/rules/index.kodeks-etyczny.html>
- Nu Skin Enterprises South Africa (Pty) Ltd - er meðlimur í DSA of South Africa, [www.dsasa.co.za](http://www.dsasa.co.za)
- Nu Skin France S.A.R.L. - er meðlimur í FVD, [www.fvd.fr](http://www.fvd.fr)
- Nu Skin Italy S.R.L. - er meðlimur í Avedisco, [www.avedisco.it](http://www.avedisco.it)
- Nu Skin Netherlands B.V. - er meðlimur í VDV, [www.directeverkoop.nl](http://www.directeverkoop.nl)
- Nu Skin Norway A/S - er meðlimur í DF, [www.direktesalgsforbundet.no](http://www.direktesalgsforbundet.no)
- Nu Skin Scandinavia A/S - er meðlimur í DSF, [www.disafo.dk](http://www.disafo.dk)
- Nu Skin Scandinavia A/S - Írland er meðlimur í Irish Direct Selling Association, [www.dsai.ie](http://www.dsai.ie)
- Nu Skin Scandinavia A/S - Svíþjóð er meðlimur í DF, [www.direkthandel.nu](http://www.direkthandel.nu)
- Nu Skin Scandinavia A/S - Bretland er meðlimur í DSA Ltd, [www.dsa.uk.org](http://www.dsa.uk.org)
- Nu Skin Slovakia s.r.o - er meðlimur í Slovak DSA, [www.zpp.sk](http://www.zpp.sk)
- Nu Skin Enterprises RS LLC er meðlimur í Russian DSA, [www.rdsa.ru/](http://www.rdsa.ru/)
- Nu Skin Enterprises Ukraine - er meðlimur í DSA, [www.udsa.org.ua](http://www.udsa.org.ua)

### 1.3 Almennt siðferði

Dú verður að sinna samstarfsreikningi vörumerkis þíns á siðferðilegan, faglegan og kurteisan hátt. Þetta þýðir meðal annars eftirfarandi:

- Dú verður að fara að samningnum og öllum viðeigandi lögum.
- Dú verður að sinna samstarfsreikningi vörumerkis þíns af heiðarleika.
- Dú ættir að segja mögulegum viðskiptavinum og samstarfsaðilum vörumerkis hver þú ert, af hverju þú hefur samband við þá og hvaða vörur þú ert að selja.
- Dú mátt ekki viðhafa ósannar eða villandi staðhæfingar um mögulegar tekjur skv. söluárangurskerfinu eða um ávinninginn af því að nota vörur fyrirtækisins.
- Dú mátt ekki beita þrýstingi á samstarfsaðila vörumerkis eða mögulega samstarfsaðila til að haga sér óábyrgt fjárhagslega, þ.m.t. að þrýsta á þá að kaupa meira af vörum eða stuðningsefni og þjónustu við reksturinn en þeir geta mögulega notað eða selt, eða láta viðkomandi hafa tiltekið magn á lager.
- Dú mátt ekki hvetja til þess að samstarfsaðilar vörumerkis eða væntanlegir samstarfsaðilar safni skuldum til að taka þátt í viðskiptunum.
- Dú verður að útskýra fyrir viðskiptavinum þínum og hópi hvernig skila á vöru og afpanta.
- Dú mátt ekki telja væntanlegum samstarfsaðilum vörumerkis trú um að áskilið sé að þeir kaupi vörur eða pakkningar til að verða samstarfsaðilar. Mögulegum samstarfsaðilum vörumerkis verður að vera kynnt að þeir geti skráð sig sem viðskiptavini eða að þeir megi kaupa einstakar vörur og ekki í vörupakkningum. Auk þess er þér óheimilt að segja væntanlegum fulltrúum vörumerkis að þeir verði að kaupa vörupakkningar til að þeir geti orðið fulltrúar.

### 1.4 Niðurlæging óheimil

Þér er óheimilt að nota villandi, ósanngjarnan, rangan eða niðrandi samanburð, yfirlýsingar, frásagnir eða tilkynningar um:

- fyrirtækið
- vörur þess eða atvinnustarfsemi
- aðra einstaklinga
- önnur fyrirtæki (þ.m.t. samkeppnisaðila) eða
- vörur annarra fyrirtækja, þjónustu þeirra eða atvinnustarfsemi.

## 1.5 Áreitni

Þú verður að sinna samstarfsreikningi vörumerkis þíns þannig að hann sé laus við áreitni, kúgun, hótanir og illa meðferð. Engin áreitni af neinu tagi verður liðin, þ.m.t. en ekki takmarkað við, kynþáttar- og trúarleg áreitni, líkamleg og munnleg áreitni eða óumbeðin sölumennska, hvatning eða þátttaka í hvers kyns óviðeigandi eða óvelkominni ritaðri, munnlegri, rafrænni eða líkamlegri hegðun, kynferðislegar þreifingar, beiðnir um kynlífsathafnir eða aðrir líkamlegir, munnlegir eða leiktilburðir af kynferðislegum toga við annan samstarfsaðila vörumerkis, starfsmenn fyrirtækis eða viðskiptavini.

## 1.6 Ekkert samband við viðskiptamenn eða meðlimi vísindaráðgjafaráðs

Þér er ekki heimilt að hafa samband við viðskiptamenn fyrirtækisins, birgja, meðlimi vísindaráðgjafaráðs, rannsóknasamstarfsaðila, háskóla eða neina aðra ráðgjafa fyrirtækisins, beint eða óbeint, af faglegum ástæðum né neinum öðrum ástæðum tengdum samstarfsreikningi vörumerkis þíns, án fyrirfram skriflegrar heimildar fyrirtækisins.

## 1.7 Viðhald orðspors fyrirtækisins

Þú lofar að hegða þér ekki á þann hátt að talist geti til hnjóðs fyrir viðskiptaorðspor fyrirtækisins eða samstarfsaðila þess, þ.m.t. framkoma þína utan samstarfsreikning vörumerkis. Fyrirtækið hefur rétt á, að eigin geðþótta, byggt á hlutlægu mati en ekki mismunun, að ákveða hvaða hegðun skuli talin til hnjóðs og til hvaða aðgerða skuli gripið til skv. 6. kafla.

## 1.8 Athugun gagna

Skilyrði þess að þú takir að þér að verða samstarfsaðili vörumerkis er að þú veitir fyrirtækinu rétt á að athuga hvers kyns gögn sem tengjast samstarfsreikningi vörumerkis þíns, til þess að rannsaka hvort þú hafir starfað við samstarfsreikninginn í samræmi við stefnur þessar og starfsreglur. Fyrirtækið kann að óska eftir að sjá viðskiptagögn samstarfsreiknings vörumerkis þíns hvenær sem er, af hvaða ástæðu sem er. Þú verður að hlýða slíkri beiðni um skoðun samstarfsreiknings vörumerkis þíns, með því að veita fljótt og vel aðgang að gögnum eða nákvæmum afritum gagna til skoðunar fyrir fyrirtækið. Fyrirtækið mun aldrei, undir neinum kringumstæðum, óska þess að sjá smásöluverð.

## 2 Farið að lögum

Þegar þú sinnir samstarfsreikningi vörumerkis þíns verður þú að fara að þessum stefnum og starfsreglum og öllum gildandi lögum og reglum, þar á meðan en ekki takmarkað við lög sem tengjast neytendavernd, friðhelgi neytenda, gagnavernd og reglum gegn dreifingu ruslpósts. Þú berð fulla ábyrgð á því að tryggja að þú farir að öllum viðeigandi lögum og að þú munir bera ábyrgð gagnvart fyrirtækinu ef fyrirtækið fær á sig tap vegna brota þinna. Þú er hvattur til að ræða við þína eigin lögfræðinga varðandi fylgni þína að þessum lögum og reglugerðum.

### 2.1 Gegn spillingu

Þú verður að fara að öllum staðbundnum lögum gegn spillingu, („FCPA“), þ.m.t. bandarísku lögunum Foreign Corrupt Practices Act. FCPA áskilur að þú munir aldrei, beint eða óbeint (þ.e. í gegnum umboðsaðila) greiða fé í þeim tilgangi að hafa áhrif á gjörðir eða ákvarðanir erlendra embættismanna. Það eru nokkrar takmarkaðar undanþágur frá þessari reglu. Vegna þess að reglurnar gegn spillingu og undanþágur frá þeim eru flóknar, ættir þú að ráðfæra þig við lögmann þinn varðandi spurningar sem eiga við um reglufylgni við FCPA eða önnur lög gegn spillingu. Til frekari upplýsinga skal vinsamlega sjá stefnu fyrirtækisins gegn spillingu í hlutanum um stjórn stórfyrirtækis undir krækju fyrir fjárfesta í Nu Skin Enterprises, Inc. á vefsetri nuskinenterprises.com.

### 2.2 Friðhelgi og gagnavernd

Þú verður að fara að öllum gildandi persónuverndar- og gagnaverndarlögum á staðnum, þar á meðal reglugerð ESB 2016/679 (General Data Protection Regulation – GDPR).

Einkum skaltu:

- a. Innleiða viðeigandi tæknilegar, efnislegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja trúnað, heilleika og tiltækileika upplýsinga sem þú vinnur úr í samræmi við samstarfssamning vörumerkis.
- b. Ekki flytja upplýsingar út fyrir samþykkt lönd.
- c. Ekki flytja upplýsingar í aðra stofnun/fyrirtæki, að undanskildum hlutdeildarfélagum og dótturfélagum Nu SKin, án fyrirfram, skjalfests og skriflegs samþykkis Nu Skin.
- d. Aðeins notast við vinnsluaðila og/eða undirvinnsluaðila ef slíkir aðilar notfæra sér öryggis- og trúnaðarráðstafanir sem eru í samræmi við þennan hluta.
- e. Láta Nu Skin í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á reglufylgni varðandi skyldur þínar samkvæmt þessum hluta.
- f. Tilkynna Nu Skin þegar lög eða lagalegar kröfur hindra þig við að uppfylla skyldur þínar samkvæmt þessum hluta og

- g. Tilkynna Nu Skin tafarlaust, skriflega, um eftirfarandi:
- Beiðni skráðs aðila um aðgang, leiðréttingu, eyðingu, flutning, mótmæli eða takmörkun upplýsinga í samræmi við samstarfssamning vörumerki.
  - Allar beiðnir eða kvartanir sem berast frá viðskiptavinum eða starfsmönnum Nu Skin.
  - Allar spurningar, kvartanir, rannsóknir eða aðrar fyrirspurnir frá Persónuvernd og
  - Allar beiðnir um upplýsingagjöf frá opinberum aðila sem tengjast á einhvern hátt vinnslu upplýsinga samkvæmt samstarfssamningi vörumerkis.

Þar sem reglurnar eru flóknar sem eiga við um persónu- og gagnavernd ættir þú að leita ráða hjá lögfræðingi þínum varðandi spurningar sem tengjast fylgni við GDPR eða öðrum lögum varðandi persónu- og gagnavernd.

## 3 Sjálfstæður verktaki

### 3.1 Samstarfsaðilar vörumerkis eru sjálfstæðir verktakar

Þú ert sjálfstæður verktaki. Þú ert ekki umboðsaðili, starfsmaður, yfirmaður, hluthafi, meðlimur eða samstarfsaðili fyrirtækisins og þú hefur ekki heimild til að kynna þig sem slíka(n). Þú ert sjálfstætt starfandi án valds til að skuldbinda fyrirtækið eða taka ábyrgðir fyrir hönd þess. Þú hefur heimild til að starfa með þeim hætti og á þeim tíma sem þú kýst, nema ef annað sé tekið fram í þessu samkomulagi. Fyrirtækið getur farið fram á sönnun þess að þú hafir framkvæmt til þess bæra skráningu sem sjálfstæður verktaki til að hægt sé að greiða þér bónusgreiðslur. Þú fellst á að sem sjálfstæður verktaki sért þú:

- ábyrg(ur) fyrir viðskiptaákvörðunum þínum og verðir að ákveða að eigin geðþótta hvenær þú munir sinna vinnu og fjölda stunda sem þú munir vinna,
- að fá bónusgreiðslur eftir því sem vörurnar seljast og ekki eftir því hversu margar klst. þú stundar vinnu,
- að taka áhættu sem frumkvöðull og berir ábyrgð á öllu eigin tapi sem fellur á þig sem samstarfsaðili vörumerkis,
- að greiða þín eigin gjöld fyrir leyfi og hvers kyns tryggingariðgjöld og þú fáið þér atvinnukennitölu, ef þörf er á slíku,
- ábyrg(ur) fyrir öllum kostnaði af eigin viðskiptum, þ.m.t. ferða-, afþreyingar-, skrifstofu-, bókhalds-, lagalegum-, tækja-, framtals-, skatta-, VSK-, tryggingakostnaði og almennum öðrum kostnaði án þess að fá fyrirframgreiðslur, endurgreiðslu eða tryggingar frá fyrirtækinu, og
- ekki launþegi þegar kemur að skattamálum.



### 3.2 Skattar

Greiðslur á hvers kyns sköttum sjálfstæðra atvinnurekenda eru mismunandi eftir mörkuðum. Þú ert ábyrg(ur) fyrir þínum eigin skyldum, sem geta falið í sér skráningar og greiðslur á staðbundnum sköttum eins og tilskilið er skv. lögum. Rekstrarfélög skulu einkum og ávallt fylgja gildandi skattareglum í öðrum mörkuðum en þeim sem þau hafa fasta búsetu í, að því marki sem þau hafa fasta atvinnustöð utan búsetumarkaðar og úthluta á hluta tekna rekstrarfélagsins til hennar. Fyrirtækið mun taka ábyrgð á að halda eftir sköttum á bónusa sem og að sjá um árlega skýrslugerð vegna bónusa ef það er tilskilið að lögum. Þú samþykkir að bæta hvers kyns skaða og halda fyrirtækinu, hlutdeildar- og dótturfélögum þess, stjórnendum og starfsmönnum þess utan við allar kröfur, þ.m.t. vegna sanngjarns lögfræðikostnaðar, sem þriðji aðili kann að leggja fram vegna brota þinna eða sem leiðir af völdum brota þinna gegn ákvæðum þessa hluta 3.2.

### 3.3 Ekki heimild til aðgerða fyrir hönd fyrirtækisins

Þú hefur ekki heimild til aðgerða fyrir hönd fyrirtækisins. Þ.m.t., en er ekki takmarkað við, tilraunir til að:

- skrá eða taka frá nafn fyrirtækisins, vörumerki, viðskiptanöfn, þ.m.t. hvers kyns blöndu eða afleiðslur þess/þeirra eða vörum þess,
- skrá lén fyrirtækisins á netinu, nöfn, vörumerki eða viðskiptanöfn,
- skrá eða tryggja samþykkt á vörum eða viðskiptaaðferðum, eða
- koma á neins konar tengslum í viðskiptum eða ríkisstjórn fyrir hönd fyrirtækisins.

Þú verður að bæta fyrirtækinu allan kostnað og lögfræðikostnað og gjöldum sem fyrirtækið kann að þurfa að greiða til að hreinsa nafn sitt ef þú hefur sýnt óviðeigandi hegðun í nafni fyrirtækisins. Þú verður án tafar að skrá á fyrirtækið hvers kyns skráningar á nafni fyrirtækisins, vörumerkjum, vörum eða netlénnum sem skráð eru eða frátekin eru í trássi við þennan hluta, án endurgreiðslu fyrirtækisins á neinum kostnaði sem þú kannt að hafa þurft að greiða.

### 3.4 Óheimilt að nefna sem vinnuveitanda

Þér er óheimilt að benda á fyrirtækið sem vinnuveitanda þinn<sup>12</sup>. Þetta á m.a. við um, en takmarkast ekki við,

<sup>12</sup> **Frakkland:** Einhverjar undanþágur kunna að vera á þessu með tilliti til skyldna vegna almannatrygginga. Hafðu samband við Nu Skin Local fyrirtækið til að fá nánari upplýsingar.

umsóknir um lán, opinber eyðublöð, beiðnir um staðfestingu á atvinnu, umsóknir um atvinnuleysisbætur eða nein önnur opinber eða óopinber skjöl og eyðublöð.

## 4 Pöntun vöru og þjónustu

### 4.1 Pöntun

Dú getur pantað vörur beint frá fyrirtækinu eða vörumiðstöðvum þess. Ekki er um að ræða neinar lágmarkspantanir, en hins vegar getur sendingarkostnaður verið breytilegur eftir því magni sem pantað er.

### 4.2 Afsal eignar

Eign og hætta á tapi vöru sem þú pantar flyst á þig þegar varan er afhent þér.

### 4.3 Birgðahald og 80 prósent reglan

Sem samstarfsaðili vörumerkis hefur þú engar sérstakar kröfur á birgðahaldi. Dú verður að nota eigin skynsemi við ákvarðanatöku um þörf á birgðum. Ákvörðun skal byggjast á eðlilegri spá um notkun (til kynningar og persónulegra nota) við smásölu (í löndum þar sem smásala er heimilud<sup>13</sup>). Þér er óheimilt að panta meira en skynsamlegt magn af birgðum. Með því að leggja inn pöntun staðfestir þú að þú hafir selt eða notað a.m.k. 80 prósent heildarbyrgða frá því að síðast var pantað.

### 4.4 Aðferðir við pöntun

Fyrirtækið veitir ekki lán fyrir pöntunum. Pantanir verða ekki sendar fyrr en þær eru greiddar að fullu. Greiðslur verða að fara fram með ávísun, greiðslukorti, reiðufé, millifærslu eða öðrum aðferðum sem fyrirtækið samþykkir.

### 4.5 Veiting inneignar

Fyrirtækisinneign má veita í því tilfalli að ofgreiðsla hafi borist, við vöruskipti eða við aðstæður þegar ekki er

---

<sup>13</sup> Vinsamlegast sjá hluta 3.11 í 2. kafla til að fá nánari upplýsingar.

hægt að uppfylla pantanir að fullu. Sölupunktur einstaklinga og hóps eru skráð í inneign þegar fyrirtækið notar inneignarfærslu.

#### 4.6 Verðbreytingar

Fyrirtækið mun veita þér 30 daga viðvörðun áður en verð breytast á vörum og þjónustu<sup>14</sup>. Ekki verður veitt viðvörðun ef verð breytast vegna breytinga á viðeigandi virðisaukaskatti.

#### 4.7 Pantanir fyrir annan samstarfsaðila vörumerkis

Þér er óheimilt að leggja fram pantanir í nafni annars samstarfsaðila vörumerkis án þess að sá samstarfsaðili veiti þér skriflegt leyfi fyrirfram. Þú verður að leggja fram afrit af skriflegu samþykki til fyrirtækisins sé þess óskað.

#### 4.8 Greiðslur án nægrar innistæðu

Sé ávísun endursend vegna ónógrar innistæðu eða ef kreditkortsgreiðslu er hafnað, verður þú umsvifalaust að greiða fyrirtækinu heildarupphæð hinnar óuppgerðu greiðslu. Ef misbrestur verður á því að inna þessa greiðslu af hendi hefur þú brotið samninginn.

#### 4.9 Notkun greiðslukorta annars einstaklings

Þér er ekki heimilt að nota greiðslukort annars einstaklings til að panta vörur, þjónustu eða stuðningsefni fyrirtækisins án þess að hafa fyrirfram samþykki þess einstaklings. Þú verður að leggja fram afrit af skriflegu samþykki og persónuskilríki þessa einstaklings til fyrirtækisins, sé þess óskað.

#### 4.10 Automatic Delivery Rewards Program (sjálfvirkt afgreiðslukerfi)

Sjálfvirka afgreiðslukerfið („**ADR kerfið**“) er valkostur sem býðst í sumum samþykktum löndum. ADR kerfið gerir þér kleift að leggja fram staðlaða vörupöntun, sem send er til þín mánaðarlega þér til þæginda. Greiðslur

---

<sup>14</sup> Tilkynningar verða sendar til þín í tölvupósti og birtar á vefsetrum Nu Skin. Fyrir **Rússland og Úkraínu**: litið verður á breytingarnar samþykktar af þér frá þeim degi sem þær hafa tekið gildi.

fyrir pantanirnar fara eftir því hvaða greiðslukostir bjóðast á þínum markaði og ef þeir bjóðast, reglulegar mánaðarlegar greiðslur. Skilmálar ADR kerfisins eru birtir í samkomulagi um Automatic Delivery Rewards og á vefsetri fyrirtækisins. Fyrirtækið getur hætt (i) ADR kerfinu hvenær sem er, af hvaða ástæðu sem er og (ii) réttur þinn til þátttöku í ADR kerfinu er eins og því er lýst í skilmálum ADR kerfisins. Þú getur afpantað hina mánaðarlegu ADR pöntun með skriflegri tilkynningu eins og lýst er í skilmálum ADR kerfisins.

#### 4.11 Smásala vöru

(a) Samþykkt lönd á Evrópska efnahagssvæðinu og Sviss. Ef búsetumarkaður þinn er hluti af Evrópska efnahagssvæðinu eða er Sviss (saman nefnd „EEA“) og þú vilt selja vörur innan EES, þá mátt þú, skv. þessum hluta 5.2 í 2. kafli, selja þær, að því gefnu að það sé heimilt skv. staðbundnum lögum<sup>15</sup>. Vörur sem seldar eru annars staðar innan EES verða að fylgja öllum viðeigandi lögum (þ.m.t., en ekki takmarkað við, skilyrði um sölu vara í öllum samþykktum löndum).

Þér er ekki heimilt af nokkurri ástæðu að flytja inn vörur eða stuðningsefni, beint eða óbeint, inn á ósamþykktan markað eða inn í markað þar sem þú býrð ekki, nema að því marki sem heimilað er í þessum undirkafla. Þú ættir að hafa samband við fyrirtækið um frekari upplýsingar varðandi innkaup og skilyrði fyrir smásöluverslun.

(b) Samþykkt lönd önnur en á EES. Ef að búsetumarkaður þinn er ekki hluti af EES, mátt þú aðeins endurselja vörur á búsetumarkaði þínum, að því gefnu að það sé heimilað skv. lögum<sup>16</sup>. Vörurnar sem þú endurselur verður þú einnig að kaupa hjá fyrirtækinu á þínum búsetumarkaði og þú mátt ekki endurselja vörur á búsetumarkaði þínum sem þú fékkst frá fyrirtækinu á öðrum markaði. Þér er ekki heimilt af nokkurri ástæðu að

<sup>15</sup> **Austurríki:** Skv. austurrískum reglum „Gewerbeordnung (GewO) § 57 Abs. 1: Aufsuchen von Privatpersonen“ er endursala snyrtivara og fæðubótarefna óheimil í Austurríki. Fæðubótarefni sem keypt eru af Nu Skin Local fyrirtækinu eru aðeins til persónulegra nota.

**Frakkland:** „VDI Mandataires“ er ekki heimilt að selja viðskiptavinum beint í smásölu.

**Ungverjaland:** Til þess að selja í smásölu verða samstarfsaðilar vörumerkis að fá viðeigandi viðurkenningu sem áskilin er af „Decree 21/2010 (V.14)“ frá ráðherra efnahags- og þróunarmála, varðandi hæfnismat sem krafist er til að geta nýtt sér tiltekna iðnaðar- og viðskiptastarfsemi. Smásölustarfsemi verður að vera tilkynnt til Ungversku viðskiptaleyfastofnunar.

**Ítalía:** Incaricati mega aðeins kynna, með beinum eða óbeinum hætti, söfnun innkaupapantana á heimili neytenda fyrir hönd fyrirtækisins. Sem sölufulltrúi (*incaricato*) mátt þú aðeins kaupa vörur til að uppfylla persónulega þörf þína og þeirra sem búa með þér í heimili. Þú verður að snúa öðrum innkaupapöntunum til Nu Skin.

<sup>16</sup> **Ísrael:** Samstarfsaðilum vörumerkis er ekki heimilað að selja vöru í smásölu nema að þeir séu skráðir sem fyrirtæki.

**Rússland og Úkraína:** Samstarfsaðilar vörumerkis mega ekki selja neins konar fæðubótarefni. Fæðubótarefni sem keypt eru af Nu Skin Local fyrirtækinu eru aðeins til persónulegra nota.

flytja inn vörur eða stuðningsefni, beint eða óbeint, inn á ósamþykktan markað eða inn á markað sem er ekki þinn búsetumarkaður.

(c) Þegar þú samþykkir samstarfssamning vörumerkis hefur þú heimild til að kaupa vörur á markaði sem þú býrð ekki í. Nema ef þú uppfyllir skilyrðin í undirhluta 3.11 (a) í þessum texta, þá mátt þú einungis kaupa vörur til persónulegra nota á markaði þar sem þú býrð ekki eða til að sýna vörunar nýjum væntanlegum samstarfsaðilum vörumerkis. Þessi regla á einnig við um íbúa EES sem eru staðsettir í löndum utan EES. Þú getur ekki endurselt vörur utan búsetumarkaðar þíns. Þú getur þurft að uppfylla frekari skilyrði fyrir tiltekinn markað.

## 5 Vöruskipti og vöruskil

### 5.1 Endurgreiðslureglur

(a) Fyrirtækið mun veita endurgreiðslur vegna vörukaupa með eftirfarandi hætti:

(i) Annað en persónusniðið auglýsingaefni skulu vörur og annað stuðningsefni sem keypt var frá fyrirtækinu og skilað til fyrirtækisins á þinn kostnað, innan 14 daga frá dagsetningu þeirri sem þú tilkynnir fyrirtækinu um að hætta við pöntunina (að hlutað eða í öllu leyti. Fyrirtækið mun veita þér 100% endurgreiðslu innkaupsverðs, þ.m.t. allan fyrirfram greiddan VSK eða annan skatt, að því gefnu að þeim sé skilað óopnuðum og í endurseljanlegu ástandi. Ef þú hættir við pöntunina innan mánaðar frá afhendingu. Ef þú hættir við pöntunina innan 14 daga frá afhendingu mun endurgreiðslan einnig fela í sér endurgreiðslu sendingarkostnaðar (að undanteknum aukakostnaði fyrir hraðsendingu). Annars mun endurgreiðslan ekki fela í sér vörugjöld og sendingarkostnað. Í öllum tilvikum verður þú að bera beinan kostnað af skilum á vörum til fyrirtækisins. Bónusar og annar ávinningur sem tengist kaupunum verður einnig dreginn frá.

(ii) Nema ef annað sé tekið fram í viðeigandi lögum mun fyrirtækið endurgreiða þér 90% verðsins auk viðeigandi fyrirframgreiddra skatta<sup>17</sup>, að frádregnum sendingar-kostnaði, viðeigandi bónusum og öðrum ávinningi sem tengist kaupunum, á óopnuðum eða endurseljanlegum vörum eða stuðningsefni, sem selt er af fyrirtækinu (nema persónugerðu auglýsingaefni). Þú verður að skila vörum innan 12 mánaða frá pöntunardegi. Þú mátt einungis skila vörum eða stuðningsefni sem þú keyptir persónulega frá fyrirtækinu. Fyrirtækið endurgreiðir ekki upphaflegan sendingarkostnað á vörur sem þú skilar.

<sup>17</sup> **Gvadelúpeyjar og Martiník:** Fyrir utan skatta sem tengjast „octroi de mer” og sjótolla.

(iii) Vörur seldar sem hluti af setti má skila sér, að því gefnu að þeim sé skilað óopnuðum og í endurseljanlegu ástandi. Vörur verða endurgreiddar á viðeigandi afsláttarverði. Öllum öðrum vörum sem eru hluti af setti, pökkum, kerfi eða safni er ekki heimilt að skila sér, nema sérstök skilyrði eigi við um vöruna.

(iv) Til þess að fyrirtækið geti bakfært viðeigandi bónusa á skilavöru á réttan hátt, verður þú að geyma númer pöntunarinnar á reikningnum. Þú verður að leggja fram pöntunarnúmerið til fyrirtækisins þegar beðið er um endurgreiðslu. Endurgreiðsluaðferðin verður grundvölluð á staðbundnum greiðsluaðferðum og upphaflegu greiðslunni, s.s. bankamillifærslu eða greiðslukorti. Í stað endurgreiðslu og ef heimilt er skv. lögum, gæti fyrirtækið valið aðra kosti, s.s. vöruinneign. Vöruskil geta haft áhrif á möguleika þína á því að fá bónusgreiðslur og stöðuhækkun og ef bónusar hafa þegar verið greiddir á vöru sem skilað er, mun fyrirtækið endurheimta bónusgreiðslurnar eins og fram kemur að neðan í hluta 6.9 í 2. kafli.

(v) Fyrirtækið mun ekki veita endurgreiðslu fyrir stuðningsefni og þjónustu sem keypt var af öðrum samstarfsaðila vörumerkis. Þú verður að óska eftir endurgreiðslu beint frá samstarfsaðilanum sem seldi þér stuðningsefnið og þjónustuna.

(b) Áskriftarþjónusta. Almennt er hægt að segja upp áskriftarþjónustu sem innheimt er mánaðarlega, nema ef um annað sé getið í skilmálum samningsins. Áskriftarþjónustu sem er sagt upp innan við viku frá síðustu dagsetningu innheimtu, mun fá 100% endurgreiðslu eða inneign fyrir mánuðinn sem var greiddur og síðan sagt upp. Áskriftarþjónustu sem er aflýst meira en einni viku eftir dagssetningu síðustu innheimtu, er ekki hæf til endurgreiðslu. Árlegri áskriftarþjónustu getur verið aflýst hvenær sem er, nema skilmálar samningsins segi til um annað. Endurgreiðslur verða hlutfallslegar, miðað við fjölda mánaða sem eftir eru á áskrift fyrir árið.

## 5.2 Vöruskiptareglur fyrir vörur sem keyptar voru beint frá fyrirtækinu

Nema ef um annað sé getið í gildandi lögum, mun fyrirtækið skipta á vörum sem keyptar eru beint frá fyrirtækinu, sem sendar voru vegna mistaka eða eru gallaðar, ef þú lætur fyrirtækið vita innan 90 daga frá dagsetningu kaupanna. Ef skipti eru ekki fýsileg, getur fyrirtækið gefið út (i) inneign fyrir upphæð varanna sem skipt er, sem nota má til kaupa á annarri vöru eða (ii) full endurgreiðsla innkaupsverðsins er gerð.

### 5.3 Starfshættir fyrir endurgreiðslu eða skipti

Dú verður að fara að eftirfarandi starfsháttum til að fá endurgreiðslu eða skipti:

(a) Fyrirtækið mun segja þér frá viðeigandi aðferð og stað til að endursenda vörurnar. Fyrirtækið endurgreiðir ekki upphaflegan sendingarkostnað á vörur sem þú skilar nema þú hafir hætt við pöntunina innan 14 daga frá afhendingu. Dú verður að standa straum af öllum endursendingarkostnaði;

(b) Eftir að þú hefur hætt við pöntunina skaltu skila vörunum aftur til fyrirtækisins eigi síðar en 14 dögum frá þeim degi sem þú fékkst frá fyrirtækinu tilvísunarnúmerið fyrir skilin.

(c) Fyrirtækið getur endurgreitt þér um leið og, og eigi síðar en 14 dögum eftir (i) að það hefur mótttekið vörurnar eða (ii) ef þú hefur framvísað gögnum um að hafa sent vörurnar til baka, hvort sem kemur á undan.

(d) Starfsreglur geta verið mismunandi í lögsagnarumdæmum þar sem mismunandi reglur gilda skv. lögum.

## 6 Sala til neytenda og vöruskil neytenda

### 6.1 Sala til viðskiptavina

Tilgangur beina dreifingarkerfisins er að selja vörur til viðskiptavina en ekki sala til annarra endursöluaðila. Þess vegna ættir þú að einbeita þér að sölu vara til viðskiptavina. Ef sala í smásölu er heimiluð skv. gildandi lögum getur þú sett upp þín eigin smásöluverð fyrir vörur og getur haldið öllum hagnaði sem þú færð fyrir að selja vörur í smásölu. Ef sala til neytenda er ekki heimiluð skv. gildandi lögum<sup>18</sup>, mátt þú nota vörur til vörukynninga eða til eigin nota.

### 6.2 Engin heildsala vöru

Fyrirtækið áskilur sér allan rétt til heildsölu og allir endursöluaðilar eru valdir sérstaklega af fyrirtækinu. Dú mátt þess vegna ekki stunda virka sölu eða dreifingu á vörum til aðila sem ætla sér að endurselja vörurnar eða hafa endurselt vörur áður og geta ekki sýnt fram á að þeir ætli að kaupa vörurnar til eigin persónulegra nota. Þér er óheimilt að selja, annað hvort beint eða óbeint, á virkan hátt til aðila sem á endanum (i) endurselja vörur í smásöluverslun, (ii) endurselja vörur á netinu og skiptir þá dreifingarleiðin á netinu ekki máli, nema að hún

---

<sup>18</sup> Vinsamlegast sjá hluta 3.11 í 2. kafli til að fá nánari upplýsingar.

hafi verið samþykkt af fyrirtækinu skriflega, (iii) flytja vörur inn á óopnaðan markað, eða (iv) nota hvers kyns aðrar dreifingaradferðir sem brjóta gegn megintilgangi beins sölustarfs þíns og fyrirtækisins. Rétturinn til óvirkrar sölu er óbreyttur. Þú þarft að taka skynsamleg skref til að tryggja, að aðilar sem kaupa vörur af þér, hafi ekki í hyggju að brjóta ákvæði þessa hluta 5.2.

### 6.3 Kvittanir fyrir sölu í smásölu

Þú verður að gefa kvittanir, þ.m.t. afturköllunareyðublaðið, til smásöluviðskiptavina þinna eftir því sem hér segir<sup>19</sup>:

(a) Þú verður að veita viðskiptavinum heildstæða smásölukvittun við söluna. Smásölukvittunin kemur ekki í stað kröfunnar um að reikningur sé til staðar, ef skylda er að gefa út reikning skv. gildandi lögum. Allar eyður í hlutanum sem vísar til endurgreiðslustefnu á baki kvittunarinnar verða að vera fylltar út. Smásölukvittunin ætti að vera fyllt út, þ.m.t. hlutirnir sem pantaðir eru, söluupphæðin, nafn viðskiptavinar, undirskrift, heimilisfang, símanúmer, söludagsetning, afhending, nafn þitt, undirskrift, viðskiptaaðsetur, viðskiptasímanúmer og annað sem áskilið er á smásölukvittun.

(b) Þú verður að varðveita afrit smásölukvittunar í gögnum þínum. Þú verður að varðveita afrit af öllum smásölukvittunum í gögnum þínum í a.m.k. fjögur ár eða lengur, ef þess er krafist í gildandi lögum<sup>20</sup>.

(c) Þú fellst á að þekkja og fylgja gildandi persónuverndarlögum varðandi söfnun persónulegra upplýsinga allra viðskiptavina þinna, þ.m.t. að fá skýra heimild til að safna og varðveita persónulegar upplýsingar um viðskiptavini þína og möguleikann á því að flytja þær til fyrirtækisins í þeim tilgangi eingöngu að sannreyna þær.

### 6.4 Endurgreiðslutrygging, endurgreiðsla til viðskiptavina og skipti fyrir smásöluviðskiptavini þína

(a) Þú verður að fara eftir gildandi lögum á staðnum um afturköllun sölu eins og fram kemur á smásölukvittuninni. Ef lögin veita aukin réttindi, samþykkir þú að veita smásöluviðskiptavini þau réttindi. Þetta

<sup>19</sup> **Ísrael:** Samstarfsaðilum vörumerkis er ekki heimilað að selja vöru í smásölu nema að þeir séu skráðir sem fyrirtæki. Engin skylda er að gefa smásölukvittanir í Ísrael.

**Suður-Afríka** Engin skylda varðandi smásölukvittanir.

**Ítalía:** Samstarfsaðilum vörumerkis er ekki heimilað að selja vöru í smásölu. Engin skylda er að gefa smásölukvittanir á Ítalíu.

<sup>20</sup> **Noregur:** Þú verður að varðveita afrit af öllum smásölukvittunum í gögnum þínum að hámarki í þrjú ár.



þýðir að þú verður, af hvaða ástæðu sem er, að veita fulla endurgreiðslu kaupverðs með VSK og sendingarkostnaði til smásöluviðskiptavinar - ef við á, án neinnar endurgreiðslu frá fyrirtækinu. Aðeins er tilskilið að viðskiptavinurinn verði að óska eftir endurgreiðslu innan skilátímans sem tilgreindur er á smásölukvittuninni og endursenda ónotaðan hluta vörunnar. Þú verður að endurgreiða endursendar vörur innan 14 daga frá beiðni viðskiptavinarins. Fyrirtækið hvetur þig til að virða beiðnir smásöluviðskiptavina þinna fyrir endurgreiðslu eða vöruskipti, jafnvel þótt beiðnir berist eftir skilafrestinn, eins og hann er skráður á smásölukvittun.

(b) Ef smásöluviðskiptavinur þinn kaupir vörur beint frá fyrirtækinu, mun fyrirtækið, nema að annað sér tekið fram í gildandi lögum eða tiltekinni vöruábyrgð, veita smásöluviðskiptavini (i) 100% endurgreiðslu á endursendar vörur, ef vörum er skilað innan 90 daga frá innkaupsdegi, og (ii) vöruskipti ef vörur voru ranglega sendar eða eru gallaðar, eins og fram kemur í hluta 4.2 í 2. kafli. Ef vörunum er skilað innan 14 daga frá afhendingu, mun endurgreiðslan einnig fela í sér endurgreiðslu sendingarkostnaðar (að frádregnum aukakostnaði fyrir hraðsendingu). Til að uppfylla frest um afturköllun er nóg fyrir viðskiptavininn að láta fyrirtækið vita af ákvörðun sinni um að hætta við pöntunina og skila vörunum innan 14 daga frá þeirri stundu.

(c) Ef smásöluviðskiptavinur þinn kaupir vörur beint frá þér og skilar þeim síðan til að fá endurgreiðslu, þá ertu ábyrg(ur) fyrir og verður að veita smásöluviðskiptavininum endurgreiðslu án nokkurrar endurgreiðslu frá fyrirtækinu. Fyrirtækið hvetur þig til að virða beiðnir smásöluviðskiptavina þinna fyrir endurgreiðslu, jafnvel þótt beiðnir berist eftir skilafrestinn, eins og hann er skráður á smásölukvittun.

(d) Ef smásöluviðskiptavinur kaupir vörur beint frá þér en skilar þeim síðan til að fá vöruskipti, ert þú ábyrg(ur) fyrir vöruskiptunum og fyrirtækið mun þá aðeins endurnýja vöruna ef henni er skilað innan 60 daga frá þeim afhendingardegi og ef varan er gölluð.

## 7 Söluárangurskerfi

### 7.1 Söluárangurskerfi

Þér hefur verið veitt fullt afrit af söluárangurskerfinu. Söluárangurskerfið er hluti af samningnum og þú ert bundinn af skilmálum þess. Fyrirtækið getur breytt söluárangurskerfinu hvenær sem er með 30 daga fyrirvara<sup>21</sup>. Nýjasta afrit af söluárangurskerfinu má finna á [www.nuskin.com](http://www.nuskin.com).

<sup>21</sup> Tilkynningar verða sendar til þín í tölvupósti og birtar á vefsetrum Nu Skin. Fyrir **Rússland og Úkraínu**: litið verður á breytingarnar samþykktar af þér frá þeim degi sem þær hafa tekið gildi.

## 7.2 Undanþágur frá söluárangurskerfinu

Fyrirtækið hefur fullan rétt á að halda, viðhalda eða hækka stöðu samstarfsaðila vörumerkis skv. söluárangurskerfinu að eigin geðþótta, án þess að viðkomandi þurfi að uppfylla stöðuhækkunarskilyrði eða veita undanþágu frá hvers kyns kvöðum og skilyrðum söluárangurskerfisins. Nema ef um annað sé kveðið skriflega af fyrirtækinu, getur fyrirtækið bundið enda á undanþáguna sem veitt var skv. þessum 6.2 hluta 2. kafla hvenær sem er og af hvaða ástæðu sem er.

## 7.3 Engar greiðslur fyrir stuðningsaðild

Þú færð ekki neinar greiðslur fyrir að vera stuðningsaðili annarra samstarfsaðila vörumerkis. Upphæð sölubóknana þinna fer eftir því hvað þú vinnur mikið og mun fara eftir sölu þinni á vörum og afköstum hópsins þíns.

## 7.4 Tekjur ekki tryggðar

Þér eru ekki tryggðar neinar sérstakar tekjur né er þér tryggður neinn hagnaður eða velgengni. Það krefst tíma, viðleitni og skuldbindingar við reksturinn ef þú vilt fá þýðingarmikla sölubóknun sem samstarfsaðili vörumerkis. Þú ættir að sinna samstarfsreikningi vörumerkis á fjárhagslega ábyrgan og faglega hátt—þú ættir ekki (i) að safna skuldum til kaupa vöru, stuðningsefni og þjónustu, (i) að hætta núverandi atvinnu þar til þú hefur öðlast sjálfstraust og hefur efni á að gera það, né (iii) að greiða kostnað sem fer umfram upphæð bónusgreiðslna sem þú færð. Þetta er ekki kerfi sem gerir þig „ríka(n) á augabragði“. Hagnaður þinn verður til með velgengni í sölu vara og sölu annarra samstarfsaðila vörumerkis í hópi þínum. Meðaltalstekjur samstarfsaðila vörumerkis á hverju stigi innan söluárangurskerfisins má sjá á [www.nuskin.com](http://www.nuskin.com).

## 7.5 Fölsun söluárangurskerfisins

Viðhald heilinda söluárangurskerfisins er afar áriðandi fyrir fyrirtækið. Þú verður að fara að skilmálum söluárangurskerfisins og þú mátt ekki á nokkurn hátt falsa kennitölur, falsa nöfn, nota falskan samstarfsreikning vörumerkis, kaupa viðbótarvörur til að viðhalda stöðuhækkun, halda vörubirgðir eða nota annars konar fölsunaraðferðir sem brjóta í bága við skilmála söluárangurskerfisins, anda þess eða tilgangi.

## 7.6 Bónusgreiðslur

Til viðbótar við smásöluhagnað sem þú gætir náð af endursölu vara, þar sem hún er heimiluð skv. lögum, gætir þú einnig fengið bónusgreiðslur skv. söluárangurskerfinu, skv. eftirfarandi:

(a) Þér er ekki heimilt að fá bónusgreiðslur ef þú brýtur ákvæði samningsins. Ef þú:

- (i) hefur ráðið bót á brotinu á máta sem fullnægir kröfum fyrirtækisins fyrir þá dagsetningu sem tiltekin er í skriflegu tilkynningunni til þín frá fyrirtækinu þar sem farið er yfir samningsbrotið, fyrirtækið mun koma aftur á rétti þínum til að fá bónusgreiðslur í framtíðinni. Undir þessum kringumstæðum getur fyrirtækið (að eigin geðþótta og þegar tekið er mið af eðli samningsbrotsins) ákveðið að greiða þér bónusa (að fullu eða hluta) í tengslum við það tímabil þar sem þú braust gegn samningnum en því er þó ekki skylt að gera það.
- (ii) hefur ráðið bót á brotinu á máta sem fullnægir kröfum fyrirtækisins fyrir þá dagsetningu sem tiltekin er í skriflegu tilkynningunni til þín frá fyrirtækinu þar sem farið er yfir samningsbrotið, fyrirtækið (sem hluti af þínum bótagreiðslum til fyrirtækisins vegna brotsins) hefur rétt á að halda eftir greiðslu bónusa (að fullu eða hluta) varanlega í tengslum við það tímabil þar sem þú braust gegn samningnum. Fyrirtækið mun hefja aftur bónusgreiðslur þegar þú hefur ráðið bót á broti á máta sem fullnægir kröfum fyrirtækisins og þú ferð að skilmálum samningsins og/eða
- (iii) brýtur sífellt gegn samningnum og fyrirtækið hefur fengið tilkynningu þess efnið, fyrirtækið getur (að eigin geðþótta og þegar tekið er mið af eðli samningsbrotsins) hætta að greiða þér bónusa (að fullu eða hluta) í tiltekinn tíma sem fyrirtækið telur eiga við um kringumstæðurnar.

(b) Fyrirtækið getur hvenær sem er með 30 daga fyrirvara breytt skilyrðum þess að fá bónusgreiðslur og skilmálum um ákvörðun upphæðar bónusgreiðslu<sup>22</sup>.

(c) Bónusgreiðslur má greiða með millifærslu, ávísun, eða hvers konar öðrum aðferðum sem fyrirtækið kys. Þú samþykkir að taka við greiðslum frá fyrirtækinu eða Nu Skin Local fyrirtækinu í heimamarkaði þínum sem sannreynt er með persónuskilríkjum.

(d) Engir vextir safnast á bónusgreiðslur þegar slíkum greiðslum seinkar af fyrirtækinu af hvaða orsökum sem er. Og

---

<sup>22</sup> Tilkynningar verða sendar til þín í tölvupósti og birtar á vefsetrum Nu Skin. Fyrir **Rússland og Úkraínu**: litið verður á breytingarnar samþykktar af þér frá þeim degi sem þær hafa tekið gildi.

(e) Fyrirtækið greiðir engar bónusgreiðslur þar til samanlagðir uppsafnaðir bónusar ná upphæðinni 10 evrur<sup>23</sup>. Ef samstarfsreikningur vörumerkis þíns hættir munu allir uppsafnaðir bónusar undir 10 evrum tapast.

## 7.7 Áskilin sala - smásala sannreynd

Þú hefur ekki rétt á að fá bónusgreiðslu í þeim mánuði sem þú hefur ekki fimm mismunandi sölur, eins og áskilið er í söluárangurskerfinu. Sölur innifela bæði kaup hjá neytendum og viðskiptavinum frá fyrirtækinu undir þínu stuðningskenni, skv. hluta 3.11 í 2. kafla, smásala sem þú sinnir. Ef um smásölu er að ræða, verður þú að halda eftir gögnum um smásölu í a.m.k. fjögur ár eða í þann lágmarkstíma sem gildandi lög segja fyrir um, til að sanna að þú hafir selt vöruna. Þú verður að hafa þessi gögn til reiðu fyrir fyrirtækið sé þess óskað. Ef þú getur ekki skráð viðkomandi sölu ert þú að brjóta samninginn. Fyrirtækið gæti afturkallað alla bónusa greidda fyrir pantanir í þeim mánuðum sem ekki hafa smásölugögn til stuðnings sölunni. Fyrirtækið endurskoðar reglulega fylgni samstarfsaðila vörumerkis við þennan hluta.

## 7.8 Tímasetning

Pantanir fyrir vörur fylgja bara með í hæfnisútreikningum fyrir bónusgreiðslur og fulltrúa vörumerkis í hverjum mánuði, ef pöntunin er móttækin af Nu Skin local fyrirtækinu síðasta viðskiptadag mánaðarins eða fyrir þann tíma. Ef fyrirtækið setur vörur í biðpöntun, mun persónulegt sölumagn fyrir þessar vörur aðeins vera tekið með í bónus- og fulltrúaútreikningum í þeim mánuði sem vörur eru sendar.

## 7.9 Endurgreiðslur bónusa

(a) Til viðbótar við allan annan rétt til endurgreiðslu í stefnum þessum og starfsreglum, áskilur fyrirtækið sér rétt til að krefjast þess að þú endurgreiðir alla bónusa sem þér voru greiddir:

- (i) á vörur sem skilað var skv. endurgreiðslureglum fyrirtækisins.
- (ii) á vörur sem skilað var í tengslum við hvers kyns misferli samstarfsaðila vörumerkis.
- (iii) fyrir mistök af fyrirtækinu, eða

<sup>23</sup> Í löndum utan Evrópusvæðisins: Lágmarkið verður grundvallað á gjaldmiðli landsins á dagsetningu sem sölu er hætt og gjaldeyrisviðskiptagengi hjá banka sem fyrirtækið velur.

(iv) í því tilfalli að þú brjótir hluta ákvæðis 6.5 í 2. kafla, mun fyrirtækið, til viðbótar við aðrar úrbætur sem það kann að hafa, aðlaga stöðuhækkanir þínar og endurreikna bónusa fyrir tímabilið þegar starfsemin átti sér stað, með því að taka ekki tillit til vöru sem var skilað, sem var keypt í því augnamiði að viðhalda fulltrúastöðu vörumerkis eða annars konar starfsemi sem brýtur á hluta 6.5 í 2. kafla. Þú verður að endurgreiða alla bónusa sem þér voru greiddir umfram leiðréttu bónusa samkvæmt útreikningum fyrirtækisins, eins og greint er frá hér að ofan. Þessum úrræðum má einnig beita á samstarfsaðila vörumerkis sem eru fyrir ofan þig.

(b) Ef þér er áskilið að greiða til baka bónusa til fyrirtækisins, hefur fyrirtækið rétt á að endurheimta þá upphæð með því að (i) óska eftir beinni endurgreiðslu upphæðarinnar frá þér, eða (ii) að halda þeirri upphæð eftir af bónusgreiðslum nú eða í framtíðinni.

(c) Framlengingar á endurgreiðslustefnu fyrirtækisins, hvort heldur er skv. gildandi lögum eða í tilfellum þar sem samstarfsaðilar vörumerkis misnotuðu, beittu villandi upplýsingum eða við aðrar veikbyggðar aðstæður, gera endurgreiðslur fyrirtækisins nauðsynlegar umfram það sem kemur fram í endurgreiðslustefnu þess, og skal það ákveðið í hverju tilfalli fyrir sig. Ef svo vill til að fyrirtækinu er áskilið að endurgreiða umfram það sem fram kemur í endurgreiðslustefnu þess, getur fyrirtækið náð aftur bónusgreiðslum sem greiddar voru til þín á þær vörur einnig.

## 7.10 Greiðsluleiðréttingar

Það er skylda þín að ganga úr skugga um að bónusgreiðslur þínar séu réttar. Ef þú uppgötvar mistök á greiðslum til þín, verður þú að láta fyrirtækið vita innan 90 daga eftir móttöku bónusgreiðslu þinnar. Ef þú lætur fyrirtækið ekki vita um mistök eða misræmi hvað varðar bónusgreiðslur innan þessa 90 daga tímabils, er litið svo á að þú hafir samþykkt greiðsluna sem uppgreiðslu á öllum bónusum sem áunnir séu á því tímabili, og að þú hafir engan rétt til að mótmæla bónusgreiðslunum eftir það eða óska eftir viðbótarbónusgreiðslu.

# 8 Ábyrgð á vörugöllum, kröfur og tryggingar

## 8.1 Trygging

Ef krafa um vöruábyrgð kemur fram gegn þér af hendi þriðja aðila vegna gallaðrar vöru eða vegna líkamstjóns af notkun vöru, mun fyrirtækið tryggja þig og verja gegn slíkum kröfum, skv. þeim takmörkunum á skilmálum sem lýst er í hluta 7.2 í 2. kafla.

## 8.2 Skilyrði fyrir tryggingum

Með fyrirvara um lög og reglur á hverjum stað, til þess að tryggja að þú sért ekki skaðabótaskyld(ur), verður þú að láta Nu Skin local fyrirtækið vita skriflega innan 10 daga frá því að þú fékkst tilkynningu um kröfuna. Fyrirtækinu ber ekki skylda til að tryggja þig ef þú hefur (a) brotið samninginn, (b) endurpakkað eða misnotað vörur eða gefið yfirlýsingar um öryggi vara, notkun þeirra eða ávinning af notkun þeirra sem fyrirtækið heldur ekki fram í samþykktum útgáfum, viðvörðunum eða vörumerkingum, eða (c) útkljáð eða reynt að útkljá kröfu án skriflegs samþykkis fyrirtækisins. Til viðbótar tryggingunni er ætlast til af þér að þú heimilir fyrirtækinu að taka yfir vörn málsins í heild sinni.

## 8.3 Trygging fyrir bóttum af þinni hálfu

Þú samþykkir að tryggja fyrirtækið fyrir hvers konar kröfu frá þriðja aðila sem stafar beinlínis af því að þú hefur (a) brotið samninginn, eða (b) endurpakkað, breytt eða misnotað vörur eða gefið yfirlýsingar eða leiðbeiningar um vöruöryggi, notkun eða ávinning af notkun þeirra sem fyrirtækið heldur ekki fram í samþykktum útgáfum, aðvörðunum eða á vörumerkingum.

# 9 Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði

## 10 Tenging annarra samtaka við fyrirtækið

Viðskiptatækifæri fyrirtækisins er ekki byggt á kynþætti, kyni, skoðunum eða stjórnmálaskoðunum. Þegar þú þjálfar hópinn þinn í sölu vara eða kynningu viðskiptatækifærisins, mátt þú ekki auglýsa, vera talsmaður fyrir, selja eða taka með í þjálfunina kynningarefni, bækur eða annað efni sem auglýsir önnur samtök eða einstaklinga, hvort sem er trúarlegs-, stjórnmálalegs-, viðskiptalegs- eða félagslegs eðlis eða sem gefur í skyn tengingu fyrirtækisins við önnur samtök. Ekki er heimilt að nota fyrirtækið og fundi samstarfsaðila vörumerkis, símtöl eða neinar aðrar uppkomur sem vettvangur eða til þess að auglýsa eða sýna persónulegar skoðanir, önnur samtök, fyrirtæki, atburði eða einstaklinga.

## Chapter 3. Auglýsingar

---

### 1 Stuðningsefni og notkun vörumerkis

#### 1.1 Notkun stuðningsefnis

Samkvæmt undantekningunni í hluta 4 þessa kafla, varðandi stuðningsefni um formenn vörumerkisins, mátt þú aðeins nota stuðningsefni sem hefur verið framleitt og dreift af fyrirtækinu til þess að auglýsa reksturinn, vörurnar og söluárangurskerfið, og þú mátt ekki undibúa eða nota þitt eigið stuðningsefni. Vegna þess að lög og reglur eru breytilegar á milli markaða, mátt þú þar að auki aðeins nota stuðningsefni sem hefur verið sérstaklega samþykkt til nota á þessum samþykktu markaði.

#### 1.2 Notkun vörumerkja og höfundarréttur

(a) Not af vörumerkjum fyrirtækisins á höfundarrétti. Vörumerki fyrirtækisins og höfundarréttur eru verðmætar eignir fyrirtækisins og stjórnar fyrirtækið eingöngu notkun þessara vörumerkja og höfundarréttar til að tryggja að þau tapi ekki verðmæti fyrir fyrirtækið eða samstarfsaðila vörumerkis þess. Þér er ekki heimilt að nota vörumerki, höfundarrétt og önnur hugverkaréttindi fyrirtækisins, skráð eða ekki, í neinu formi, nema að sérstaklega sé heimilað í stefnum þessum og starfsreglum eða annars staðar samþykkt skriflega af fyrirtækinu. Fyrirtækið getur bannað notkun vörumerkja fyrirtækisins eða höfundarrétt í alls konar stuðningsefni eða öðrum miðlum.

(b) Tjón. Þú ert ábyrg(ur) gagnvart fyrirtækinu vegna misnotkunar þinnar á vörumerkjum, höfundarrétti og öðrum hugverkaréttindum fyrirtækisins, skráðum eða ekki, í hvaða formi sem er, nema að það sé sérstaklega heimilað í stefnum þessum og starfsreglum eða annars staðar skriflega samþykkt af fyrirtækinu.

### 2 Vörukröfur

#### 2.1 Almennar takmarkanir

Þér er aðeins heimilt að gefa vörutengdar fullyrðingar og yfirlýsingar sem útgefnar hafa verið í stuðningsefni fyrirtækisins og útgefnu efni fyrirtækisins og það hafi verið samþykkt af fyrirtækinu til nota sem stuðningsefni á hinum samþykktu markaði sem þú gefur yfirlýsingarnar.

## 2.2 Engar fullyrðingar um lækningar

Þér er ekki heimilt að fullyrða neitt um lækningamátt eða halda fram að vörurnar séu útbúnar, hannaðar eða samþykktar af fyrirtækinu eða neins konar yfirvaldi til að lækna, bæta eða forða einhvers konar læknisfræðilegum kvillum. Slíkar yfirlýsingar gefa í skyn að vörurnar séu lyf frekar en snyrtivörur eða næringarefni. Þér er heldur ekki heimilt að bera vörurnar saman við lyf eða gefa yfirlýsingar um lækningar- og lyfjamátt. Allar slíkar yfirlýsingar eða samanburður getur leitt til persónulegrar ábyrgðar þinnar.

## 2.3 Engar yfirlýsingar um vöruskráningu eða samþykkt yfirvalda landsins

Þú ættir ekki að lýsa yfir eða gefa í skyn að vörur séu skráðar eða samþykktar af yfirvöldum landsins<sup>24</sup>. Sumir markaðir gera ekki kröfur um tilkynningar fyrir markaðssetningu, á meðan aðrir ætlast til að sérstakar vöru tilkynningar séu gerðar fyrir einstakar fegrunar- eða næringarvörur sem fyrirtækið selur. Þegar gefnar eru yfirlýsingar um ávinning af vöru eða persónulegar yfirlýsingar gefnar varðandi næringargildi vöru, skal ekki undir neinum kringumstæðum gefa sérstakar yfirlýsingar um lækningamátt eða lyfjaeinkenni eða gefa slíkt í skyn fyrir vörur okkar. Sérstakar fullyrðingar sem tengjast heilsufari má aðeins gefa skv. gildandi lögum lands sem tengjast næringar- og heilsuyfirlýsingum sem gerðar eru um matvæli. Engar persónubundnar túlkanir á orðalagi staðhæfinga eru heimilaðar. Fullyrðingar verða að vera réttar og ekki villandi<sup>25</sup>.

## 2.4 Ljósmyndir fyrir og eftir

Aðeins myndir og myndskreið sem hafa verið samþykkt af fyrirtækinu má nota til að sýna ávinning af vörum.

## 2.5 Breytingar á pakkningum vara

Þér er óheimilt að breyta pakkningum, merkingum, kynningarefni eða leiðbeiningum fyrir neinar vörur. Þér er óheimilt að gefa leiðbeiningar um not á vörum á nokkurn hátt sem ekki er lýst af fyrirtækinu í núverandi samþykktu kynningarefni. Slíkar breytingar eða leiðbeiningar af þinni hálfu geta leitt til persónulegrar ábyrgðar þinnar.

<sup>24</sup> **Rússland og Úkraína:** Samstarfsaðilar vörumerkis skulu veita viðskiptavinum aðgang að vottorðum sem sýna, að allar vörur sem til sölu eru hafi verið skráðar hjá yfirvöldum landsins. Skráningu gagna má finna á Nu Skin vefsetrinu um vörumerkingar.

<sup>25</sup> **EES:** Yfirlýsingar um matvæli skulu gerðar skv. REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNAR Nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 sem telur upp heimilaðar heilsufullyrðingar sem gera má um matvæli, aðrar en þær sem vísa til minnkunar á sjúkdómahættu og vaxtarþroska og heilsu barna.



## 3 Tekjufullyrðingar

### 3.1 Engar villandi yfirlýsingar um tekjur

Það er áriðandi að allir samstarfsaðilar vörumerkis hafi allar upplýsingar og hafi eðlilegar væntingar varðandi tekjumöguleika sem tengjast því að vera samstarfsaðili. Til að hjálpa til við að ganga úr skugga um að samstarfsaðilar vörumerkis hafi raunhæfar væntingar, verður þú að fara að ákvæðum þessa 3 hluta hvað varðar alla þætti rekstrar þíns. Langmikilvægast er að þú mátt ekki fullyrða neitt, hvorki beinlínis né gefa eitthvað í skyn varðandi tekjutækifæri sem er rangt eða villandi, þ.m.t. tekjutryggingar af neinu tagi. Þú munt ekki sýna neina raunverulega tækka eða afrit af bónusgreiðslum eða önnur bónusgögn.

### 3.2 Heimildir til fullyrðinga um lífshætti og tekjur

Þér er aðeins heimilt að gefa yfirlýsingar um lífshætti (þ.e. „Nu Skin reksturinn minn gerði mér kleift að kaupa bát, hætta í vinnunni, kaupa nýtt hús”, o.s.frv.) eða fullyrðingar varðandi magn bónuma eða tekna sem tengdust Nu Skin rekstrinum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- (a) Upplýsingarnar verða að vera réttar og ekki villandi.
- (b) Þær feli í sér markmið sem hægt er að ná fyrir venjulega manneskju.
- (c) Upplýsingarnar verða að vera grundvallaðar á reynslu þinni og raunverulegri tekjuupphæð, reynslu og tekjum samstarfsaðila vörumerkis fyrir ofan þig, eða hóps þíns, eða vera í samræmi við upplýsingar fyrirtækisins eða stuðningsefni formanna vörumerkisins.
- (d) Yfirlýsingar um greiðslur verða að koma fram sem mánaðarleg eða árleg upphæð og raunverulegt hlutfall samstarfsaðila vörumerkis sem fá þau laun.
- (e) Þú verður á sama tíma að gefa upp námundaða upphæð við þær greiðslur sem síðustu samstarfsaðilar vörumerkis fengu í sinn hlut eða um tekjufyrirvarann sem samþykktur var af fyrirtækinu.
- (f) Þér er ekki heimilt að gefa neinar yfirlýsingar varðandi tímabilið sem það tekur að ná tiltekinni upphæð greiðslu án fyrirfram skriflegs samþykkis fyrirtækisins.
- (g) Ef þú fullyrðir um „tekjur” eða „hagnað” frekar en „bónusgreiðslur” eða „greiðslur” verður þú annað hvort að draga frá kostnaðinn sem þú lagðir út við að skapa þær tekjur, eða gefa upp upphæðir þess kostnaðar sem þú lagðir út við tekjuöflun og

- (h) Ef þú lýsir yfir upphæðum í bónusgreiðslur, verður þú að taka fram að þær upphæðir eru heildarupphæðir áður en dreginn er frá kostnaður við að sinna viðskiptum á þennan hátt.

## 4 Stuðningsefni sem formenn vörumerkis framleiða

### 4.1 Stuðningsefni formanna vörumerkis

Til þess að tryggja heilindi kerfisins og tryggja að stuðningsefni og þjónusta séu aðeins framleidd, notuð og dreift af samstarfsaðilum vörumerkis með talsverða reynslu og þekkingu varðandi fyrirtækið og vörur þess, mega aðeins formenn vörumerkis framleiða, nota og dreifa eigin stuðningsefni og þjónustu. Formenn vörumerkis mega aðeins framleiða stuðningsefni og þjónustu til eigin nota og til notkunar af öðrum samstarfsaðilum vörumerkis ef þeir framfylgja skilmálum stefna þessara og starfsregla, þ.m.t. án takmarkana, ákvæði hluta 2, 3, 4.3 and 4.4 í 3. kafla og Víðauka B. Stuðningsefni formanna vörumerkis má aðeins nota í tilteknum samþykktum löndum þar sem það hefur verið skráð. Til skýringar í þessum 3. kafla eru formenn vörumerkis þeir samstarfsaðilar vörumerkis sem: (i) eru nú virkir sem formenn vörumerkis, (ii) hafa verið formenn vörumerkis í minnst þrjá mánuði, og (iii) hafa ekki brotið samninginn.

### 4.2 Ekki stutt eða samþykkt af fyrirtækinu

Þótt fyrirtækið heimili formönnum vörumerkis að framleiða, nota og dreifa stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis til nota af öðrum samstarfsaðilum vörumerkis, þarftu að gera þér grein fyrir að stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis eru framleidd sjálfstætt af formönnum vörumerkis og eru ekki framleiddar vörur, studdar vörur, vörur sem mælt með eða vörur sem eru samþykktar af fyrirtækinu. Ef þú kýst að kaupa eða nota stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis, ber fyrirtækið (i) enga ábyrgð né skyldur gagnvart þér varðandi endurgreiðslur og skipti, og (ii) ábyrgist ekki að stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis uppfylli öll ákvæði gildandi laga og reglugerða. Að auki eru kaup á slíku efni ekki áskilin og ekki eru neinar tryggingar né ábyrgðir fyrir því að stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis muni hafa þýðingu fyrir rekstur þinn. Þú ættir að íhuga vandlega kaup á stuðningsefni. Þú ættir ekki að eyða meiru í stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis en þú getur stutt af núverandi bónusum og skv. söluárangurskerfinu eins og það er nú.

### 4.3 Leyfissamningur fyrir stuðningsefni

Formaður vörumerkis verður að skrifa undir og leggja fram til fyrirtækisins leyfissamning áður en framleitt er stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis. Leyfissamningurinn stendur í tvö ár og verður að vera

endurnýjaður ef þú vilt halda áfram að framleiða og nota stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis. Leyfissamningurinn veitir þér rétt til að nota tiltekin vörumerki fyrirtækisins og viðskiptanöfn og leggur fram skilmála sem þú verður að samþykkja að fara eftir til þess að framleiða stuðningsefni og þjónustu og nota vörumerki fyrirtækisins.

#### 4.4 Skráning stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis.

Fyrir dreifingu eða notkun stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis verða formenn vörumerkis að skrá allt stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis hjá fyrirtækinu og fá tilkynningu um skráningu frá fyrirtækinu með tilliti til þess stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis eins og það er sett fram í viðauka B í stefnum þessum.

#### 4.5 Sala formanna vörumerkis - Tilgangur

Formenn vörumerkis sem selja stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis til annarra samstarfsaðila vörumerkis verða að fara eftir stefnum þessum og starfsreglum og ákvæðum viðauka B við stefnurnar og starfsreglurnar. Stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis geta aðeins verið seld til að kynna vörur og viðskipti fyrirtækisins og til að styðja, þjálfa og örva aðra samstarfsaðila vörumerkis í kynningum þeirra á vörum og viðskiptum fyrirtækisins<sup>26</sup>.

#### 4.6 Samtök samstarfsaðila vörumerkis

Samtök samstarfsaðila vörumerkis sem bjóða formlega efni, þjálfun, áskrift að vefsíðum, stuðningsefni og þjónustu eða önnur tæki til kynningar mega aðeins vera stofnuð af formönnum vörumerkis. Samtök samstarfsaðila vörumerkis verða að fara að rituðum viðmiðunarreglum fyrirtækisins sem fjalla um starfsemi samtaka samstarfsaðila vörumerkis. Formenn vörumerkis, sem eru aðalskipuleggjendur samtaka samstarfsaðila vörumerkis, (i) verða að tilkynna fyrirtækinu skriflega um stofnun samtaka samstarfsaðila vörumerkis, og (ii) eru ábyrgir fyrir því að tryggja að samtök samstarfsaðila vörumerkis fari að viðmiðunarreglunum.

---

<sup>26</sup> **Frakkland:** VDI er óheimilt að kaupa neitt Blue Diamond stuðningsefni.

## 5 Fjölmiðlar - almennar auglýsingar

### 5.1 Kynningar sem nota fjölmiðla eru bannaðar

Þú mátt ekki nota neins konar fjölmiðlaform eða aðra fjöldamiðlun til að kynna vörurnar, þ.m.t. fjöldamiðlunarauglýsingar á Internetinu. Þetta felur í sér nýjar frásagnir eða kynningarefni í sjónvarpsþáttum, fréttabáttum, afþreyingarþáttum, Internetauglýsingar o.s.frv. Vörur má aðeins kynna í persónulegum kynnum eða með prentefni sem framleitt er og dreift af fyrirtækinu eða af samstarfsaðilum vörumerkis skv. stefnum þessum og starfsreglum. Þú má setja almennar auglýsingar í lögsagnarumdæmum sem heimila slíkar auglýsingar en aðeins skv. stefnum og starfsreglum fyrirtækisins.

### 5.2 Fjölmiðlaviðtöl

Þú mátt ekki auglýsa vörurnar, þjónustu eða tækifæri í viðtölum í fjölmiðlum, greinum í útgáfum, íþróttufréttum eða á öðrum opinberum upplýsinga-, fag- eða atvinnugreinavettvangi án sérstaklega fengins samþykkis fyrirtækisins. Þetta felur í sér einka- eða „lokaðan félagsskap“ með meðlimagjöldum. Þér er óheimilt að ræða við fjölmiðla fyrir hönd fyrirtækisins og þú mátt ekki gefa í skyn að þú hafir heimild fyrirtækisins til að koma fram fyrir hönd þess. Öllum tengslum eða beiðnum fjölmiðla ætti að vísa án tafar til markaðsstjóra þíns á staðnum.

### 5.3 Auglýsingar í símaskrá

Til þess að auglýsa á gulu síðunum eða skrá nafn þitt í fyrirtækjaskrá til staðbundinnar dreifingar á þínu svæði eða í símaskrá á netinu, verður þú áður af hafa náð virkri Ruby-stöðu eða hærri á þeim tíma sem samkomulagið um þá skráningu er undirritað.

- Á hvítu síðunum eiga auglýsingarnar að takmarkast við tvær línur sem innihalda orðin „Pharmanex (eða „Nu Skin”) sjálfstæðir samstarfsaðilar vörumerkis, (nafn þitt)”, og símanúmer. Hvorki feitt letur né auglýsingar eru heimilaðar. Auglýsingarnar mega einungis vera nafn samstarfsaðila vörumerkis.
- Á gulu síðunum verða auglýsingar að vera settar í flokkinn „Næring”, „Snyrtivörur” (eða sambærilegt) eða annan flokk sem samþykktur er af fyrirtækinu.

### 5.4 Dreifing kynningarefnis

Öllu kynningarefni, þ.m.t., en ekki takmarkað við, bæklingar, nafnspjöld og stuðningsefni formanna vörumerkis

skráð skv. fyrirmælum í viðauka B þessara stefna og starfsreglna má einungis dreifa gegnum persónuleg tengsl. Kynningarefni má ekki birta opinberlega, senda í fjöldapósti eða á faxi, setja á bíla á stæðum, setja í póstkassa eða dreifa með neinum öðrum ópersónulegum aðferðum.

## 6 Smásöluverslanir, vörusýningar og sölumennska í þjónustuumhverfi

### 6.1 Smásöluverslanir

Þú mátt ekki selja vörur og/eða auglýsa viðskiptatækifæri fyrirtækisins í smásöluverslunum s.s. heilsuverslunum, matvörubúðum og öðrum slíkum þjónustufyrirtækjum. Þér er einnig óheimilt að selja einstaklingum sem munu selja vörurnar í gegnum smásöluverslun eins og segir í hluta 5.2 í 2. kafla. Þér er heimilt, með fyrirfram heimild smásölufyrirtækis, að stilla upp auglýsingaefni og/eða persónugerðu auglýsingaefni innan fyrirtækisins. Hins vegar mega uppstillingarstandur og auglýsingaefni ekki vera auðsjáanleg almenningi með þeim hætti að það hvetji almenning inn í smásölufyrirtækið.

### 6.2 Sölubásar á vörusýningum

Almennt máttu ekki selja neinar vörur fyrirtækisins né kynna viðskiptatækifæri þess á flóamörkuðum, skiptimörkuðum, basarsölum, stórmörkuðum, íþróttatburðum og leikjum, verslanamiðstöðvum né neinum öðrum sambærilegum samkomum þar sem kynna má viðskiptatækifærið eða vörurnar. Hins vegar má samstarfsaðili vörumerkis á fulltrúastigi vörumerkis, með fyrirfram skriflegu samþykki fyrirtækisins, leigja bás eða setja upp sýningaraðstöðu á vörusýningu eða ráðstefnu sem samþykkt er af fyrirtækinu („**Ráðstefna**“). Ef þú ert samstarfsaðili vörumerkis á fulltrúastigi vörumerkis og vilt setja upp bás eða sýningaraðstöðu á ráðstefnu og að því gefnu að þetta sé heimilt skv. staðbundnum lögum, verður þú að fara að öllum viðeigandi Nu Skin reglum sem og einnig eftirfarandi skilyrðum:

(a) Þema ráðstefnunnar verður að vera beinlínis tengt viðskiptum fyrirtækisins.

(b) A.m.k. fjórum vikum fyrir ráðstefnuna, verður þú að leggja fram tillögu til fyrirtækisins varðandi ráðstefnuna og fá fyrirfram skriflega heimild frá fyrirtækinu.

(c) Þú mátt aðeins nota auglýsingaefni framleitt af fyrirtækinu. Verið getur að kaup á fyrirtækisborða, sem auglýsir sjálfstæðan samstarfsaðila vörumerkis af fyrirtækinu, séu áskilin.

(d) Þér er ekki heimilt að vísa til fyrirtækisins á nokkurn hátt sem gefið gæti til kynna að fyrirtækið sé

Þátttakandi í ráðstefnunni. Þess í stað skulu allar auglýsingar eða kynningarefni vísa beinlínis til þín sem sjálfstæðs samstarfsaðila fyrirtækisins á fulltrúastigi vörumerkis, þ.m.t. hvers kyns kort eða skráningar útbúna af ábyrgðaraðilum ráðstefnunnar.

(e) Þér er ekki heimilt að nota ráðstefnuna til að auglýsa neina aðra þjónustu eða viðskiptatækifæri en fyrirtækið, vörur þess og viðskiptatækifæri.

(f) Meðan á ráðstefnunni stendur verður þú persónulega að fylgja stefnum og starfsreglum fyrirtækisins og þú ert ábyrg(ur) fyrir (i) gjörðum allra einstaklinga sem vinna við básinn á ráðstefnunni, (ii) öllu efni sem dreift er á ráðstefnunni, og (iii) allri annarri þátttöku í ráðstefnunni.

(g) Til viðbótar við önnur úrræði sem veitt eru í stefnum og starfsreglum fyrirtækisins, áskilur það sér rétt til að neita þátttöku í ráðstefnum framtíðarinnar vegna hvaða brots sem er á reglum á ráðstefnunni.

### 6.3 Þjónusturekstur

Ef þú átt eða starfar hjá þjónustutengdum rekstri, máttu bjóða viðskiptavinum vörur fyrirtækisins í gegnum þennan rekstur svo lengi sem þú sinnir nægilegri úrvinsun og veitir viðskiptavinum stuðning, eins og gert er ráð fyrir í samningi og að því gefnu að smásölurekstur sé heimilaður á þínum markaði<sup>27</sup>. Hvað sem því líður má ekki setja upp auglýsingaborða né annars konar auglýsingaefni sem sjáanlegt er almenningi og getur dregið almenning inn í aðstöðuna til að kaupa vörur.

(a) Þjónustutengdur rekstur er sá sem hefur aðallega tekjur af því að veita persónulega þjónustu frekar en af því að selja vörur og að notkun viðskiptavina er stjórnað með félagsaðild eða skráningu tímapantana.

(b) Samstarfsaðilar vörumerkis mega aðeins selja vörur í gegnum þjónustutengd fyrirtæki sem selja þjónustutengdar vörur Nu Skin. Til dæmis má selja Pharmanex vörur í gegnum skrifstofur heilsugæslufagmanna, heilsuklúbba eða líkamsræktarstöðva að því gefnu að Pharmanex vörur séu augljóslega auglýstar sem fæðubótarefni. Nu Skin vörur má selja á rakarastofum, snyrtistofum, handsnyrtistofum eða sólbaðsstofum.

### 6.4 Réttur fyrirtækisins á endanlega ákvörðun

Fyrirtækið áskilur sér, að eigin geðþótta, réttinn til að taka lokaákvörðun um hvort aðstaða er þjónustutengd eða viðeigandi staður til að selja vörur þess.

---

<sup>27</sup> Vinsamlegast sjá hluta 3.11 í 2. kaffa til að fá nánari upplýsingar.

## 7 Internetið

### 7.1 Notkun Internetsins í rekstri samstarfsaðila vörumerkis

Þú mátt aðeins nota Internetið til að auglýsa fyrirtækið, þ.m.t. vörur þess ef slík notkun er heimiluð af hlutum 7.2 eða 7.3 í 3. kafla og sé í samræmi við öll önnur ákvæði þessara stefna og starfsreglna, þ.m.t. hluta 2, 3, 4 og 5 sem og skriflegra viðmiðunarreglna sem fyrirtækið gaf út um notkun Internetsins. Öll önnur notkun Internetsins til að auglýsa fyrirtækið eða vörur þess og söluárangurskerfi er bönnuð.

### 7.2 Heimiluð netnotkun

Allir samstarfsaðilar vörumerkis mega nota Internetið á eftirfarandi hátt:

(a) Þér er heimilt að nota vefsetur sem sett voru upp af fyrirtækinu.

(b) Þú mátt nota almenn (i) vefsetur, ætluð til viðskiptaöflunar, (ii) opunar- (splash) síður, eða (iii) félagsmiðlar með tengingum á vefsetur fyrirtækisins. Þessar almennu síður mega ekki hafa vörumerki fyrirtækisins eða annað efni undir höfundarrétti og mega ekki innihalda upplýsingar um fyrirtækið, vörur þess eða viðskipti eða myndir af vörum, aðstöðu fyrirtækisins eða starfsfólki. Þær mega heldur ekki innihalda neinar rangar eða villandi upplýsingar.

(c) Þú mátt nota Internetið, þ.m.t. félagstenglasíður, blogg, félagsmiðla og smáforrit (öpp) og önnur setur sem byggja á þátttöku notenda og innihalda efni frá notendum, vettvangi, skilaboðasetur, blogg wikisetur og hljóðritanir (t.d. Facebook, Twitter, Flickr, o.s.frv.) til að (1) senda fyrstu upplýsingar um fyrirtækið eða þátttöku þína í því, (2) beina notendum á markaðssetningarsetur fyrirtækisins á Internetinu eða á skráð markaðssetningarsetur formanna vörumerkis og (3) setja fram stuðningsefni frá fyrirtækinu sem hefur verið samþykkt af fyrirtækinu til framsetningar á persónulegu bloggi eða félagsmiðlum, að því gefnu hins vegar, að slík samskipti og notkun verði að vera (i) tilfallandi við aðalnotkun slíks vettvangsseturs, bloggs, borðs, wikiseturs eða hljóðritunar eða annars forms Internetnota og (ii) má ekki vera Internet-markaðssetningarsetur. Eins og fram kemur í hluta 7.3 þessa kafla, mega aðeins formenn vörumerkis viðhalda markaðssetningarsetri á Internetinu. Fyrirtækið hefur rétt á að ákveða, að eigin geðþótta, hvort notkun þín á Internetinu verði heimiluð skv. þessum hluta eða hvort slík notkun er bönnuð til markaðssetningar á Internetinu. Auk þessa verður þú að fara að útgefnum viðmiðunarreglum fyrirtækisins sem fjalla um not á Internetinu. Þessar viðmiðunarreglur breytast öðru hvoru og það er á þína ábyrgð að þekkja gildandi viðmiðunarreglur og fara eftir þeim. Ef um brot er að ræða getur fyrirtækið, auk þess að beita refsiaðgerðum gegn þér skv. 6 kafla þessara stefna og starfsreglna, farið fram á að þú fjarlægir umsvifalaust allar upplýsingar eða markaðssetningarsetrið sem brýtur í

bága við stefnu fyrirtækisins.

#### **Dæmi um heimiluð not samstarfsaðila sem ekki hafa stöðu formanna vörumerkis**

Ef að þú heldur úti persónulegri Facebook-síðu þar sem þú birtir ýmsar upplýsingar, máttu birta upplýsingar um að þú sért Nu Skin samstarfsaðili, upplýsingar um Nu Skin atburði sem þú hefur tekið þátt í og byrjunarupplýsingar um Nu Skin og beina lesendum að fara á markaðssetningarsetur fyrirtækisins á Internetinu eða á samþykkt markaðssetningarsetur formanna vörumerkis á Internetinu til að fá frekari upplýsingar.

Ef þú heldur úti persónulegu bloggi eða félagstengslasetri, mátt þú blogga í tiltekinni færslu að þú sért samstarfsaðili ageLOC vara og að aðrir geti skráð sig sem samstarfsaðilar vörumerkis og haft samband við þig, ef þeir hafa áhuga á ræða reksturinn við þig.

#### **Dæmi um óheimiluð not samstarfsaðila sem ekki hafa stöðu formanna vörumerkis**

Facebook síða sem er aðallega helguð Nu Skin, sem inniheldur birt markaðssetningarefni sem ekki er samþykkt af fyrirtækinu fyrir Facebook eða blogg, ásamt persónulegum fyrir og eftir ljósmyndum, eða myndböndum eða ljósmyndum þriðja aðila fyrir og eftir, eða ef áhangendasíða eða lík síða, sem notast við vörumerki fyrirtækisins, gæti talist vera markaðssetningarsetur á Internetinu og er því brot á stefnu fyrir samstarfsaðila sem ekki nýtur stöðu formanna vörumerkis.

Blogg eða félagstengslasetur sem er aðallega um vörur eða tækifæri, þ.e. að færslur þínar og umræður, sem væru titlaðar undir Nu Skin vörumerkjum eða slagorðum eða notast við markaðssetningarinnihald, gæti talist vera markaðssetningarsetur á Internetinu og er þá brot á stefnunni fyrir samstarfsaðila sem ekki njóta stöðu formanna vörumerkis.

Dæmin hér að ofan eru aðeins gefin sem dæmi og eru ekki ætluð sem tæmandi listi leyfilegra eða óheimilla nota Internetsins eða atriðanna og staðreyndanna sem fyrirtækið mun íhuga við ákvörðunartöku um það, hvort tiltekin not Internetsins séu markaðssetningarsetur á Internetinu eða ekki.

### **7.3 Markaðssetningarsetur á Internetinu hjá formönnum vörumerkis**

Til þess að verja heilindi sölukerfisins og til að tryggja að markaðsefni á Internetinu sé aðeins skapað og birt af samstarfsaðilum vörumerkis með veigamikla reynslu og þekkingu sem tengist fyrirtækinu og vörum þess, hafa aðeins formenn vörumerkis (eins og þeir eru skilgreindir í hluta 4.1 í þessum 3. kafla) heimild til að skapa eða viðhalda markaðssetningarsetri á Internetinu. Slík markaðssetningarsetur á Internetinu skulu vera talin stuðningsefni og þjónusta og skulu falla undir hluta 4 and 5 í þessum 3. kafla. Til viðbótar við skilyrðin sem fram



koma í hluta 4 stefnum þessum og starfsreglum með tilliti til stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis, skulu markaðssetningarsetur formanna vörumerkis á Internetinu falla undir eftirfarandi reglur:

(a) Þú verður að hafa lagt fram skráningarumsókn fyrir lén allra markaðssetningarsetra formanna vörumerkis á Internetinu og hafa fengið tilkynningu um skráninguna á markaðssetningarsetri formanna vörumerkis á Internetinu.

(b) Þú verður að láta fyrirtækið umsvifalaust vita ef einhverja upplýsingar um markaðssetningarsetur formanna vörumerkis á Internetinu tengjast fyrirtækinu, vörum þess eða viðskiptatækifæri/þóknunarkerfi þess, sem hafa ekki áður verið skráðar hjá fyrirtækinu.

(c) Niðurhalanlegt efni s.s. PDF skjöl, myndbönd, ljósmyndir, PowerPoint kynningar og aðrar skrár eru taldar aðskilið stuðningsefni og þú verður að skrá það hjá fyrirtækinu og fá tilkynningu um skráningu áður en þær eru birtar á markaðssetningarsetri formanna vörumerkis á Internetinu.

(d) Allar fullyrðingar um tekjur sem birtar eru á markaðssetningarsetri formanna vörumerkis á Internetinu verða að fela í sér allra síðustu útgáfu greiðslusamantektar fyrirtækisins til samstarfsaðila vörumerkis og verða að fylgja reglum fyrirtækisins varðandi tekjufullyrðingar skv. hluta 3 í þessum 3. kafla stefna og starfsreglna.

(e) Markaðssetningarsetur formanna vörumerkis á Internetinu má ekki innihalda meira en 50 síður, samanlagt, án skriflegs samþykkis fyrirtækisins. Þú verður að veita fyrirtækinu öll notendanöfn og lykilorð sem kunna að vera nauðsynleg til að nálgast alla hluta markaðssetningarseturs formanna vörumerkis á Internetinu, og

(f) ef fyrirtækið tilkynnir þér að fjarlægja eða eyða einhverjum upplýsingum af markaðssetningarsetri formanna vörumerkis á Internetinu, að gera einhverjar breytingar eða bæta við fyrirvörum um tekjur, verður þú að framkvæma umbeðna breytingu innan 24 klst. (eða fyrr eftir því sem fyrirtækið kann að ákveða að eigin geðþótta) eða loka Blue markaðssetningarsetri formanna vörumerkis á Internetinu þar til slíkar breytingar hafa verið gerðar.

#### 7.4 Viðbótartakmarkanir á notkun Internetsins

Öll vefsetur samstarfsaðila vörumerkis, hvort sem er markaðssetningarsetur formanna vörumerkis á Internetinu eða vefsetur uppsett af fyrirtækinu og hver kyns notkun Internetsins sem heimiluð er af stefnum þessum og starfsreglum, þ.m.t. Internetmyndskeið, hljóð, félagsmiðlar og önnur setur sem hafa efni frá notendum og efni framleitt af notendum, verða að fylgja eftirfarandi reglum:

(a) Þér er ekki heimilt að nota eða dreifa afritum vefsetra nema um sé að ræða vefsetur framleidd af fyrirtækinu.

(b) Þú mátt ekki blanda neinu öðru fyrirtæki, hugverkum þriðju aðila eða einkaupplýsingum inn í einstök lén heiti/URL eða meta-merki á vefsetrum þínum, á eða í neinu öðru formi Internetnota, þ.m.t. engar merkingar, krækjur, tengingar, bloggnotn, félagstengslamiðla, félagsmiðla og hugbúnað og önnur vefsetur sem hafa efni grundvallað á þátttöku notenda og efni þeirra, vettvangar, skilaboðatöflur, blogg, wikisetur, og hljóðritanir, (t.d. Facebook, YouTube, Twitter, Wikipedia, Flickr), eða sem „veggfóður”,

(c) Þú mátt ekki skrá vefsetur þín hjá leitarvélum eða vefskrám með notkun neins fyrirtækis eða þriðja aðila á hugverkum eða upplýsingum í eigu annarra (t.d. vörumerkjum, atvinnuheitum, viðskiptaleyndarmálum eða höfundarréttarefni) án skriflegrar heimildar frá eigandanum.

(d) Þú mátt ekki nota kostaðar krækjur eða greiða fyrir staðsetningarauglýsingar hjá leitarvélum og vefskrám.

(e) Þú mátt kynna vefsetur þín eða -síður með maður-á-mann persónutengslaáðferðinni og

(f) þú mátt aðeins setja krækjur á vefsetur þitt eða síður frá öðrum vefsetrum sem hafa verið skráð hjá fyrirtækinu.

## 7.5 Internet mynd- og hljóðefni

Þér er bannað að setja neitt myndbands- eða hljóðefnisinnihald, sem skapað er af, er í eigu, eða tengt við (i) fyrirtækið, vörur þess, söluárangurskerfi eða samstarfsaðila vörumerkis eða (ii) þig eða neina þriðju aðila, eða neinar vefsíður, nema að þú hafir fengið fyrirfram skriflega heimild frá fyrirtækinu eða að slík birting sé sérstaklega heimiluð í þessum hluta 7.5 í þessum 3. kafla. Þetta bann felur í sér, en er ekki takmarkað við, myndbands- eða hljóðupptökur af starfsmönnum fyrirtækisins, eða fyrirtækinu, eða samstarfsaðilum vörumerkis, kostuðum uppákomum, fundum, þjálfun eða sölukynningum. Sem undantekningar frá þessari reglu er að formenn vörumerkis mega birta hljóð- og myndbandsupptökur fyrirtækisins, sérstaklega heimilaðar af fyrirtækinu til þess að birta á Internetinu, af formönnum vörumerkis, á markaðssetningarsetri þeirra á Internetinu sem og hljóð- og myndbandsefni sem hefur verið skráð hjá fyrirtækinu og hefur fengið tilkynningu um skráningu útgefna.

## 7.6 Internetsala

Selja má vörur á Internetinu í gegnum vefsetur fyrirtækisins eða í gegnum vefsetur samstarfsaðila vörumerkis í eigu fyrirtækisins og má ekki selja vörur í gegnum neins konar vefsetur samstarfsaðila vörumerkis eða með neinum öðrum hætti, þ.m.t. Internetmyndbönd og hljóð, félagstengslasetur, félagsmiðla,

félagsmiðlahugbúnað og önnur setur sem hafa efni byggt á þátttöku notenda og efni frá neytendum, vettvöngum, skilaboðatöflum, bloggum, wikisetrum og hljóðupptökum (t.d. Facebook, YouTube, Twitter, Wikipedia, Flickr). Markaðssetningarsetur formanna vörumerkis á Internetinu mega tengjast vefsetrum fyrirtækisins. Þessi takmörkun á Internetsölu felur í sér, en er ekki takmörkuð við uppboð á Internetinu og smáauglýsingavefsetur, s.s. ebay.com eða craigslist.org.

## 7.7 Rusltölvupóstur

Þú verður að fara að öllum lögum varðandi sendingu tölvupósta, persónuvernd og rafræn samskipti og það er skylda þín að vera upplýst(ur) um kröfur þessara laga. Þér er óheimilt að senda óumbeðna tölvupósta varðandi vefsetur þitt eða samstarfsreikning vörumerkis til einstaklinga, sem ekki hafa sérstaklega óskað eftir upplýsingum um viðskiptatækifæri fyrirtækisins eða vörur. Í því tilfalli að einstaklingur hafði áður samþykkt að fá tölvupóst varðandi viðskiptatækifærið og/eða vörurnar, en óskar seinna eftir því að þú hættir að senda einstaka tölvupósta, verður þú strax að verða við þeirri beiðni.

# 8 Vísbendingarþjónusta - engin þóknun fyrir ræðuhöld

## 8.1 Vísbendingarþjónusta (Lead generation service)

Áður en þú selur, kaupir eða notar tilvísanir til að kynna viðskiptin, verður þú að sannreyna að vísbendingin hafi verið fengin á réttan hátt og sé lögleg til notkunar á því svæði þar sem þú hefur samband við viðkomandi. Þetta felur í sér að tryggja að viðkomandi fari að lögum á þeim markaði, fylki eða á því svæði sem hann/hún er staðsett. Öll brot á lögum um vísbendingar eru algerlega á ábyrgð þess sem veitir vísbendinguna og hefur samband við viðkomandi. Sá sem fremur brotið verður að ábyrgjast fyrirtækið gegn hvers kyns kostnaði eða tjóni sem orðið getur af lagalegum eða persónulegum erfiðleikum við notkun vísbendinganna.

## 8.2 Engin þóknun fyrir ræðuhöld - fundir

Þú mátt ekki taka þóknun fyrir að tala á fundi samstarfsaðila vörumerkis. Hins vegar má endurgreiða þér fyrir sanngjarnan útlagðan kostnað (þ.e. ferðir, hótél, máltíðir) sem þú leggur út við að koma á fundinn til að tala. Ef þú skipuleggur fundi eða aðrar uppákomur, mátt þú innheimta gjald af samstarfsaðilum vörumerkis sem koma á fundinn eða uppákomuna, en sú greiðsla má ekki vera meiri en nauðsynleg er til að greiða kostnað við fundinn eða uppákomuna.

## 9 Engar hljóðritanir af uppákomum fyrirtækis eða starfsmönnum

Þér er heimilt að hljóðrita fundi kostaða af fyrirtækinu eða ræður eða annars konar kynningu, sem gerð er af starfsmanni eða fulltrúa fyrirtækisins á hvaða fundi sem er, uppákomu eða annars staðar ef það er eingöngu til persónulegra nota og er ekki birt, afritað eða sent út í neinu formi í miðlum, og sem er ekki sýnt neinum öðrum samstarfsaðilum vörumerkis, væntanlegum samstarfsaðilum vörumerkis eða viðskiptavinum, sama hvert tilefnið er. Nema um persónulega upptöku sé að ræða eins og lýst er í þessum hluta 9, mátt þú ekki taka upp neina atburði kostaða af fyrirtækinu, taka upp neinar ræður eða kynningar sem gerðar eru af starfsmanni eða öðrum fulltrúa fyrirtækisins á neinum fundi, atburði eða með öðrum hætti án fyrirfram fengins samþykkis fyrirtækisins.

## Chapter 4. Stuðningur

---

### 1 Að verða stuðningsaðili

#### 1.1 Kröfur

Dú mátt aðeins gerast stuðningsaðili ef þú uppfyllir öll skilyrðin og samþykkir alla ábyrgð sem lýst er í samningnum.

#### 1.2 Uppsetning nýrra samstarfsaðila vörumerkis

Dú mátt vísa einstaklingum sem vilja verða samstarfsaðilar vörumerkis til fyrirtækisins með því að fá þá til að leggja fram samstarfssamning vörumerkis á netinu hjá fyrirtækinu. Við samþykkt fyrirtækisins á samstarfssamningi vörumerkis eru umsækjendur settir beint undir stuðningsmann sem vísað er á í umsóknarferlinu. Þótt vísa megi á nýlega skráðan samstarfsaðila vörumerkis sem hluta hópsins þíns, skapar það ekki með neinum hætti neina eignarhaldshagsmuni fyrir þig í þeim samstarfsreikningi vörumerkis né hvers kyns upplýsingar sem varða þennan samstarfsreikning. Allir samstarfsaðilar vörumerkis eru hluti sölukerfisins og sölukerfið og allar upplýsingar varðandi það eru eign sem eingöngu er í eigu fyrirtækisins og ekki stuðningsaðila.

#### 1.3 Skilið eftir autt af yfirlögðu ráði

#### 1.4 Dreifing fyrirtækisvísbindinga

Þegar fyrirtækið fær fyrirspurnir frá einstaklingum varðandi vörur fyrirtækisins eða viðskiptatækifærið, vísar fyrirtækið þeim einstaklingum til samstarfsaðila vörumerkis eins og því þykir við eiga.

### 2 Skyldur stuðningsaðila

#### 2.1 Þjálfun hóps

Dú verður að leiðbeina, þjálfa, styðja og hafa viðvarandi samband við (i) alla samstarfsaðila vörumerkis sem þú

styður, og (ii) hópinn þinn með þeim hætti að falli að ákvæðum samningsins. Skyldur þínar eru m.a. en takmarkast ekki við:

(a) Að veita reglulega sölu- og skipulagsþjálfun, leiðbeiningu og hvatningu til hópsins þíns eins of sett er fram í söluárangurskerfinu.

(b) Að gera þitt besta til að ganga úr skugga um að allir samstarfsaðilar vörumerkis í hópnum þínum skilji og fari eftir þeim skilmálum samningsins, sem og gildandi staðbundnum lögum og reglugerðum.

(c) Að ganga á milli í hvers kyns deilum sem upp kunna að koma á milli viðskiptavina og hópsins þíns og gera þitt besta til að leysa deilur fljótt og í vinsemd.

(d) Að halda sambandi við hópinn þinn og vera tilbúin(n) til að svara spurningum.

(e) Að sinna þjálfun til að tryggja að vörusala og kynningarfundir sem haldnir eru af hópnum þínum, fari fram skv. samningnum, gildandi útgefnu efni fyrirtækisins og í samræmi við hvers kyns viðeigandi lög, reglugerðir og tilskipanir.

(f) Að fylgjast með starfi þeirra sem þú styður persónulega og hinna í hópnum þínum og vinna í góðri trú með fyrirtækinu til að koma í veg fyrir að stefna þessi og starfsreglur séu brotnar og að söluárangurskerfinu sé hagrætt.

(g) Að stjórna og styðja viðleitni hópsins þíns að selja vörur fyrirtækisins til viðskiptavina og

(h) að eiga samstarf við fyrirtækið varðandi rannsóknir á hópnum þínum og veita allar viðeigandi upplýsingar varðandi hvers kyns rannsóknir til fyrirtækisins skv. beiðni þess.

## 2.2 Línuskipti

Þú mátt ekki hvetja til, laða að, falast eftir eða aðstoða með öðrum hætti samstarfsaðila vörumerkis til að skipta um stuðningsaðila. Að gera það er óumbeðin og ósanngjörn truflun á samningsbundnu sambandi á milli fyrirtækis og samstarfsaðila þess. Þetta bann felur m.a. í sér að bjóða fjárhagslega og aðra áþreifanlega hvatningu fyrir samstarfsaðila vörumerkis til að enda núverandi samstarfsreikning og skrá sig síðan aftur hjá öðrum stuðningsaðila. Þú samþykkir að brot á þessari reglu gæti valdið óbætanlegu tjóni fyrir fyrirtækið og samþykkir að skýr fyrirmæli séu viðeigandi úrræði til að forða slíkum skaða. Fyrirtækið gæti einnig sett viðurlög á þann samstarfsreikning vörumerkis sem falast eftir eða laðar að núverandi samstarfsaðil vörumerkis til að skipta um stuðningsaðila.

## 2.3 Engin kaup eru nauðsynleg á vörum, stuðningsefni eða þjónustu

Þér er óheimilt að fara fram á að samstarfsaðilar vörumerkis eða væntanlegir samstarfsaðilar kaupi vörur eða stuðningsefni og þjónustu eða gefa það í skyn að slík kaup séu nauðsynleg til að verða samstarfsaðili vörumerkis.

## 2.4 Réttar upplýsingar á fyrirtækisformi

Þú mátt ekki hvetja eða hjálpa neinum samstarfsaðila vörumerkis eða væntanlegum samstarfsaðila að veita rangar eða ónákvæmar upplýsingar í samstarfssamningi vörumerkis síns eða neinu öðru gagni fyrirtækisins.

## 2.5 Samskipti hópsins þíns við fyrirtækið

Þú mátt ekki, af einhverjum ástæðum, etja eða reyna að koma í veg fyrir að neinn samstarfsaðili vörumerkis hafi beint samband við fyrirtækið eða að fyrirtækið myndi beint samband við neinn samstarfsaðila vörumerkis. Það er skylda þín að greiða fyrir samskiptum á milli samstarfsaðila vörumerkis í hópnum þínum og fyrirtækisins að beiðni samstarfsaðila í þínum hóp eða að beiðni fyrirtækisins.

# 3 Alþjóðleg viðskipti

## 3.1 Alþjóðleg viðskipti

Skv. samningnum mátt þú stunda viðskipti sem samstarfsaðili vörumerki á hvaða samþykktum markaði sem er. Ef markaðurinn er óopnaður, þá skalt þú takmarkast við að gefa frá þér nafnspjöld og að halda, skipuleggja eða taka þátt í fundum, þar sem tala fundargesta í hvert sinn, að þér meðtöldum, fer ekki yfir fimm. Þú mátt ekki nota bæklinga, hringja óviðbúið (cold calling), fjöldasenda tölvupóst, auglýsa eða stunda fjöldasölumennsku af neinu tagi til þess að auglýsa þátttöku í slíkum fundum. Í óopnuðu landi máttu ekki:

(a) Flytja inn eða greiða fyrir innflutningi á, selja, gefa gjafir eða dreifa á neinn hátt, vörum fyrirtækisins eða vöruprufum.

(b) Birta hvers kyns auglýsingar eða dreifa hvers kyns kynningarefni varðandi fyrirtækið, vörur þess eða viðskiptatækifæri, nema það stuðningsefni sem fyrirtækið hefur samþykkt og fyrirtækið gæti hafa sérstaklega heimilað til dreifingar á hinum óopnaða markaði.

(c) Falast eftir eða semja um hvers konar samkomulag í þeim tilgangi að skuldbinda ríkisborgara eða íbúa óopnaðs markaðar viðskiptatækifærinu, tiltekinn stuðningsaðila eða tiltekna röð stuðningsaðila. Þar að auki mega samstarfsaðilar vörumerkis ekki skrá ríkisborgara eða íbúa óopnaðs lands inn á samþykktan markað eða nota samstarfssamningseyðublöð frá samþykktum markaði, nema að ríkisborgarinn eða íbúi hins óopnaða markaðar hafi, þegar skráning fór fram, haft búsetu og heimild til að starfa á samþykktum markaði. Það er á ábyrgð stuðningsaðilans að tryggja fylgni við reglur um búsetu og heimildir til að sinna vinnu. Þátttaka í, hlutur í eða eign á atvinnurekstri, hlutafélagi eða öðru löglegu félagsformi á samþykktum markaði þarf ekki í sjálfsú sér að uppfylla reglur um búsetu eða löglega heimild til vinnu. Ef þátttakandi í samstarfsreikningi vörumerkis leggur ekki fram staðfestingu á búsetu og atvinnuleyfi þegar fyrirtækið fer fram á það, getur fyrirtækið, ef það svo kýs, úrskurðað samstarfssamninginn ógildan frá upphafi.

(d) Taka við peningum eða öðrum verðmætum eða taka þátt í hvers kyns fjárhagslegum gjörðum með einhverjum væntanlegum samstarfsaðilum vörumerkis, hvort sem er persónulega eða í gegnum millilið, í tilgangi sem tengist vörum fyrirtækisins, eða viðskiptatækifærinu, þ.m.t. leigu, kaupleigu eða kaupum á aðstöðu í þeim tilgangi að auglýsa eða standa í viðskiptum sem tengjast fyrirtækinu.

(e) Auglýsa, auðvelda eða framkvæma hvers kyns starfsemi sem fer yfir þau takmörk sem fram eru sett í stefnum þessum og starfsreglum eða sem fyrirtækið, að eigin geðþótta, ákveður að sé andstætt reglum fyrirtækisins eða siðferðilegum hagsmunum hvað varðar alþjóðlega útpenslu.

### 3.2 Fundir á samþykktum markaði með fundarmenn frá óopnuðum markaði

Ef þú heldur fund á samþykktum markaði með fólki sem er í heimsókn frá óopnuðum markaði eru einstaklingarnir frá óopnaða markaðnum þeim fyrirvörum bundnir, vegna takmarkana sem eru vegna þess að þeir eru íbúar óopnaðs markaðar. Þetta þýðir m.a. að þeir mega ekki leggja fram samstarfssamning vörumerkis til þess að verða samstarfsaðilar vörumerkis eða kaupa vörur til innflutnings (þ.m.t. til persónulegra nota).

### 3.3 Alþjóðlegur stuðningssamningur

Ef þú vilt sinna viðskiptum á samþykktum markaði sem er ekki búsetumarkaður þinn, verður þú að fara að gildandi lögum þess samþykktu markaðar, þ.m.t. öllum skatta-, innflutnings-, vegabréfsáritunar-, leyfisveitingar- og skráningarreglum.

Auk þessa verður þú, áður en þú sinnir einhverjum viðskiptum á samþykktum markaði, sem er ekki búsetumarkaður þinn, að skrifa undir alþjóðlegan stuðningssamning ef þú hafðir ekki skrifað undir hann þegar þú lagðir fram samstarfssamning vörumerkis þíns. Fyrirtækið mun, að eigin geðþótta, áskilja sér rétt, með



skriflegri aðvörun áður, að draga til baka heimild þína sem alþjóðlegur stuðningsaðili á hvaða samþykktum markaði sem er<sup>28</sup>. Þegar þú skrifar undir alþjóðlegan samning stuðningsmanns, veitir fyrirtækið þér rétt til að aðstoða nýja samstarfsaðila vörumerkis á samþykktum markaði sem er annar en búsetumarkaður þinn. Skv. hluta 3.11 í 2. kafla, veitir hinn alþjóðlegi samningur stuðningsmanns þér ekki réttinn til að markaðssetja vörur á neinum samþykktum markaði.

### 3.4 Meginland Kína

Viðskiptalíkan fyrirtækisins á meginlandi Kína er öðruvísi en viðskiptalíkön fyrirtækisins á öllum öðrum mörkuðum. Meginland Kína er ekki samþykktur markaður og áður en viðskipti eru stunduð þar, verður þú að þekkja og fara eftir öllum gildum reglum og skilyrðum, sem fyrirtækið hefur sett upp fyrir rekstur á meginlandi Kína.

### 3.5 Algjört bann við for-markaðssetningu í tilteknum löndum

Fyrirtækið áskilur sér rétt til að útnefna tiltekin lönd þar sem öll for-markaðssetningarvinna er algerlega bönnuð. Það er á þína ábyrgð að sannreyna, áður en þú ferð af stað með for-markaðssetningu, með virkum samskiptum við fyrirtækið, að markaðurinn sem þú hyggur á for-markaðssetningu sé ekki einn hinna bönnuðu markaða.

### 3.6 Viðurlög

Auk annarra viðurlaga sem beita má skv. samningnum, ef þú ferð ekki eftir ákvæðum 3 í þessum 4. kafla, kann að vera í þátttökubanni á hinum alþjóðlega markaði fyrir þig, í þann tíma sem fyrirtækið telur viðeigandi og þú getur verið látin(n) sæta viðurlögum sem fram koma í 6. kafla. Viðurlög skulu vera hlutlæg en ekki byggð á mismunun. Þetta bann kann að fela í sér, án þess að takmarkast við eftirfarandi: Þrengja rétt þinn til að verða stuðningsaðili nýrra samstarfsaðila vörumerkis á alþjóðlega markaðnum, sem varð fyrir áhrifum, banna bónusgreiðslur til þín og aðila fyrir ofan þig vegna hópsins þíns á viðkomandi alþjóðlegum markaði. Verið gæti að þú hafir ekki rétt til forréttinda sem samstarfsaðilar vörumerkis hafa hefðbundið, á öllum mörkuðum s.s. viðurkenningar á fyrirtækisatburðum eða í útgáfu fyrirtækisins.

---

<sup>28</sup> **Frakkland:** Fyrirtækið mun, að eigin geðþótta, áskilja sér rétt til að draga til baka heimild þína sem alþjóðlegur stuðningsmaður á hvaða samþykktum markaði sem er með skriflegri aðvörun sendri 90 dögum fyrr, nema fyrir alvarlega misnotkun og alvarlegt brot á samningi.

### 3.7 Beiðni um heimild til þátttöku

Ef þú hefur ekki getað tekið þátt í markaði vegna brota á hluta 3, í þessum 4. kafla, verður þú að leggja fram skriflega beiðni hjá fyrirtækinu um að fá að taka þátt í markaðnum eftir að banntímanum lýkur.

### 3.8 Engar undanþágur

Ákvæði hluta 3 í þessum 4. kafla afsala ekki rétti fyrirtækisins eins og hann kemur fram annars staðar í stefnum þessum og starfsreglum eða í samningnum.

## Chapter 5. Takmörkunarákvæði

---

### 1 Eignarhald á sölukerfi

Þú viðurkennir og samþykkir að: (i) sölukerfið sé verndað sem verðmæti, leynileg viðskiptaeign í eigu fyrirtækisins, (ii) sölukerfið var þróað eingöngu í þeim tilgangi að hagnast fyrirtækinu og samstarfsaðilum vörumerkis við kynningar þeirra á heimiluðum viðskiptaaðferðum og vörum fyrirtækisins með sölukerfinu, (iii) verndun sölukerfisins er grundvallaratriði í áframhaldandi velgengni beggja, fyrirtækisins og samstarfsaðila vörumerkis þess, og (iv) brot á skyldum þínum skv. þessum 5. kafla skapar óbætanlegt tjón fyrir sölukerfið, fyrirtækið og samstarfsaðila vörumerkis. Þú samþykkir, grundvallað á ofangreindu, að brot á skyldum þínum skv. 5. kafla stefna þessara og starfsreglna gætu þýtt ástæðulausar og óeðlilegar truflanir í samningsbundnum samskiptum á milli fyrirtækisins, samstarfsaðila vörumerkis þess og viðskiptavina og skaðað viðskiptasamkeppnishagsmuni og heilindi fyrirtækisins og sölukerfisins.

### 2 Takmörkunarákvæði

#### 2.1 Engar beiðnir um framlög

(a) Sala á vörum og þjónustu þriðju aðila. Þér er óheimilt á nokkurn hátt, beint eða óbeint að kynna, markaðssetja eða selja vörur eða þjónustu annarra viðskiptaeininga eða einstaklinga til sölukerfisins, nema að þú hafir áður átt í viðskiptum við þann samstarfsaðila áður en sá aðili varð samstarfsaðili vörumerkis. T.d. ef þú átt hárgreiðslustofu og sem samstarfsaðili vörumerkis styður þú einn af viðskiptavinunum sem þá verður samstarfsaðili, eftir það mátt þú halda áfram að selja viðskiptavininum þjónustu þína og hárvörur af stofunni. Þrátt fyrir það sem að ofan greinir, mátt þú ekki bjóða vörur þriðja aðila, þjónustu eða tækifæri í sambandi við sölu vara eða setja saman vörur þriðja aðila, þjónustu eða tækifæri með vörum fyrirtækis eða tilboðum þriðja aðila, vörum, þjónustu og tækifæri á fundum fyrirtækisins eða samstarfsaðila vörumerkis, í símtölum eða neinum öðrum fyrirtækistengdum uppákomum án fyrirfram skriflegs leyfis fyrirtækisins.

(b) Ráðningar til annars fyrirtækis í beinni sölu. Þér er óheimilt á neinn hátt, beint eða óbeint að ráða, laða að eða styðja neinn samstarfsaðila vörumerkis eða viðskiptavin, við að (i) mynda samband við, (ii) kynna, selja eða kaupa vörur og þjónustu af, (iii) taka þátt sem söluaðili, (iv) eða hjálpa á annan hátt fyrirtækjum í beinni sölu, eða hvetja neina samstarfsaðila vörumerkis eða viðskiptavini til að gera það til að ljúka eða breyta sambandi þeirra við fyrirtækið.

(c) Líftími skuldbindinga. Skuldbindingar þínar skv. þessum undirhluta munu haldast í tvö ár frá þeim degi að þú hættir, segir upp, afsalar eða breytir eignarhaldsstöðu samstarfsreikning vörumerkis þíns eða í þann hámarkstíma sem heimilaður er skv. viðeigandi lögum.

(d) Neyðartilvik. Auk annarra úthlutaðra bóta sem veittar verða fyrirtækinu, eru tímabundin og viðvarandi lögbönn viðeigandi úrlausnir til að koma í veg fyrir frekara tjón á sölukerfinu og fyrirtækinu.

## 2.2 Einkaréttur

(a) Þú viðurkennir og samþykkir að samstarfsaðili vörumerkis eða samstarfsreikningur vörumerkis og allir þeir einstaklingar sem eiga hagsmuna að gæta í samstarfsreikningi vörumerkis (þ.m.t. makar og sambýlisaðilar), sem hafa náð stöðuhækkuninni Ruby eða hærri, fá greitt, eru opinberlega viðurkenndir og kynntir á annan hátt af fyrirtækinu sem lykilleiðtogar samstarfsaðila vörumerkis. Sem samstarfsaðili vörumerkis með Ruby-stöðu eða hærri, er búist við af þér að þú sért nokkurn veginn eingöngu að selja vörur fyrirtækisins, þjálfa samstarfsaðila í hópnum þínum og kynna rekstur fyrirtækisins. Sem skilyrði fyrir því að fá áframhaldandi breakaway-greiðslur á fulltrúastigum 3 til og með 6 í hópnum þínum, og viðurkenningu sem Ruby eða hærri samstarfsaðili vörumerkis á uppákomum fyrirtækisins, mátt þú þess vegna ekki vera þátttakandi í neinni viðskiptaþróun fyrir önnur fyrirtæki í beinni sölu.

(b) Ef þú tekur þátt í viðskiptaþróun fyrir eitthvert annað fyrirtæki í beinni sölu á meðan þú ert samstarfsaðili vörumerkis með titilinn Ruby eða hærri, þá mun samstarfsreikningur þinn ekki vera hæfur til að fá neina breakaway fulltrúabónus á fulltrúastigum 3 til 6 í hópnum þínum á meðan þú, maki þinn, sambýlisaðili þinn eða aðrir aðilar með hagsmuna að gæta í samstarfsreikningi vörumerkis þíns, (i) taka þátt í einhverri viðskiptaþróun, eða (ii) halda hagsmunatengslum af hvaða gerð sem er hjá öðru fyrirtæki í beinni sölu, sama hver fjöldi breakaway fulltrúa er á fyrsta hæð þínu eða önnur skilyrði fyrir greiðslustigum 3 til 6.

(c) Innan 5 virkra daga frá fyrstu þátttöku í viðskiptaþróun fyrir eitthvert annað fyrirtæki í beinni sölu, samþykkir þú að láta fyrirtækið vita að þú, maki þinn, sambýlisaðili eða einhver annar aðili sem á hagsmuna að gæta í samstarfsreikningi vörumerkis þíns, hafi tekið þátt í slíkri viðskiptaþróun. Þú samþykkir einnig að með því að taka þátt í slíkri viðskiptaþróun, verður þú ekki lengur hæf(ur) til að móttaka breakaway fulltrúabónus á fulltrúastigum 3 til og með 6 eins og lagt er fram í setningunni á undan. Þú samþykkir einnig að þú (i) munir vera ábyrg(ur) fyrir endurgreiðslu til fyrirtækisins á öllum slíkum breakaway stjórnendabónus sem þér voru greiddir fyrir viðkomandi tímabil í kjölfar þátttöku í slíkri viðskiptaþróun hvort sem þú lést fyrirtækið vita eins og áskilið er í þessari grein (c), og (ii) mun fyrirtækið eiga rétt á að sækja allar þær upphæðir með skuldajöfnun á móti öðrum bónusum, undangengnum, núverandi eða í framtíðinni, sem þú gætir fengið greidda skv. söluárangurskerfi fyrirtækisins. Ef þú lætur fyrirtækið ekki vita af þátttöku þinni í slíkri

viðskiptaþróun fyrir annað fyrirtæki í beinni sölu, verður það álitid brot á stefnum þessum og starfsreglum og getur leitt til þess að fyrirtækið beiti öðrum úrræðum, þ.m.t. lokun samstarfsreikningi vörumerkis þíns.

### 2.3 Trúnaðarupplýsingar

Sem afleiðing af stöðu þinni sem samstarfsaðili vörumerkis hefur þú aðgang að trúnaðarupplýsingum sem þú viðurkennir að eru eign, afar viðkvæmar og verðmætar viðskiptum fyrirtækisins, en þessum upplýsingum hefur þú aðgang að í þeim eina tilgangi að auka sölu á vörum fyrirtækisins og könnun á hæfileikum, þjálfun og til að styðja við þriðju aðila sem óska eftir að verða samstarfsaðilar vörumerkis, og til að byggja og auglýsa enn frekar viðskipti þín. Þú og fyrirtækið eruð sammála um og viðurkennið, að ef ekki væri um samkomulag um trúnaðarmál og þagnareid að ræða, myndi fyrirtækið ekki láta þér neinar trúnaðarupplýsingar í té. Meðan á tíma samstarfssamningsins stendur og í fjögur ár eftir lok samningsins munt þú ekki af neinni ástæðu, af þinni hálfu né af hálfu neins annars aðila:

- upplýsa um trúnaðarupplýsingar sem tengjast eða eru innifaldar í sölukerfinu til þriðja aðila, beint eða óbeint,
- upplýsa beint eða óbeint um lykilorð eða aðra aðgangskóða að sölukerfinu,
- nota trúnaðarupplýsingar til að keppa við fyrirtækið eða af neinum öðrum ástæðum öðrum en að auglýsa fyrirtækið, eða
- nota eða veita neinum aðila trúnaðarupplýsingar sem tengjast eða eru innifaldar í sölukerfinu sem voru fengnar á meðan samstarfssamningur þinn var í gildi.

Þegar samstarfsreikningur vörumerkis þíns verður ekki framlengdur, uppsögn á sér stað munt þú umsvifalaust eyðileggja eða skila öllum trúnaðarupplýsingum fyrirtækisins. Skuldbindingar þessa hluta 2.3 munu lifa af uppsögn eða lok samstarfssamnings vörumerkis.

### 2.4 Trúnaðarupplýsingar samstarfsreiknings vörumerkis

Sem afleiðing af stöðu þinni sem samstarfsaðili vörumerkis, getur þér, alfarið að geðþótta fyrirtækisins, verið veittur aðgangur að upplýsingum um annan samstarfsreikning vörumerkis og hópinn þinn í þeim tilgangi einum að gefa þér tækifæri til að veita þessum samstarfsreikningi stuðning og hópnum þínum. Þessar upplýsingar eru algert trúnaðarmál og þú mátt ekki veita upplýsingar um þann samstarfsreikning vörumerkis og hópinn þinn, neinum öðrum samstarfsaðilum vörumerkis né neinum öðrum aðilum. Með aðgangi að slíkum upplýsingum samþykkir þú á ótvíræðan hátt þessar takmarkanir og viðurkennir, að ef ekki væri fyrir

samkomulag þitt um trúnað og leynd, þá myndi fyrirtækið ekki veita þér þessar upplýsingar um annan samstarfsreikning vörumerkis og hópsins þíns.

## 2.5 Niðurlæging óheimil

Vegna viðurkenninga fyrirtækisins, bónusa og annarra greiðslna sem þú færð sem samstarfsaðili vörumerkis, skalt þú ekki tala illa um fyrirtækið eða nein önnur fyrirtæki eða einstaklinga, þ.m.t. aðra samstarfsaðila, vörur fyrirtækisins, söluárangurskerfið, stefnum þessum og starfsreglum eða starfsmenn fyrirtækisins. Niðurlæging getur leitt til lokunar samstarfsreiknings vörumerkis þíns.

## 2.6 Viðurlög

Þú viðurkennir að fyrirtækinu yrði valdið óbætanlegu tjóni sem afleiðing af hvers kyns óheimilli uppljóstrun eða notkun trúnaðarupplýsinga, þ.m.t. sölukerfisins eða ráðning núverandi samstarfsaðila vörumerkis til annars fyrirtækis í beinni sölu sem brot á hluta 2.1 í þessum 5. kafla og að skammvinnar bætur séu ekki nægar til að bæta fyrirtækinu slíkt tjón. Af þessum orsökum, ef þú brýtur einhver þessara skilyrða í þessum 5. kafla, á fyrirtækið rétt á lögbanni eða tímabundnu nálgunarbanni, án frekari aðvörunar til þín, til að banna hvers kyns óheimilar upplýsingar eða notkun á trúnaðarupplýsingum, sem gætu verið til viðbótar við hvers kyns önnur úrræði, að bótum meðtöldum, sem teljast lögleg. Ef fyrirtækið vinnur slíka lögsókn, samþykkir þú að endurgreiða fyrirtækinu sanngjarnan máls- og lögfræðikostnað sem til kemur í tengslum við nauðsynlega lögsókn. Hvað fyrirtækið varðar, afsalar þú þér öllum bindingarskilyrðum sem annars eiga við um tímabundin nálgunarbönn og/eða lögbönn.

## 2.7 Fullnustuhæfi

Í því tilfalli að einhverjir hlutar í þessum 5. kafla verði einhvern tíma dæmdir af dómstóli með lögsögu, eða gerðaraðila með lögsögu, til að fara út yfir þau mörk sem veitt eru af gildandi lögum, skulu aðrir hlutar kaflans samt sem áður vera gildir og fullnustuhæfir að hámarki þess sem heimilt er skv. dómi þess dómstóls eða gerðaraðila og verði þeim ákvæðum framfylgt að hámarki leyfilegra marka eins og þau dæmast af þeim dómstóli eða gerðaraðila. Eftirstöðvar banna- og verndarákvæða í þessum 5. kafla verða áfram í fullu gildi.

## Chapter 6. Fullnusta samnings

---

### 1 Samningurinn

Dú samþykkir að samskipti þín við fyrirtækið séu algerlega grundvölluð á skriflega samningnum. Fyrirtækið getur breytt samningnum eins og fram kemur í stefnum þessum og starfsreglum. Dú getur ekki breytt samningnum nema að breytingin sé skrifleg og undirrituð af þér og löglegum fulltrúa fyrirtækisins. Hvorki þú né fyrirtækið getið fullyrt að samningnum (i) hafi verið breytt eða bætt við hann af neinum hefðum eða aðferðum við störf, (ii) hafi verið lagaður eða breytt munnlega af yfirmanni eða starfsmanni fyrirtækisins, eða (iii) að til sé hálfildissamningur eða samningur, sem var gefinn í skyn, á milli þín og fyrirtækisins.

### 2 Gjörðir þátttakenda í samstarfsreikningi vörumerkis

Litið verður á gjörðir allra þátttakenda, þ.m.t. maka, allra hluthafa eða umboðsmanna samstarfsaðila vörumerkis sem aðgerðir samstarfsreiknings vörumerkis og eru því samningnum og skilmálum hans undirorpnar.

### 3 Starfsreglur um rannsókn, viðurlög og slit

#### 3.1 Tilkynningar um meint brot

Allar tilkynningar um brot verða að vera skriflegar og sendar þannig að þær berist til eftirfylgninefndar fyrirtækisins (Company's Distributor Compliance Review Committee „CRC“) af einstaklingi sem hefur þekkingu á meintu broti frá fyrstu hendi. Fyrirtækið getur einnig rannsakað meint brot sem það kann að hafa uppgötvað í gegnum eigin sjálfstæða upplýsingaöflun eða rannsóknir. Fyrirtæki kann að grípa til aðgerða í sínum eigin innanhússrannsóknum þegar minnst varir og er það ekki bundið tímamörkunum sem fram koma í hluta 3.2 í þessum 6. kafla.

#### 3.2 Tímamörk fyrir tilkynningar um brot

TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ TILKYNNINGAFJÖLDI TRUFLI VIÐSKIPTI SAMSTARFSREIKNINGS VÖRUMERKIS OG FYRIRTÆKISINS, MUN FYRIRTÆKIÐ EKKI GERA

NEITT VARÐANDI MEINT BROT Á SKILMÁLUM SAMNINGSINS SEM EKKI ERU LAGÐAR FRAM SKRIFLEGAR TILKYNNINGAR UM TIL CRC FYRIRTÆKISINS, INNAN TVEGGJA ÁRA FRÁ ÞVÍ AÐ MEINT BROT GERÐIST FYRST. MEINT BROT VERÐA NEFND „DEILUR“, SEM ERU SKILGREINDAR FREKAR Í SKILGREININGUM ORÐALISTA Í HLUTA 3, 7. KAFLA.

### 3.3 Jafnvægi réttar til friðhelgi einkalífs

Rannsóknarferli fyrirtækisins og úrskurðarferli um deilur eru til þess ætluð að koma á jafnvægi á milli réttar þíns til friðhelgi einkalífs, réttar annarra samstarfsaðila vörumerkis og réttar fyrirtækisins. Þar til deilur hafa verið sendar í gerðardóm eru allar upplýsingar og gögn sem fyrirtækið fær í hendur þar af leiðandi aðeins birtar þér og öðrum samstarfsaðilum vörumerkis, sem deilan er viðkomandi að því marki sem fyrirtækið telur nauðsynlegt. Áður en upplýsingar eru veittar mun fyrirtækið íhuga (i) hve flóknar deilurnar eru, (ii) skylduna um jafnvægi á milli upplýsinga og persónuréttar. Ef deilurnar eru sendar í gerðardóm, verða allar upplýsingar og sönnunargögn gerð aðgengileg skv. lögum og reglugerðum varðandi gerðardóm sem lýst er í 7. kafla.

### 3.4 Ferli

Réttur þinn skv. samningnum fer eftir því hvort þú uppfyllir allar skyldur þínar skv. samningnum. Ef fyrirtækið ákveður að þú hafir brotið skilmála samningsins, getur fyrirtækið, að eigin geðþótta, tekið á málinu með eftirfarandi hætti, eftir eðli deilunnar: (i) umsvifalaust stöðvað samstarfsreikning vörumerkis þíns eða stigið annað viðeigandi skref skv. hluta 3.7 í þessum 6. kafla, (ii) farið beint í gerð skv. 7. kafla, eða (iii) unnið úr meintum deilum skv. eftirfarandi ferli:

(a) Skrifleg tilkynning. Þú munt fá skriflega tilkynningu frá fyrirtækinu þess efnis að þú hafir mögulega brotið samninginn.

(b) Svör og bönn fyrirtækisins. Þú munt hafa 10 virka daga frá dagsetningu hinnar skriflegu tilkynningar sem þú getur sent inn allar upplýsingar skriflega sem þú telur viðeigandi varðandi hinar meintu deilur. Þú mátt veita upplýsingar um einstaklinga sem hafa sambærilegar upplýsingar, með nöfnum þeirra og heimilisföngum, aðrar viðeigandi tengsla-upplýsingar og afrit af viðeigandi gögnum. Ef þú svarar ekki þessari skriflegu tilkynningu eða leggur ekki fram allar staðreyndir er koma málinu við, getur fyrirtæki gripið til aðgerða sem það telur viðeigandi. Fyrirtækið hefur rétt á að banna starfsemi samstarfsreikning vörumerkis þíns (vörupantanir, stuðningsstarf, bónusgreiðslur, o.þ.h.) frá þeim tíma sem skriflega tilkynningin var send til þín, þar til að lokaniðurstaða hefur verið gefin út.



(c) CRC. Fyrirtækið mun fara yfir allar upplýsingar sem lagðar eru fram innan þessa 10 daga tímabils eða með þeim heimildum og upplýsingum sem það hefur uppgötvað sjálfstætt. CRC mun taka lokaákvörðun varðandi deilurnar og hvaða aðgerðir fyrirtækið mun grípa til, ef einhverra, og sendir þér síðan afrit af ákvörðun CRC. Fyrirtækið getur, ef það svo kýs, sent afrit þessarar ákvörðunar CRC til annarra sem málið er viðkomandi.

### 3.5 Áfrýjunarnefnd samstarfsaðila vörumerkis (Distributor Compliance Appeals Committee; CAC)

Ef fyrirtækið grípur strax til aðgerða skv. hluta 3.7 í þessum 6. kafla eða ef CRC hefur gefið út ákvörðun varðandi deilurnar, þá munt þú hafa 10 virka daga frá dagsetningu hinnar skriflegu tilkynningar til að leggja fram áfrýjun til CAC. Skrifleg áfrýjun þín ætti að fela í sér lýsingu á mótmælum þínum á umsvifalausum úrræðum fyrirtækisins eða ákvörðun CRC. Innan 90 daga frá móttöku á skriflegri áfrýjun mun CAC endurskoða áfrýjun þína og leggja fram skriflega tilkynningu um (i) lokaniðurstöðu, (ii) að endurskoðunin þarfnist frekari tíma eða (iii) að málið ætti að fara beint í gerð skv. 7. kafla. Ef CAC hefur ákveðið að málið eigi fara beint í gerðardóm og þú kýst að taka ekki þátt í gerðinni, munt þú samt bundin(n) af niðurstöðu gerðardómsins. Þegar CAC hefur tekið lokaákvörðun, sendir það þér skriflega niðurstöðu og þú munt hafa 60 daga frá dagsetningu ákvörðunar CAC til að óska eftir gerðarmeðferð á DCAC-ákvörðuninni.

### 3.6 Úrræði fyrirtækisins vegna brots á samningi

Þegar fyrirtæki ákveður að brot á samningnum hafi átt sér stað, getur fyrirtækið, að eigin geðþótta, sem byggt skal á hlutlægu mati en ekki mismunun, bundið endi á samninginn þinn. Auk þessa getur fyrirtækið, í stað þess að segja upp samningi þínum, tekið önnur skref sem það telur viðeigandi, þ.m.t. öll þau skref sem hér eru nefnd (sem skulu ákveðin á grunni þess hvaða tegund samningsbrota um er að ræða):

(a) Tilkynnt þér skriflega um áhyggjur fyrirtækisins og að fyrirtækið hafi í hyggju að afnema réttindi þín skv. samningnum ef frammistaða þín batnar ekki.

(b) Gert hlé á réttindum þínum skv. samningnum.

(c) Fylgst með frammistöðu þinni á tilteknu tímabili.

(d) Tilgreint tiltekna aðgerðir sem þú þarft að sinna til að leiðrétta frammistöðu þína og veita fyrirtækinu skriflega lýsingu á því hvað þú hyggst gera til að uppfylla samningsbundnar skyldur.

(e) Hætt að sinna skyldum fyrirtækisins skv. samningnum og frestað öllum réttindum þínum skv. samningnum, þ.m.t. lagt niður eða gert hlé á réttindum þínum til að fá verðlaun, felt niður rétt þinn til að fá viðurkenningu á uppákomum fyrirtækisins eða í fjölmiðlum fyrirtækisins (prent, myndbönd, o.s.frv.), felld niður rétt þinn til að taka þátt í uppákomum fyrirtækisins eða samstarfsaðila vörumerkis, felld niður rétt þinn til að panta vörur fyrirtækisins, felld niður rétt þinn til að fá stöðuhækkun innan söluárangurskerfisins eða felld niður rétt þinn til þátttöku sem alþjóðlegur stuðningsaðili, lækkað þig í tign og felld niður rétt þinn til að fá bónusgreiðslur vegna magns á einum eða fleiri stigum hópsins þíns, felld niður stöðu þína eða hæfi til að fá viðurkenningu og greiðslur sem „fulltrúi vörumerkis” undir söluárangurskerfinu.

(f) Lækkað upphæðir greiðslna á öllum eða hluta bónusgreiðslna sem þér hafa áskotnast af sölum sem þú gerðir eða hluti hópsins þíns.

(g) Skráð allan eða hluta hópsins þíns á annan stuðningsaðila.

(h) Fengið endurgreitt frá samstarfsreikningi vörumerkis þíns sanngjarnar bætur vegna brotsins.

(i) Tekið þau skref sem fyrirtækið telur viðeigandi til að vernda fyrirtækið og sölukerfi þess.

(j) Leitað lögbanns eða einhverra annarra leiða sem bjóðast skv. lögum.

### 3.7 Umsvifalausar aðgerðir

Ef fyrirtækið ákveður, að eigin geðþótta, að deilurnar kalli á umsvifalausar aðgerðir, mun fyrirtækið tilkynna þér fyrirfram að það muni grípa til aðgerða umsvifalaust fyrir brotið, eða sambærilegra aðgerða sem lýst er í slíkri tilkynningu, þá gæti fyrirtækið gripið til aðgerða strax eða leitað úrræða sem því þykja viðeigandi, þ.m.t. að stöðva samstarfsreikning vörumerkis þíns eða rétt þinn til að fá bónusgreiðslur eða pantanir á vörum fyrirtækisins. Fyrirtækið mun senda þér skriflega tilkynningu um þessar aðgerðir. Þú munt fá 10 virka daga til að áfrýja aðgerð fyrirtækisins eins og fram kemur í 6. kafla.

### 3.8 Viðurlög

Fyrirtækið áskilur sér rétt til að grípa til úrræða sem lýst er í 6. kafla, eins og það telur henta. Þótt bið verði á eða aðgerðir falli niður af fyrirtækisins hálfu, skal það ekki túlkað sem undanþága frá þeim úrræðum.

### 3.9 Uppsögn samningsins þíns

(a) Skv. skilyrðum þessa hluta 3.9 í þessum 6. kafla (i) getur þú hætt samstarfsreikningi vörumerkis þíns hvenær sem er<sup>29</sup>, og án þess að nokkur kostnaður eða sektir hljóttist af því, með því að skrifa fyrirtækinu tilkynningu um uppsögn, (ii) fyrirtækið gæti lokað samstarfsreikningi vörumerkis þíns eins og fram kemur í þessum 6. kafla, og (iii) fyrirtækið gæti lokað fyrir samstarfsreikning vörumerkis þíns án fyrirvara, ef þú hefur ekki staðið í neinum viðskiptum á reikningi þínum í samfelld 12 mánuði eða lengur<sup>30</sup>. **Vinsamlegast sjáið tilvísun í þessa grein, varðandi tiltekin réttindi sem þú getur haft varðandi uppsögn og endurheimtu fjár sem fyrirtækinu kann að hafa verið greitt.**

(b) Ef þú hættir samstarfsreikningi vörumerkis þíns munu slit hans verða gild á þeim degi sem seinni er: (i) daginn sem fyrirtækið fær skriflega tilkynningu þína um lokun, (ii) daginn sem tilgreindur er í tilkynningu þinni.

---

<sup>29</sup> Þú átt rétt á að ógilda samstarfsreikning vörumerkis tafarlaust með því að senda skriflega tilkynningu til fyrirtækisins sem þú átt þá réttinn hjá innan 14 daga frá því að samningurinn var lagður fram (*tímabilið getur verið breytilegt á milli samþykkrtra markaða —vinsamlegast sjá lokin á þessari tilvísun um tiltekin markað og tímabil*):

- (i) að endurheima alla fjármuni sem þú hefur greitt fyrirtækinu skv. ákvæðum í þessu sölukerfi og samkomulagi um það, og
- (ii) að skila Nu Skin Local fyrirtækinu öllum vörum sem þú hefur keypt innan þessa tímabils, skv. þessu sölukerfi og sem eru óseldar, að því gefnu að þær vörur séu í því ástandi að sem þær voru þegar þær voru keyptar (í endurseljanlegu ástandi) og að endurheimta alla peninga sem greiddir voru fyrir vörurnar, og
- (iii) aflýsa allri þjónustu sem þú hefur pantað innan tímabilsins, skv. þessu kerfi og að endurheimta allt fé sem greitt var fyrir þá þjónusta sem ekki hefur verið veitt ennþá.

Til þess að endurheimta fjármuni skv. (i) eða (iii) hér að ofan, verður þú að gefa Nu Skin Local fyrirtækinu skriflega beiðni um endurgreiðslu þessa fjár innan 14 daga frá undirskrift þessa samkomulags og skal þá Nu Skin endurgreiða þá fjármuni þar sem þú átt rétt á skv. lögum að endurheima innan eðlilegs tíma eftir dagsetningu slíkrar beiðnar (*Ítalía áskilur sér endurgreiðslu innan 30 daga*).

**Rússland og Úkraína:** Greiðslur mega aðeins verða gerðar í þágu kaupanda.

Til þess að fá endurgreiðslu á vörum skv. (ii) hér að ofan, verður þú að afgreiða vörurnar (sem ekki eru þegar í vörslu Nu Skin Local fyrirtækisins) sem þú óskar að skila innan 21 dags frá sendingu tilkynningar þinnar til Nu Skin Local fyrirtækisins. Þú skalt bera kostnaðinn af þeirri sendingu. Fjármunirnir greiddir vegna þessara vara skulu greiddast þér við afhendingu varanna eða um leið og þú færð þær afhentar, ef það hefur ekki þegar átt sér stað.

Fyrirtækið á ekki rétt á að innheimta pökkunargjald vegna vara sem skilað er skv. (ii) hér að ofan eða ef þjónusta er afþöntuð skv. (iii) hér að ofan.

*Venjulega hefur þú 14 daga til að sækja rétt þinn. Hins vegar, í **Rússlandi**, er tímabilið 7 dagar, í **Úkraínu**, er tímabilið 7 dagar og í **Sviss**, er tilkynning um uppsögn gild við móttöku.*

<sup>30</sup> **Frakkland:** Fyrirtækið mun tilkynna samstarfsaðila vörumerkis 30 dögum fyrir lokun samstarfsreiknings hans ef samstarfsaðilar vörumerkis hafa ekki átt í neinum viðskiptum í 12 mánuði samfleytt eða lengur.

(c) Lokun samstarfsreiknings vörumerkis þíns leiðir til taps allra réttinda og ávinnings sem samstarfsaðili vörumerkis, þ.m.t. varanlegs taps hópsins þíns. Eftir að samstarfsreikningur vörumerkis þíns hefur verið lagður af, hvort sem það er af þínum völdum eða fyrirtækisins, getur þú orðið samstarfsaðili aftur með því að leggja fram nýjan samstarfssamning hjá fyrirtækinu þegar þú hefur fullnægt biðtímaskilyrði eins og það var framsett í 1. kafla, hluta 3.3 stefna þessara og starfsreglna. Það er skylda og sett sem skilyrði að þú verðir að leggja fram nýjan samstarfssamning vörumerkis, sama hvort þú sækir um til að verða samstarfsaðili vörumerkis undir fyrri stuðningsaðila eða nýjum stuðningsaðila.

(d) Við ákvörðun um samstarfsreikning vörumerkis af hvaða ástæðu sem er, ef um er að ræða yfirvofandi rannsóknir á og/eða óuppgerð lagamál sem tengjast samstarfsreikningnum, sem fela í sér meint brot á samningnum, þá getur hópurinn þinn hugsanlega ekki gert upp fyrir en allar rannsóknir og/eða lagamál hafa verið leyst af fyrirtækinu og öllum viðurlögum hefur verið fullnægt.

(e) Skyldurnar í samningnum sem lýst er í 5. kafla munu varðveitast gegn uppsögn, gildisfalli eða ef samningur rennur út. Hvers kyns önnur ákvæði, eða hlutar þeirra, sem skv. eðli sínu ættu að varðveitast gegn uppsögn, gildisfalli eða ef samningur rennur úr gildi, munu einnig varðveitast í þennan tilgreinda tíma.

## Chapter 7. Gerðardómur

---

### 1 Hvað er skylda til gerðardóms

Til þess að flýta fyrir úrlausn allra deila, setti fyrirtækið upp gerðarferli sem skylt er að nota. Gerðardómur er vísun deilu til hlutlauss þriðja aðila sem þú, fyrirtækið og hinir samstarfsaðilar vörumerkis að deilunni veljið. Gerðarmaðurinn er eins og dómari, hlustar á sönnunargögn aðila og gefur út bindandi niðurstöðu. Ákvörðun gerðarmannsins er dómur sem má sækja fyrir rétti. Markmið gerðarinnar er að lokastaða deilnanna á milli aðilanna sé fengin með fljótlegri, ódýrari og kannski minna formlegum hætti en býðst í venjulegu réttarhaldi.

### 2 Gerðardómur er skylda og bindandi fyrir allar deilur

ÞÚ OG FYRIRTÆKIÐ SAMMÆLIST UM AÐ ÓFRÁVÍKJANLEGUR OG BINDANDI GERÐARDÓMUR SÉ EINA LEIÐIN TIL AÐ LEYSA ALLAR DEILUR. ÞÚ AFSALAR ÞÉR ÖLLUM RÉTTI TIL KVIÐDÓMS EÐA RÉTTARHALDS TIL AÐ LEYSA DEILUR. GERÐARDÓMURINN ER ENDANLEGUR OG NIÐURSTÖÐU HANS ER EKKI HÆGT AÐ ÁFRÝJA. UTAH-FYLKI Í BANDARÍKJUM NORÐUR-AMERÍKU ER EINA VARNARÞING FYRIR GERÐARDÓM Í ÖLLUM DEILUM.

### 3 Skilgreining á deilu

„Deila“ þýðir „ALLAR FORTÍÐAR-, NÚTÍÐAR- OG FRAMTÍÐARKRÖFUR, DEILUR, ÁSTÆÐUR LÖGSÓKNA EÐA KVARTANA, HVORT SEM BYGGT ER Á SAMNINIG, LÖGBROTI, LAGABØÐI, LÖGUM, VÖRUÁBYRGÐ, SANNGIRNI EÐA HVERS KYNS ÖÐRUM ÁSTÆÐUM SÓKNAR, (I) SEM UPP KOMA EÐA TENGJAST ÞESSUM SAMNINGI, (II) Á MILLI ÞÍN OG ANNARS SAMSTARFSADILA VÖRUMERKIS, ÚT AF EÐA TENGT SAMSTARFSREIKNINGI VÖRUMERKIS EÐA VIÐSKIPTASAMBANDI YKKAR SEM SJÁLFSTÆÐIR VERKTAKAR FYRIRTÆKISINS, (III) Á MILLI ÞÍN OG FYRIRTÆKISINS, (IV) TENGT FYRIRTÆKINU, FORTÍÐ ÞESS, NÚVERANDI TENGDUM LÖGAÐILU, EIGENDUM ÞESS, STJÓRNENDUM, YFIRMÖNNUM, STARFSMÖNNUM, FJÁRFESTUM EÐA BIRGJUM, (V) TENGT VÖRUM, (VI) VARÐANDI ÚRLAUSN FYRIRTÆKISINS Á HVERS KYNS ÖÐRUM MÁLUM SEM Hafa ÁHRIF Á SAMSTARFSREIKNING VÖRUMERKIS ÞÍNS EÐA SEM TIL KEMUR AF EÐA ER TENGT

## VIÐSKIPTUM FYRIRTÆKISINS, Þ.M.T. ÁGREINING ÞINN VIÐ VIÐURLÖG FYRIRTÆKISINS EÐA TÚLKUN ÞESS Á SAMNINGNUM.“

### 4 Málamiðlun

Málamiðlun er ferli þar sem hlutlaus þriðji aðili reynir að leysa deilur á milli deiluaðila. Markmið málamiðlara er að auka gagnkvæman skilning aðilanna á deilunni og telja þá á að aðlaga afstöðu sinni gagnvart hvor öðrum og vonandi að ná sáttum um deiluna. Ef allir aðilar sem tóku þátt í CRC ferlum samþykkja að fara í málamiðlun, mun fyrirtækið standa fyrir málamiðlun sem er haldin í Salt Lake City, Utah, BNA á skrifstofum lögmanna fyrirtækisins. Málamiðlanir fara fram á ensku. Allur kostnaður og gjöld af málamiðlunum verður borinn jafnt af aðilum hennar. Ef ekki er samkomulag allra aðila um málamiðlun, fara deilurnar fyrir gerðardóm eins og kveðið er á um í þessum 7. kafla.

### 5 Beiðni um gerðardóm

Í einföldunarskyni verða allir aðilar sem tóku þátt í CAC málsmeðferð og munu taka þátt í framkvæmd gerðarinnar, fyrirtækið þ.m.t., kallaðir „**málsaðilar**“ í þessum 7. kafla. Innan 60 daga frá dagsetningu ákvörðunar um CAC mun hver málsaðili, sem ekki er ánægður með niðurstöðu CAC, láta alla hina málsaðila í CAC ferlinu vita skriflega að málsaðilinn óski þess að deilunum verði vísað til gerðarmeðferðar hjá hinum hlutlausa þriðja aðila („**Beiðni um gerðardóm**“). Ef beiðni um gerðardóm er ekki lögð fram tímanlega, mun það hafa í för með sér samþykkt á ákvörðun CAC og málsaðilar samþykkja að fara að skilmálum þeirrar ákvörðunar. Innan eðlilegrar tímalengdar eftir móttöku á beiðni um gerðardóm, mun fyrirtækið hafa samband við alla málsaðila varðandi gerðardag í gegnum ytri lögmenn og leggja til lista af mögulegum gerðaraðilum.

### 6 Gerðarferlið

#### 6.1 Reglur um gerðardóm - staður

Gerðardómnum verður stýrt af starfandi gerðardómara sem málsaðilar hafa samþykkt. Gerðin fer fram skv. heildarlögum Utah um gerðardóma (Utah Uniform Arbitration Act). Gerðardómurinn verður haldinn í Salt Lake City, Utah, BNA, á skrifstofum utanaðkomandi lögmanna fyrirtækisins.

## 6.2 Uppgötvanir

Gerðaraðilinn mun ákveða að óska eftir upplýsingaskiptum fyrir gerð af hálfu málsaðila, þ.m.t. framlagningu umbeðinna skjala, skipti á vitnisburðasamantektum vitna og vitnaleiðslur vitna og málsaðila. Auk þess geta málsaðilar, skv. samþykkt hins valda gerðaraðila, lagt fram stuttar greinargerðir fyrir gerð, sem leggja fram ástæður máls og málsatvik.

## 6.3 Dagsetning gerðar

Nema að allir málsaðilar samþykki að framlengja frest gerðarinnar, mun gerðardómurinn eiga sér stað eigi síðar en sex mánuðum eftir að beiðnin um gerðardóm var dagsett.

## 6.4 Tungumál

Gerðin mun fara fram á ensku, en að beiðni og á kostnað málsaðila sem þess óska, munu gögn og vitnisburðir vera þýddir á tungumál þau sem málsaðilar óska.

## 6.5 Engar hóplögsóknir

Engar deilur verða með lögmonnum í gerð, né neinar aðrar lagameðferðir sem hóplögsóknir.

## 6.6 Leyfðir fundaraðilar

Sérhver málsaðili gerðarinnar er takmarkaður við setu málsaðila, aðila sem eru á samstarfssamningi málsaðila og ekki eru fleiri en tveir lögmennt á hvern málsaðila.

## 6.7 Kostnaður og gjöld gerðarmanns

Öll gjöld og kostnaður vegna gerðarinnar verða greidd jafnt af málsaðilum gerðarinnar.

## 6.8 Gerðin

(a) Dómur gerðarinnar er endanlegur og bindandi. Full úrlausn hlýst á allar kröfur og deilur á milli málsaðila gerðarinnar. Dóminn sem hlýst af gerðardómi gerðarmannsins má leggja fyrir öll dómþing í Utah-

fylki í BNA. Allir upplínu-samstarfsaðilar vörumerkis og hópur málsaðila eru bundnir af lokagerð gerðardómsins.

(b) Allir dómar gerðarinnar munu vera skriflegir og grundvallaðir á skýrum bókstaf laga varðandi staðreyndir máls fyrir gerðardómi. Gerðarmaðurinn hefur heimild til að veita málsaðila hvaða upphæðir sem eru taldar eðlilegar, fyrir tíma, kostnað og ómakið af gerðinni, þ.m.t. gerðargjöld og lögmannakostnað. Refsibætur eru hins vegar ekki leyfðar í neinum deilum. **HVORKI MÁLSAÐILAR NÉ FYRIRTÆKIÐ, NÉ AÐRIR AÐILAR TENGDIR FYRIRTÆKINU, YFIRMENN, STJÓRNENDUR, STARFSMENN, FJÁRFESTAR EÐA BIRGJAR MUNU VERÐA ÁBYRGIR FYRIR REFSIÁBYRGÐ, TILFALLANDI, AFLEIÐANDI, SÉRSTAKT- EÐA ÓBEINT TJÓN, Þ.M.T. TAP Á TEKJUM EÐA HAGNAÐI, TAP Á ORÐSPORI EÐA VIÐSKIPTATÆKIFÆRUM TENGDUM BROTUM EÐA MEINTUM BROTUM Á SAMNINGNUM EÐA FYRIR NEINA AÐRA GERÐ, YFIRSJÓN EÐA AÐRAR ATHAFNIR SEM HLOTUST AF STÖÐU MÁLSAÐILA SEM SJÁLFSTÆÐRA VERKTAKA OG SAMSTARFSADILA VARA FYRIRTÆKISINS.**

## 6.9 Trúnaður

Öll framvinda í gerðardómi er lokuð almenningi og er trúnaðarmál. Hvorki málsaðilar né gerðarmaður mega upplýsa tilveru, innihald eða niðurstöðu neinnar gerðar án þess að fá skriflegt samþykki allra málsaðila áður, nema ef það er skylda skv. lögum og ef notkun fyrirtækisins á gerðarmanni er fordæmi fyrir lausn framtíðardeilna.

## 6.10 Framkvæmd gerðar - lögbann

Drátt fyrir þessa reglu um gerðardóm, getur hvor málsaðila um sig óskað þess af dómstóli með lögsögu í sýslunni og Utah-fylki, BNA, eða í einhverju öðru lögsagnarumdæmi ef þörf krefur (i) að framfylgja gerðinni eða setja lögbann sem veitt hefur verið af gerðarmanni, eða (ii) að óska tímabundins nálgunarbanns, tímabundins lögbanns eða annarrar innsetningar, áður en, á meðan á gerð stendur eða eftir niðurstöðu gerðardómsins. Stefna til hvaða niðurstöðu sem er í dómi eða til að fullnægja gerð eða tilskipun, mun ekki fela í sér undanþágur frá skyldum neins málsaðila að leggja fram allar deilur til gerðardóms.

## 6.11 Eftirstaða

Samkomulag þitt um gerðardóm mun lifa af allar uppsagnir eða lok samninga eða hvers kyns annað samkomulag á milli þín og fyrirtækisins.



## 7 Kröfur þriðju aðila

Til verndar fyrirtækinu, eignum þess og orðspori fyrir kröfum eða deilum sem skapaðar eru af (ekki samstarfsaðilum vörumerkis) þriðju aðilum, krefst fyrirtækið eftirfarandi: Ef samstarfsaðilar vörumerkis eru sakaðir um hvers kyns yfirgang á hvers kyns eignarrétt einhverra utanaðkomandi þriðju aðila (sem ekki eru samstarfsaðilar vörumerkis) sem koma upp vegna einhverra eigna fyrirtækisins eða ef samstarfsaðilar vörumerkis verða verjendur í kröfu eða lögsókn sem tengist viðskiptahegðun samstarfsaðila vörumerkis eða einhverri annarri gerð, sem beint eða óbeint hefur neikvæð áhrif á eða setur fyrirtækið, orðspor þess eða einhverjar áþreifanlegar eða óáþreifanlegar eignir í hættu, skal samstarfsaðili vörumerkis umsvifalaust láta fyrirtækið vita. Fyrirtækið getur, á eigin kostnað og með viðeigandi fyrirvara, stigið hvaða skref sem það telur nauðsynlegt (þ.m.t. stjórn á hvaða lögsóknar- eða sáttumræðum sem þessu tengjast) til að vernda sjálft sig og áþreifanlegar og óáþreifanlegar eignir sínar. Samstarfsaðilar vörumerkis munu ekki grípa til neinna aðgerða í slíkri kröfu og lögsókn, nema að fyrirtækið samþykki, og ekki mun legið á því af ástæðulausu.

## Chapter 8. Almennir skilmálar

---

### 1 Almennir skilmálar

#### 1.1 Breytingar samnings

Fyrirtækið áskilur sér ótvíræðan rétt til að gera hvers kyns breytingar á samningnum með 30 daga fyrirvara með birtingu á vefsetri fyrirtækisins, eðlilegum samskiptum við samstarfsaðila vörumerkis eða eins og segir í hluta 1.6 í þessum 8. kafla. Þú samþykkir að 30 dögum eftir slíka tilkynningu munu viðkomandi breytingar taka gildi og verða sjálfkrafa hluti af samningnum á milli þín og fyrirtækisins sem virk og bindandi ákvæði. Með því að halda áfram sem samstarfsaðili vörumerkis, taka þátt í viðskiptum eða taka við bónusgreiðslum eftir að breytingarnar hafa tekið gildi, viðurkennir þú og samþykkir nýja skilmála samningsins. Ef þú samþykkir ekki þessar breytingar geturðu valið að hætta samstarfsreikningi vörumerkis þíns eins og fram kemur í hluta 4.4 í kafla 1.

#### 1.2 Afsöl og undanþágur

Fyrirtækið áskilur sér rétt, að eigin gedþótta, til að veita undanþágu frá eða afsala rétti til allra ákvæða samningsins. Allar undanþágur fyrirtækisins um brot á hvaða ákvæði samningsins sem er eða undantekningar sem fyrirtækið veitir frá hvaða ákvæðum samningsins sem er verða að vera skriflegar og munu ekki verða túlkaðar sem afsal einhverra afleiddra eða viðbótarbrota eða undanþága fyrir neinn annan aðila. Allur réttur eða forréttindi fyrirtækisins skv. samningnum má vera notaður eins og fyrirtækið telur henta. Hvers kyns undanþágur sem fyrirtækið gerir, eða hvers kyns brestur á eða tafir af fyrirtækisins hálfu til að nota rétt sinn eða forréttindi skv. samningnum verða ekki undanþágur eða afsal á þeim rétti eða forréttindum í framtíðinni.

#### 1.3 Samþættur samningur

Samningurinn er lokaframsetning á þeim skilningi samkomulags á milli þín og fyrirtækisins, varðandi öll mál sem snert er á í samningnum og yfirtekur öll fyrri og samtímis gildandi samninga um skilning (bæði munnlega og skriflega) á milli aðila. Samningurinn fellir öll fyrri minnisblöð, orðsendingar, kynningar, umræður og lýsingar sem tengjast málefnum samningsins úr gildi. Ekki má breyta samningnum nema eins og fram kemur í stefnum þessum og starfsreglum. Ekki er hægt að þræta fyrir tilvist þessa samnings með sönnunargögnum um hvers kyns hliðstæðum munnlegum eða skriflegum samningum.

Ef um misræmi er að ræða á milli skilmála samningsins og munnlegra túlkana sem þér voru veittar af starfsmanni fyrirtækisins eða öðrum samstarfsaðila vörumerkis, skulu skýrir skriflegir skilmálar samningsins gilda.

#### 1.4 Sjálfstæði greina

Öllum ákvæðum samningsins sem eru bönnuð, lögfræðilega ógild eða dæmd ófullnustuhæf í einhverju lögsagnarumdæmi eru aðeins ógild hvað varðar það bann, ógildingu eða ófullnustuhæfi og aðeins í því lögsagnarumdæmi. Öll lagalega ógild eða ófullnustuhæf ákvæði samningsins munu ekki ógilda eða gera ófullnustuhæf nein önnur ákvæði samningsins, né munu þau ákvæði samningsins verða ógild eða dæmd ófullnustuhæf í neinu öðru lögsagnarumdæmi.

#### 1.5 Lögsagnarumdæmi/gildandi lög

Utah-fylki, BNA er eini vettvangur fyrir gerðir eða hvers kyns aðrar lausnir deilna. Upphafsstaður samningsins er Utah-fylki BNA og verða lög þess fylkis gildandi um samninginn, skýrð í samræmi við og túlkuð eftir lögum þess fylkis án gildis laga þess fylkis varðandi valkosti laga. Eina varnarþingið sem lausnir allra deilna fer fram í, þ.m.t. gildi ákvæða varðandi gerðardóma, varnarþing og lögsögu, verður í Salt Lake sýslu, Utah, BNA. Þú samþykkir fyrir þig lögsögu allra dómþinga í fylkinu Utah, BNA og afsalar þér rétti til óviðeigandi varnarþings. Þú afsalar þér öllum rétti til vals lögsagnar sem gæti verið þér hagstæð skv. lögum búsetumarkaðar þíns.

#### 1.6 Tilkynningar

Nema að um annað sé getið í samningnum, verða allar tilkynningar eða önnur samskipti sem óskað er eftir eða heimilað er að veita skv. samningnum, skulu vera skriflegar og afhentar persónulega, sendar með faxi eða sendar í pósti, ábyrgðarpósti (skráðum) eða hraðpósti með fyrirfram greiddum sendingarkostnaði. Nema að um annað sé getið í samningnum, skulu tilkynningar verða taldar veittar þegar þær hafa verið afhentar persónulega eða, ef sendar með faxi, einum degi eftir dagsetningu faxsendinguna eða ef sent er í pósti, fimm dögum eftir dagsetningu póstsendingar til viðeigandi Nu Skin Local fyrirtækis, sem berist til lögfræðideildar eða á heimili samstarfsaðila vörumerkis eins og það kemur fram í samstarfssamningi, nema að tilkynning um breytt heimilisfang hafi verið móttækin af fyrirtækinu.

### 1.7 Arftakar og kröfur

Samningurinn verður bindandi og festur svo aðilar njóti ávinnings skv. honum svo og arftakar þeirra og framsalshafar.

### 1.8 Kaflaheiti

Kaflaheiti samningsins eru aðeins til þæginda og munu ekki takmarka eða hafa á annan hátt áhrif á nein ákvæði eða skilmála samningsins.

### 1.9 Tilvísanir innan samnings

Allar tilvísanir í hluta eða kafla í þessum texta eiga við um hluta og kafla í stefnum þessum og starfsreglum, nema að um annað getið.

### 1.10 Fleirtala og kyn

Öll orð skulu teljast fela í sér fleirtölu sem og eintölu og fela í sér öll kyn.

### 1.11 Þýðingar

Ef um er að ræða misræmi á milli hinnar ensku útgáfu samningsins og þýðingar hans, skal enska útgáfan ráða.

# Viðbætur A – Orðalisti skilgreindra hugtaka

---

## ADR (Automatic Delivery Rewards Program; sjálfvirkt afgreiðslukerfi)

Kerfi sem býðst í sumum samþykktum löndum sem heimilar samstarfsaðilum vörumerkis að hafa fastar pantanir hjá fyrirtækinu sem sendar eru samstarfsaðilum mánaðarlega.

### Auglýsingaefni

Allt rafrænt, prentað, munnlega flutt eða annað efni sem notað er í tilboðum eða sölu vara, ráðningu væntanlegra samstarfsaðila vörumerkis eða þjálfun samstarfsaðila, sem vísa til fyrirtækisins, söluárangurskerfisins, viðskiptaheita þess eða myndmerkja og gæti falið í sér persónulegt auglýsingaefni.

### Samþykktur markaður

Hvaða markaður sem útlistaður er skriflega af fyrirtækinu sem opinberlega opin markaður fyrir alla samstarfsaðila vörumerkis.

### Hagsmunatengsl

Hvað varðar samstarfsreikninga vörumerkis:

Hvers kyns hagsmunir, hvaða nafni sem þeir nefnast, hvort sem eru beinir eða óbeinir, ekki takmarkaðir við eignarhaldshagsmuni, rétt til núverandi eða framtíðarhagsmuna, fjárhagslega eða annars konar, rétt til að fara í ferðir og aðrar uppákomur fyrirtækis, réttindi til þess að kaupa vörur á heildsöluverði, viðurkenningar af hvaða toga sem er eða áþreifanlegur eða óáþreifanlegur ávinningur við samstarfsreikning vörumerkis.

Einstaklingur hefur hagsmunatengsl í samstarfsreikningi vörumerkis maka eða sambýlisaðila.

Ef einstaklingur er eða ætti að vera skráður á rekstrarform rekstrarfélags, er hann talinn hafa hagsmunatengsl í rekstrarfélagi þess samstarfsreiknings vörumerkis. Hver einstaklingur með hagsmunatengsl í rekstrarfélagi dæmist til að hafa hagsmunatengsl við samstarfsreikning vörumerkis.

Hvað varðar fyrirtæki í beinni sölu:

Hvers kyns hagsmunir, hvaða nafni sem þeir nefnast, beinir eða óbeinir, þ.m.t. en ekki takmarkaðir við eignarhaldshagsmuni, rétt til núverandi eða framtíðarhagsmuna, fjárhagslega eða annars konar, rétt til að fara í ferðir fyrirtækis í beinni sölu og aðrar uppákomur, réttin til þess að kaupa vörur fyrirtækis í beinni sölu á heildsöluverði, viðurkenningu af hvaða toga sem er, og áþreifanlegur eða óáþreifanlegur ávinningur af samstarfsreikningi fyrirtækis í beinni sölu. Einstaklingur með hagsmunatengsl í samstarfsreikningi fyrirtækis í beinni

sölu (i) maki eða sambýlisaðili, eða (ii) rekstrarfélag ef einstaklingurinn á hagsmunatengsl við rekstrarfélagið.

## Bónus

Þóknun greidd af fyrirtækinu til samstarfsaðila vörumerkis eftir magni seldrar vöru af samstarfsaðila, hópum hans/hennar og fráhvarfsfulltrúum ef þeir uppfylla öll skilyrði sem fram koma í söluárangurskerfinu. Nu Skin Local fyrirtækinu hefur verið veitt heimild til greiðslu bónusa til samstarfsaðila vörumerkis á búsetumarkaði.

## Samstarfsaðili vörumerkis

Sjálfstæður verktaki sem hefur heimild frá fyrirtækinu skv. samningnum til að markaðssetja vörur, ráða aðra samstarfsaðila vörumerkis og fá bónusgreiðslur skv. því sem áskilið er í söluárangurskerfinu. Sambandi samstarfsaðila vörumerkis við fyrirtækið er stjórnað af samningnum.

## Samstarfsreikningur vörumerkis

Samstarfsreikningur vörumerkis sem stofnaður er annaðhvort með einstaklingi eða að rekstrarfélag hefur samningsbundið samstarf við fyrirtækið.

## Samstarfssamningur vörumerkis

Samstarfssamningur vörumerkis er samstarfssamningur og alþjóðlegur samningur stuðningsaðila (þ.m.t. skyldusamkomulag um bindandi gerð og ýmis ákvæði), þessi stefna og starfsreglur, söluárangurskerfið og efni sem á við um valfrjálst verkefni sem hvert um sig geta verið breytt og eru innifalin hér til nánari upplýsinga.

## Samtök samstarfsaðila vörumerkis

Öll samtök samstarfsaðila vörumerkis sem sett eru á stofn af samstarfsaðilum vörumerkis sem bjóða upp á stuðning við sölu, hvatningu- eða þjálfunarefni, áskrift að vefsetrum, stuðningsefni og þjónustu, þjálfunarnámskeið, viðurkenningaratburði, vísanir eða önnur kynningartæki fyrir tiltekinn hóp tengdra samstarfsaðila vörumerkis.

## Fulltrúi vörumerkis

Samstarfsaðili vörumerkis sem hefur lokið hinu formlega hæfnisferli eins og lýst er í söluárangurskerfinu. Fulltrúar vörumerkis skiljast frá hópi stuðningsmanna sinna og magn þeirra reiknast ekki með heildarmagni stuðningsaðila þeirra eða viðhaldsskilyrðum, en stuðningsaðilinn heldur áfram að fá aðskilnaðarbónusgreiðslur frá hópnum eins og skilgreint er í söluárangurskerfinu. Vinsamlegast sjá söluárangurskerfið til að fá nánari upplýsingar.

## Viðskipti

Hvers kyns athafnasemi til hagsbóta eða sem styður viðskipti samstarfsreiknings vörumerkis, þ.m.t. undirritun samstarfssamnings, kaup á vörum frá eða skil á vöru til fyrirtækisins, aðstoð við og/eða ráðning nýrra

samstarfsaðil vörumerkis, notkun greiðslukorta, sendingarþjónusta, eða hvers kyns annars konar athafnir sem fyrirtækið, að eigin geðþótta, ákveður að séu viðkomandi kynningu á fyrirtækisrekstrinum.

## Viðskiptaþróun

Hvers kyns athafnir sem styðja, hjálpa eða eru í þágu reksturs, þróunar, sölu eða stuðningsmennsku annars fyrirtækis í beinni sölu með hvaða hætti sem er, þ.m.t. en ekki takmarkað við sölu vöru og þjónustu, kynning á viðskiptatækifærinu, að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins í beinni sölu eða fulltrúa þess, að leyfa að nafn þitt að sé notað við markaðssetningu fyrirtækis í beinni sölu, vöru, þjónustu eða tækifæris, stuðningsmennsku eða ráðningu fyrir hönd þessa fyrirtækis í beinni sölu, koma fram sem meðlimur stjórnar, sem yfirmaður, eða fulltrúi eða dreifingaraðili fyrirtækis í beinni sölu, eignartengsl eða einhver önnur hagsmunatengsl, hvort sem þau eru bein eða óbein.

## Rekstrarfélög

Hvers kyns rekstrarfélag sem hefur rétt hæfi, s.s. fyrirtæki, hlutafélag, sameignarfélag, sjóður, eða annað form rekstrarfélags sem er löglega skráð skv. lögum í lögsagnarumdæminu sem það var stofnað í.

## Fyrirtækisform

Stuðningsgögn sem talin eru hluti samstarfssamningi vörumerkis. Fyrirtækiseyðublaðið verður að vera útfyllt, undirritað af rekstrarfélagi sem sækir um að verða samstarfsaðili vörumerkis, sem og öllum þátttakendum í rekstrarfélaginu. Fyrirtækiseyðublaðið verður að skrá alla aðila sem eru hluthafar, stjórnendur, yfirmenn, meðlimir eða aðra sem eiga hagsmunatengsl í rekstrarfélaginu.

## Stuðningsefni

Allt rafrænt, prentað, hljóð- og myndbandskyppingarefni eða annað efni sem notað er í tilboðum eða sölu vara, ráðningu væntanlegra samstarfsaðila vörumerkis eða þjálfun samstarfsaðila, sem vísa til fyrirtækisins, söluárangurskerfisins eða viðskiptaheita þess.

## Stuðningsefni og þjónusta

Þetta hugtak er notað sem tilvísun í bæði stuðningsefni og stuðningsþjónustu.

## Stuðningsþjónusta

Öll þjónusta eða viðskiptatæki sem styður við tilboð eða sölu á vörum fyrirtækisins, ráðningu væntanlegra samstarfsaðila vörumerkis eða þjálfun samstarfsaðila.

## CAC

Áfrýjunarnefnd samstarfsaðila vörumerkis (Brand Affiliate Compliance Appeals Committee). Skyldur hennar koma fram í 6. kafla.

## Sambýlisaðili

Einstaklingur sem býr með samstarfsaðila vörumerkis eins og um maka samstarfsaðilans væri að ræða án þess að um giftingu sé að ræða.

## Fyrirtækið

Nu Skin eða fyrirtækið þýðir NSI og eignartengdir lögaðilar.

## Stuðningsefni samþykkt af fyrirtæki

Markaðssetningarefni með texta skrifaðan af fyrirtækinu, samþykktum til notkunar í tilteknum löndum.

## Trúnaðarupplýsingar

Allar persónulegar, trúnaðar- og/eða upplýsingar í einkaeign sem þér voru veittar eða þú uppgötvaðir varðandi fyrirtækið, þ.m.t. án takmarkana, hugverkæign, viðskiptaleyndarmál, sölukerfið, persónulegar upplýsingar, sölutölur og ættartala, handbækur, starfsreglur, stefna, starfsaðferðir, markaðssetning og markaðsfræðilegar upplýsingar, tölvuhugbúnaður, þjálfunarefni, leynilegar fjárhagsupplýsingar, og hvers kyn afrit, minnisblöð eða samantektir slíkra upplýsinga eða neinar aðrar upplýsingar sem fyrirtækið telur í sinni eign, afar viðkvæmar eða verðmætar rekstri sínum.

## Samningur

Samkomulag á milli samstarfsaðila vörumerkis og fyrirtækisins sem samanstendur af samstarfssamningnum, fyrirtækiseyðublaðinu og vörukaupasamningi búsetumarkaðar. Samningurinn er í heild sinni eina samkomulagið á milli fyrirtækis og samstarfsaðila vörumerkis.

## Ráðstefna

Ráðstefna er vörusýning sem samþykkt er af viðskiptum fyrirtækisins þar sem samstarfsaðilar á fulltrúastigi mega leigja bás eða setja upp sýningaraðstöðu.

## CRC

Eftirfylgninefnd fyrirtækisins (Brand Affiliate Compliance Review Committee). Skyldur hennar koma fram í 6. kafla.



## Gagnaverndaryfirvöld

Fulltrúi yfirvalda sem hefur vald til að framfylgja staðbundnum gagnaverndar- og öryggislögum.

## Skráður aðili

Einstaklingur sem í þessu tilviki er samstarfsaðili vörumerkis eða viðskiptavinur hvers upplýsingum er unnið úr í samræmi við persónuverndarstefnu Nu Skin.

## Fyrirtæki í beinni sölu

Fyrirtæki sem notar sölumennsku sjálfstæðra verktaka til að selja vörur og þjónustu og launar verktökunum með eins-stigs eða fjölstiga greiðslukerfi fyrir (i) þeirra eigin sölu og/eða (ii) sölu annarra sjálfstæðra verktaka sem hafa ráðið sig undir hina sjálfstæðu verktaka til að dreifa sömu vöru og þjónustu.

## Deilur

Skilgreindar í hluta 3, 7. kafla.

## Markaðssetningarsetur formanna vörumerkis á Internetinu

Vefsetur sem er (i) í eigu, starfrækt eða felur í sér efni, sem veitt er af samstarfsaðila vörumerkis sem hefur stöðuhæð formanns vörumerkis eða hærrí, og (ii) er rétt skráð hjá fyrirtækinu og með rétta tilkynningu um skráningu.

## Upplýsingar

Öll gögn sem unnið er úr af fyrirtækinu eða samstarfsaðila vörumerkis í samræmi við undirhluta 2.1 og 2.2 í þessum stefnum og starfsreglum, þar á meðal persónuupplýsingar og viðkvæmar upplýsingar.

## Alþjóðlegur stuðningsaðili

Fullgildur samstarfsaðili vörumerkis með heimild skv. alþjóðlegum samningi stuðningsaðila til að starfa sem stuðningsaðili á samþykktum markaði, erlendis, utan svæðis eða annars pólitísks lögsagnarumdæmis, þar sem sá samstarfsaðili vörumerkis hóf upphaflega samstarfsreikning sinn hjá fyrirtækinu.

## Markaðssetningarefni á Internetinu

Markaðssetningarefni sem tengist fyrirtækinu, vörum þess eða söluárangurskerfi/tekjutækifærum sem ekki hafa verið útbúin af fyrirtækinu og samþykkt á persónulegu bloggi, Facebook-síðum og félagstengslasetrum.

## Markaðssetningarsetur á Internetinu

„Markaðssetningarsetur á Internetinu” eru allar staðsetningar á vefnum sem eru (a) aðallega notaðar (eða stærsti hluti þeirra notaður) til að birta tengslaupplýsingar um fyrirtækið, vörur þess eða söluárangurskerfi/tekjumöguleika, eða (b) sem innihalda „Markaðssetningarefni á Internetinu”.

## Leyfissamningur

Samkomulag á milli fyrirtækisins og formanna vörumerkis tekur yfir réttindi formanna vörumerkis til að nota tiltekin vörumerki fyrirtækisins og viðskiptanöfn í stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis og á Internetinu.

## Sölukerfið

Samstarfsaðilar vörumerkis og sölukerfi viðskiptavina fyrirtækisins og heildarsafn alls kyns lista sem lýsa öllu sölukerfinu eða meðlimum þess, þ.m.t. allar tengsla- og persónuupplýsingar sem safnað var af fyrirtækinu varðandi samstarfsaðila og viðskiptavini.

## Land sem er ekki búsetumarkaður þinn

Samþykktur markaður annar en búsetumarkaður þinn.

## NSI

Nu Skin International, Inc. (NSI) er bandarískt fyrirtæki, stofnað skv. lögum Utah fylkis, með aðalstöðvar í Provo, Utah, Bandaríkjum Norður-Ameríku.

## Nu Skin Local fyrirtækið

Er tengslafyrirtæki fyrirtækisins sem starfar á búsetumarkaði þínum og er aðili að samstarfssamningi þínum. Nu Skin Local fyrirtækin eru skilgreind í hluta 1.1 í 1. kafla stefna þessara og starfsreglna.

## Þátttakandi

Hver sá einstaklingur sem hefur hagsmunatengsl í rekstrarfélagi eða samstarfsreikningi vörumerkis.

## Aðili

Einstaklingur eða rekstrarfélag.

## Persónulegt auglýsingaefni

Nafnspjöld, bréfshaus, bréfsefni, umslög, skrifblokkir, sjálflímandi merkingar, nafnmerki eða kort samtaka um beina sölu með fyrirtækisnafni prentuðu á, nafn samstarfsaðila vörumerkis, aðsetur, símanúmer og aðrar persónulegar tengslaupplýsingar.

## Persónuupplýsingar

Allar upplýsingar sem tengjast auðkenndum eða persónugreinanlegum einstaklingi. Persónugreinanlegur einstaklingur er sá sem hægt er að auðkenna, beint eða óbeint, einkum með tilvísun til auðkennis á borð við nafn, auðkennisnúmer, staðsetningarupplýsingar, auðkennis á netinu eða einn eða fleiri þátta sem tengjast líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnahagslegu, menningarlegu eða félagslegu auðkenni þess einstaklings.

## Stefnur og starfsreglur

Stefnur sem nær yfir hvernig samstarfsaðilar vörumerkis eiga að sinna viðskiptum sínum eins og fram kemur í þessu skjali (þ.m.t. viðbótarstefnur) og skilgreinir réttindi og samband aðilanna.

## Aðalþátttakandi

Þátttakandi í rekstrarfélagi sem er í forsvari fyrir dagleg umsvif rekstrarfélagsins og sem er útnefndur sem eini aðilinn sem löglega getur verið í forsvari fyrir rekstrarfélagið gagnvart fyrirtækinu.

## Ferli eða vinnsla:

Aðgerð eða aðgerðir sem framkvæmdar eru af samstarfsaðila vörumerkis fyrir upplýsingar, hvort sem slíkt er með sjálfvirkum hætti eður ei, til dæmis söfnun, skráning, skipulagning, geymsla, aðlögun eða breyting, endurheimt, ráðgjöf, notkun, birting með flutningi, miðlun eða gerðar eru á annan hátt tiltækar, stilling eða samsetning, takmörkun eða eyðing.

## Vörur

Vörur og þjónusta fyrirtækisins sem er seld í gegnum Nu Skin Local fyrirtækið í viðkomandi samþykktu landi.

## Tímabundinn fulltrúi vörumerkis

Tímabundinn fulltrúi vörumerki er fulltrúi vörumerkis sem hefur ekki staðist viðhaldskröfur fulltrúa vörumerkis og hefur þegar notað náðarmánuðinn sinn. Vinsamlegast sjá söluárangurskerfið til að fá nánari upplýsingar.

## Væntanlegur fulltrúi vörumerkis

Væntanlegur fulltrúi vörumerkis (Q1, Q2) er samstarfsaðili vörumerkis sem hefur giftusamlega staðist fyrsta mánuðinn í fulltrúaferlinu (nefndur LOI mánuður) og er nú á góðri leið með að verða fulltrúi vörumerkis fyrir fyrirtækið. Vinsamlegast sjá söluárangurskerfið til að fá nánari upplýsingar.

## Búsetumarkaður

Ef þú ert einstaklingur, er það markaðurinn, svæðið eða annað pólitískt lögsagnarumdæmi þar sem þú ert löggildur íbúi og hefur gildan samstarfssamning vörumerkis fyrir markaðinn. Ef þú ert rekstrarfélag, eins og fyrirtæki, hlutafélag, takmarkað hlutafélag, eða hvers kyns annað rekstrarfélag, þá er það markaðurinn, svæðið eða annað pólitískt lögsagnarumdæmi þar sem þú er löglega skráð(ur), skv. lögum búsetumarkaðar sem er og markaðurinn þar sem samstarfssamningur vörumerkis er undirritaður.

## Sölupunktur

Punktakerfi sem fyrirtækið notar til að bera saman hlutfallslegt gildi vara þvert á ýmsa gjaldmiðla og markaði. Hverri vöru er úthlutað ákveðið magn sölupunkta. Vinsamlegast sjá söluárangurskerfið til að fá nánari upplýsingar varðandi sölupunkta og útreikning og greiðslu mismunandi bónusa.

## Viðkvæm gögn

Upplýsingar sem tengjast kynþætti eða þjóðernislegum uppruna, stjórnmalaskoðunum, trúarskoðunum eða heimspekilegum skoðunum eða aðild að stéttarfélagi, erfðafræðileg gögn, lífkenni, gögn er varða heilsu eða gögn er varða kynlíf einstaklinga eða kynhneigð, eða upplýsingar sem tengjast sakfellingum og lögbrotum.

## Stuðningsaðili

Samstarfsaðili vörumerkis sem persónulega ræður annan samstarfsaðila vörumerkis eða neytanda til að skrá sig á 1. stigi (1. stig felur í sér alla reikninga sem nú eru studdir af samstarfsaðila vörumerkis, sama hver titillinn er). Vinsamlegast sjá söluárangurskerfið til að fá nánari upplýsingar.

## Undirvinnsluaðili

Aðili sem vinnur úr upplýsingum fyrir hönd vinnsluaðila.

## Hópur

Hópur þinn samanstendur af starfshópi þínum og öllum starfshópum þar sem þú átt rétt að fá greiddan aðalbónus. Vinsamlegast sjá Velocity by Nu Skin™ söluárangurskerfið til að fá upplýsingar um starfshópa og aðalbónus.

## Óopnaður markaður

Allir markaðir sem eru ekki samþykktir markaðir. Óopnuð lönd eru frátekin fyrir Nu Skin. Skrá yfir samþykktu markaði er birt á [www.nuskin.com](http://www.nuskin.com).

## Lén

Veffang (Uniform Resource Locator; URL).

### Velocity by Nu Skin™ söluárangurskerfi (söluárangurskerfi)

Ákveðin áætlun sem notuð er af fyrirtækinu sem útlistar upplýsingar og kröfur þóknunarkerfis fyrir samstarfsaðila vörumerkis.

# Viðbætur B – Stefna fyrir stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis

---

## 1 Stuðningsefni formanna vörumerkis

### 1.1 Reglufylgni með lögum, stefnum og starfsreglum

Stuðningsefn formanna vörumerkis verður að fara að þessum stefnum og starfsreglum og öllum viðeigandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. öllum eignarréttarreglum annarra einstaklinga. Þú verður að bera fulla ábyrgð á innihaldi stuðningsefnis formanna vörumerkis. Skráning á stuðningsefni þínu frá formönnum vörumerkis er til staðar af útbreiðsluástæðum eingöngu, og fyrirtækið hefur engar skyldur til að tryggja að stuðningsefni formanna vörumerkis fari að viðeigandi lögum og reglugerðum. Skráningarferlið er ekki lagalegt ráðgjöf af fyrirtækisins hálfu og þér er stranglega ráðið að leita ráða hjá sjálfstæðum lögmonnum hvað varðar hvernig laga- og reglufylgni stuðningsefnis þíns.

### 1.2 Útgefandi fundinn

Í stuðningsefni formanna vörumerkis verður að koma skýrt fram að (a) efnið sé „framleitt af sjálfstæðum samstarfsaðila vörumerkis,” og einhverjar aðrar merkingar geti verið nauðsynlegar af fyrirtækinu til að tryggja að kunnugt sé að efnið sé framleitt af samstarfsaðila vörumerkis, og (b) nafn og heimilisfang formanns vörumerkis sem gefur út stuðningsefni formanna vörumerkis. Til dæmis: „Þetta var framleitt af John Doe, sjálfstæðum samstarfsaðila vörumerkis fyrir Nu Skin International, Inc., 75 West Center Street, Provo, Utah 84601, BNA”. Þér er óheimilt að halda fram, leggja til eða gefa í skyn að stuðningsefni formanna vörumerkis sé framleitt, samþykkt, stutt, í boði eða að fyrirtækið mæli með því.

### 1.3 Notkun á fyrirtækisframleiddu efni

Stuðningsefni formanna vörumerkis getur notar efni frá fyrirtækinu, s.s. ljósmyndir, myndbönd og lýsingar á vörum og söluárangurskerfinu sem hafa verið framsett af fyrirtækinu til notkunar í (i) stuðningsefni formanna vörumerkis, og (ii) á hinum samþykka markaði sem þú hyggst nota þetta efni. Notkun á fyrirtækisvörumerkjum, viðskiptaheitum, slagorðum, eða efnis undir höfundarrétti og hvers kyns innihald framleitt af fyrirtækinu í stuðningsefni formanna vörumerkis verður að fara eftir skilmálum sem settir voru fram í heimildasamkomulaginu.

Ef þú notar efni framleitt af fyrirtækinu mátt þú ekki breyta innihaldi þess og verður að koma skýrt fram að fyrirtækið eigi höfundarrétt að því efni. Fyrirtækið áskilur sér, að eigin geðþótta, allan rétt til að afturkalla réttinn til að nota hvaða fyrirtækisframleitt efni sem er.

## 2 Sala á stuðningsefni og þjónustu sem formenn vörumerkis framleiða

### 2.1 Skráning áskilin fyrir sölu

Þú verður að skrá stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis hjá fyrirtækinu og fá tilkynningu um skráningu skv. ákvæðum hluta 6 í 3. kafla, áður en þú selur það öðrum samstarfsaðilum vörumerkis.

### 2.2 Einbeiting er á vörusölu

Helstu viðskipti þín verða alltaf að vera í vörusölu til neyslu. Sala stuðningsefnis og þjónusta má ekki verða helsta hagnaðarvonin fyrir þig. Fyrirtækið mælir með því að stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis ætti almennt að vera seld á kostnaðarverði en a.m.k. selt á sanngjörnu verði. Í samræmi við þessa grunnreglu, mátt þú ekki bjóða hvatningu til annarra samstarfsaðila vörumerkis í tengslum við sölu á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis við aðra samstarfsaðila og viðskiptavini. T.d. máttu ekki bjóða bónusgreiðslur, beint eða óbeint, til samstarfsaðila vörumerkis fyrir að selja stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis við aðra samstarfsaðila eða viðskiptavini fyrir að vísa hugsanlegum kaupanda stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis til þín.

### 2.3 Engin kaup nauðsynleg - engin sala til væntanlegra samstarfsaðila vörumerkis

Þú getur ekki farið fram á að væntanlegir samstarfsaðilar vörumerkis kaupi stuðningsefni og þjónustu sem skilyrði þess að skrá þá sem samstarfsaðila. Þú mátt heldur ekki leggja það til eða gefa í skyn

- að áskilið eða nauðsynlegt sé að kaupa fyrirtækis- eða stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis til að skrá sig eða njóta velgengni við sölu,
- að áskilið eða nauðsynlegt sé að kaupa fyrirtækis- eða stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis til að fá stuðning og þjálfun þeirra sem ofar eru.

- að stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis hafi verið framleidd af fyrirtækinu eða séu boðin og seld af fyrirtækinu, eða
- að fyrirtækið samþykki, styðji eða mæli með stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis.

Þú mátt ekki selja neitt fyrirtækis- eða stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis til væntanlegra samstarfsaðila vörumerkis áður en væntanlegir samstarfsaðilar hafa lagt fram umsókn til fyrirtækisins að verða samstarfsaðilar.

## 2.4 Skilareglur

Í tengslum við sölu á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis verður þú að bjóða sömu skilareglur og fyrirtækið býður fyrir vörur og stuðningsefni. Þú verður að endurgreiða 100 prósent innkaupsverðsins innan fyrstu 30 daganna frá afhendingu, og eftir það 90 prósent innkaupsverðs af stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis það sem eftir er af 12 mánaða tímabilinu.

## 2.5 Yfirlýsing um birtingu

Þú verður að gefa yfirlýsingu um upplýsingagjöf og stuðningsefni fyrir samstarfsaðila vörumerkis áður en fyrsta sala á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis til samstarfsaðila fer fram. Þú getur fengið afrit af yfirlýsingunni um upplýsingagjöf á opinbera vefsetrinu. Þú ætti að athuga reglulega vefsetrið til að tryggja að þú hafir nýjustu yfirlýsinguna um upplýsingagjöf. Afgreiðsla kvittunar skv. hluta 2.6 hér að neðan mun fullnægja skilyrðunum sem sett eru fram í þessum hluta 2.5 ef sú kvittun er gefin á sama tíma með kaupum á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis.

## 2.6 Kvittun

Þú verður að veita kvittun fyrir alla sölu á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis. Kvittunin verður að vera í samræmi við hluta 5.3 í 2. kafla og einnig hafa eftirfarandi yfirlýsingu:

„Þér er ekki áskilið að kaupa neitt stuðningsefni eða þjónustu til þess að verða Nu Skin samstarfsaðili.

Þetta stuðningsefni eða þjónusta er framleitt og dreift af sjálfstæðum samstarfsaðila vörumerkis fyrir Nu Skin International, Inc. og ekki af Nu Skin International, Inc. Þótt sumum samstarfsaðilum finnist að vörur þessar og þjónusta hafi hjálpað í Nu Skin rekstri þeirra eru þeir ekki skyldugir til að kaupa það til að verða samstarfsaðilar og enginn árangur er tryggður með kaupunum. Þótt þú



hafnir því að kaupa þessar vörur, mun það ekki hafa áhrif á möguleika þína á þjálfun og stuðningi af stuðningsaðilum fyrir ofan þig. Nu Skin International, Inc. samþykkir ekki, styður né mælir með þessu stuðningsefni og þjónustu. Eyðsla þín á þessum hlutum ætti að vera innan skynsamlegra marka og upphæðin sem þú eyðir ætti að vera í tengslum við rekstur þinn og sölumagn.

Óskir þú eftir að skila stuðningsefninu eða þjónustunni, getur þú eingöngu fengið endurgreiðslu frá sjálfstæða samstarfsaðila vörumerkis sem seldi þér stuðningsefnið og þjónustuna. Þú getur afpantað kaupin hvenær sem er innan 14 daga frá afgreiðsludegi og fengið fulla endurgreiðslu kaupverðsins. Að 14 dögum liðnum áttu heimtingu á endurgreiðslu 90 prósentu innkaupsverðsins ef þú skilar stuðningsefninu eða þjónustunni til seljanda á aðsetrið sem skráð er á kvittunina innan 12 mánaða frá kaupdegi.”

Ef þú veitir stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis í áskrift eða með öðrum hætti þar sem samstarfsaðili vörumerkis þarf ekki að stöðugt að panta hver innkaup (t.d., á mánaðarlegu gjaldi á vefnum), þá verður þú að bæta eftirfarandi setningu á kvittunina sem lýst er að ofan, við upphaflegu áskriftina eða pöntunina og allar pantanir sem á eftir koma: „Þú getur hætt við [pöntun/áskrift þína o.s.frv.] hvenær sem er með því að leggja fram skriflega eða rafræna tilkynningu til [setjið inn nafn og tengslaupplýsingar (auk tölvunetfangs)].”

## 2.7 Eftirfylgni og lög

Sala á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis og frammistaða alls stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis verður að fylgja stefnum þessum og starfsreglum og öllum viðeigandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum sem tengjast persónufriðhelgi neytenda, gagnavernd, banni við símhringingum, banni við óumbeðnum tölvupósti, og hvers kyns tengdum lögum til verndar neytendum. Þú berð fulla ábyrgð á því að tryggja að þú farir að öllum viðeigandi lögum og að þú munir bera ábyrgð gagnvart fyrirtækinu ef fyrirtækið fær á sig tap vegna brota þinna. Þú er hvattur til að ræða við þína eigin lögfræðinga varðandi fylgni þína að þessum lögum og reglugerðum. Á meðan fyrirtækið endurskoðar stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis og getur óskað eftir að aðlaga efnið, er endurskoðun fyrirtækisins á efninu og heimild þess til að selja þetta stuðningsefni og þjónustu hvorki lagaráðgjöf frá fyrirtækinu né fullyrðing á einhvern hátt þess efnis að efnið sé í einu og öllu skv. lögum.

## 2.8 Verðlag

Þú verður að tryggja að magn og kostnaður alls stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis sem þú munt selja öðrum samstarfsaðilum vörumerkis sé eðlilega tengt sölumagni og bónusstigi þessara samstarfsaðila. Þú mátt

ekki hvetja samstarfsaðila vörumerkis til að safna skuldum til að kaupa stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis eða stuðningsefni frá fyrirtækinu.

## 2.9 Engin sölumennska á uppákomum fyrirtækja

Þú mátt ekki sýna, kynna eða selja neitt stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis á fundum eða atburðum sem kostaðir og haldnir eru að einhverju leyti af fyrirtækinu.

## 2.10 Vefsetur

Þrátt fyrir að þú getir heimilað öðrum samstarfsaðilum vörumerkis að nota vefsetur og meta sanngjarnar greiðslur gegn kostnaði þínum fyrir að veita þessa þjónustu, mátt þú ekki selja afrits- eða for-sniðsvefsetur til annarra samstarfsaðila áður en fyrirtækið veitir samþykki sitt.

## 2.11 Fyrirtæki áskilur sér rétt - takmökunarákvæði

(a) Réttur þinn til sölu stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis til annarra samstarfsaðila vörumerkis er skilyrtur með samkomulagi þínu þannig að allar upplýsingar sem tengjast samstarfsaðilum sem kaupa stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis verði áfram eign fyrirtækisins, þ.m.t. samskiptaupplýsingar. Þú samþykkir að ef þú leggur af samstarfsreikning vörumerkis þíns munir þú: (i) umsvifalaust senda aftur til fyrirtækisins eða eyðileggja slíkar upplýsingar og öll afrit þeirra, og (ii) ekki nýta þessar upplýsingar á nokkurn hátt.

(b) Vegna þess að fyrirtækið hefur veitt þér leyfi til að markaðssetja stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis til samstarfsaðila sinna, samþykkir þú þess vegna hér með, að á meðan þú ert samstarfsaðili vörumerkis og í tvö ár eftir það, munt þú ekki, á neinn hátt, beint eða óbeint, ráða, laða að eða aðstoða neina samstarfsaðila (þ.m.t. neina sem kaupa stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis af þér), til (i) að mynda samstarf við, (ii) auglýsa, selja eða kaupa vörur eða þjónustu þeirra, (iii) taka þátt sem söluaðili hjá (iv) eða taka á annan hátt þátt í fyrirtæki í beinni sölu eða hvetja samstarfsaðila eða viðskiptavinum til að gera það eða til að hætta starfi sínu hjá fyrirtækinu. Þessi skuldbinding varðveitist við lok samningsins.

## 2.12 Gögn

Þú verður að viðhalda nákvæmu heildarbókhaldi með tilliti til allrar sölu á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis, þ.m.t. fjárhagsbókhaldi sem tilgreinir framleiðslukostnað og hagnað af sölu stuðningsefnis og

þjónustu. Að beiðni fyrirtækisins verður þú að hafa þessi gögn aðgengileg til skoðunar af fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að þú farir að stefnum þessum og starfsreglum með tilliti til sölu alls stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis. Þú verður að fara að beiðni fyrirtækisins hvað varðar skoðun á samstarfsreikningi vörumerkis fljótt og í einu og öllu.

## 3 Skráning stuðningsefnis og þjónustu formanna vörumerkis

### 3.1 Umsókn um skráningu

(a) Til þess að skrá stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis, verður þú að senda inn umsókn til skráningar hjá fyrirtækinu og ásamt því að senda inn tillögu að stuðningsefninu og þjónustunni og stuðningsgögn. Umsókn til skráningar felur í sér viðbótarskilmála sem ná yfir framleiðslu þína og dreifingu á stuðningsefninu og þjónustunni. Tilkynning um skráningu sem send er þeim sem sendir umsókn til skráningar mun renna út eftir tvö ár frá því hún var gefin út. Þar til hún rennur út, mun hvers kyns stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis auk þess verða metin sem viðbætur gildandi umsóknar um skráningu sem þegar er í gögnum fyrirtækisins. Þegar tilkynning um skráningu rennur út, verður þú að leggja inn nýja umsókn til skráningar til að halda áfram að nota efni er áður var lagt fram sem stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis eða þegar lagt er fram nýtt stuðningsefni og þjónusta formanna vörumerkis.

(b) Umsókn til skráningar má nálgast hjá vefsetri skrifstofunnar eða með því að hringa í viðskiptastjórnann þinn. Fyrirtækið gæti áskilið sér að þú gerir breytingar á stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis sem þú leggur fram þannig að þú ættir ekki að framleiða mörg eintök efnisins eða leggja út í annan verulegan kostnað þar til þú hefur fengið tilkynningu um skráningu frá fyrirtækinu. Ef þessu er ekki fylgt getur það leitt til þess að þú verðir að eyða afritum stuðningsefnisins eða leggja út í annan ónauðsynlegan kostnað sem verður ekki endurgreiddur af fyrirtækinu.

### 3.2 Viðbótargögn - réttur til endurskoðunar og breytinga

Við móttöku umsóknar til skráningar, mun fyrirtækið fara yfir umsóknina og það sem henni fylgir og veita þér svör um hvað er nauðsynlegt að breyta í stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis sem það telur viðeigandi að eigin geðþótta. Fyrirtækið gæti beðið um viðbótargögn, stuðnings- og lagalegt álit eins og það telur viðeigandi. Fyrirtækið hefur einnig rétt á að skoða stuðningsefnið og þjónustu hvenær sem er, þ.m.t. endurskoðanir eftir að gefin hefur verið út tilkynning um skráningu. Þú verður að veita fyrirtækinu lykilorð og kenni sem kunna að vera nauðsynleg til að fyrirtækið fái aðgang að stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis. Fyrirtækið getur farið fram á, grundvallað að hvaða skoðun sem er, að þú gerir breytingar á stuðningsefninu og þjónustunni eins og fyrirtækið telur viðeigandi að eigin geðþótta. Ef fyrirtækið lætur þig vita um nauðsynlegar breytingar, verður þú

að gera þær umsvifalaust á stuðningsefninu og þjónustunni og er þér þá ekki heimilt að nota lengur, bjóða, selja eða flytja stuðningsefnið og þjónustuna sem ekki hefur verið breytt skv. leiðbeiningum fyrirtækisins.

### 3.3 Umsóknargjöld

Fyrirtækið gæti lagt á sanngjörn gjöld til að skrá stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis.

### 3.4 Tilkynning um skráningu

Að fenginni skoðun á umsókn til skráningar, mun fyrirtækið ákveða hvort gefin er út tilkynning um skráningu með tilliti til stuðningsefnis og þjónustu samstarfsaðila vörumerkis sem umsóknin nær yfir. Fyrirtækið hefur rétt á að taka þessa ákvörðun að eigin geðþótta og hefur ekki lengur skyldu til að gefa út tilkynningu um skráningu fyrir umsókn til skráningar og gæti hafnað útgáfu tilkynningar um skráningu að eigin geðþótta. Í því tilfalli máttu ekki nota, bjóða, selja eða flytja stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis sem falla undir umsókn þína til skráningar. Ef fyrirtækið ákveður að gefa út tilkynningu um skráningu, mun það afhenda þér tilkynningu um skráningu á heimilisfangið sem ritað er á umsóknina.

### 3.5 Endurnýjun skráningar - ógilding

(a) Tilkynning um skráningu mun segja til um hvenær hún muni renna út. Þú mátt ekki nota, bjóða, selja eða flytja neitt stuðningsefni og þjónustu sem tilkynningin um skráningu fyrir hefur runnið út, nema að þú hafir lagt efnið fram á ný til skráningar og hafir fengið nýja tilkynningu um skráningu frá fyrirtækinu um stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis. Efnið sem þú óskar eftir að endurnýja verður lagt fram sem hluti af gildandi umsókn til skráningar sem liggur frammi hjá fyrirtækinu og meðhöndluð á sama hátt. Ef umsókn þín um skráningu er runnin út, verður þú að leggja fram nýja umsókn til skráningar ásamt því stuðningsefni og þjónustu sem þú óskar að endurnýja.

(b) Þótt eitthvað mæli gegn því í stefnum þessum og starfsreglum, áskilur fyrirtækið sér rétt til að ógilda og draga til baka tilkynningu um skráningu hvenær sem er, að eigin geðþótta. Ef tilkynning um skráningu er afturkölluð, verður þú umsvifalaust að hætta notkun eða dreifingu á hinu tiltekna stuðningsefni og þjónustu formanna vörumerkis. Fyrirtækið er ekki ábyrgt fyrir og mun ekki endurgreiða þér neinn kostnað sem þú hefur lagt út við framleiðslu á stuðningsefni og þjónustu sem fjallað er um í afturkallaðri tilkynningu um skráningu.